


ÁRSSKÝRSLA

2018

+

STARFSÁÆTLUN

2019 og 2020



Menningarhúsin

í

Kópavogi



Kópavogsbær

kopavogur.is

- [Ritstjóri](#)
- Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála
- [Ábyrgðarmaður](#)
- Páll Magnússon, bæjarritari Kópavogs
- [Samantekt og samræming](#)
- Ingibjörg Gréta Gísladóttir
- [Umbrot](#)
- Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir)

Forsíða: Salurinn
Ljósmyndari: Axel Sigurðarson

ISSN 2547-7773

Útgefið september 2019

Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns menningarmála	4
Menningarmál	5
Menningarstefna	7
Kópavogur – metnaðarfullur menningarbær	11
Samstarf	12
Stefnumörkun	13
Miðlæg menningarstarfsemi	14
Framkvæmdir	14
Lista- og menningarráð	16
Framlag til menningarmála	16
Styrkir 2019	18
Bæjarlistamaður Kópavogs	19
Rekstur og mannauðsmál	21
Fjárhagsáætlun 2019	23
Mannauðsmál	24
Viðburðir, fræðsla og kynning	27
Viðburðir	28
Önnur dagskrá	35
Viðburðadagatal	39

Stofnanir sviðsins

Bókasafn Kópavogs	45
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs	57
Héraðsskjalasafn Kópavogs	73
Náttúrufræðistofa Kópavogs	81
Salurinn	91

ÁVARP FORSTÖÐUMANNNS MENNINGARMÁLA

Menningarlífið í Kópavogi er á mikilli siglingu sem helst má merkja á aukinni aðsókn, fjölgun viðburða og jákvæðri umfjöllun. Þannig fjölgaði gestum Menningarhúsanna um 10.000 á milli ára og voru 240.000 árið 2018. Þar af voru 17.529 gestir sem sóttu viðburði sem skipulagðir voru þvert á Menningarhúsin og fjöldi leikskóla- og grunnskólanema í skipulögðum heimsóknnum var 7.750. Alls buðu Menningarhúsin upp á 1.132 viðburði árið 2018, eða rúmlega þrjá viðburði á dag sé þeim deilt niður á alla daga ársins. Þjónustukönnun Gallup sem framkvæmd var kringum áramótin 2018–2019 meðal nítján sveitarfélaga á landinu leiddi í ljós að Kópavogsbúar voru ánægðastir allra á landinu þegar litið er til menningarmála innan byggðarlaga og er þetta í fyrsta sinn sem Kópavogsbæ hlotnast sá sess.

Almennt ríkir mikil starfsánægja innan sviðsins sem lýsir sér m.a. í lítilli starfsmannaveltu og gríðarlegum áhuga á störfum sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Starfsfólkið er verðmætasti auður starfseminnar og hefur það lagt sig fram um að efla ásýnd Menningarhúsanna með metnaði og ötulli starfsemi. Er því fyrst og fremst þakkaður sá árangur sem náðst hefur.

Enn eru mörg sóknarfæri fyrir starfsemina, meðal annars aukið samstarf við systurstofnanir á Norðurlöndum og sér í lagi meðal vinabæja Kópavogs. Salurinn hóf árið 2019 norrænt samstarf með raphátíð og í undirbúningi er spennandi samstarf við samherja í Tampere í Finnlandi.

Auk velgengni málaflokksins sem áður hefur verið nefnd var það forstöðumönnum húsanna mikið fagnaðarefni að hljóta aukafjármagn til að standa straum af umfangsmiklum og tímabærum breytingum og endurnýjun búnaðar, en um eitt hundrað milljónir voru veittar aukalega til málaflokksins árið 2019 í því skyni. Heildstæð ársskýrsla og starfsáætlun fyrir málaflokk menningar var í fyrsta sinn gefin út sumarið 2018 og er hún nú gefin út öðru sinni. Skýrslunni er ætlað að fanga menningarstarfsemi Kópavogsbæjar hverju sinni, líta yfir farinn veg og setja mælanleg og raunhæf markmið næstu misserin.

Soffía Karlsdóttir


forstöðumaður menningarmála Kópavogs

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Hlutverk menningarmálaflokks Kópavogsbæjar

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

MENNINGARMÁL



Lista- og menningarráð

Lista- og menningarráð fer með og mótar menningarstefnu bæjarins. Ráðið er kosið af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabils og veitir faglega ráðgjöf í menningarmálum.

Kjörnir

- D Karen Elísabet Halldórsdóttir formaður
- Æ Auður Sigrúnardóttir
- D Guðmundur Gísli Geirdal
- B Páll Marís Pálsson
- S Þórunn Sigurðardóttir
- P Vigdís Ásgeirsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Til vara

- Æ Bergþór Skúlason
- B Björg Baldursdóttir
- P Hákon Helgi Leifsson
- D Margrét Friðriksdóttir
- S Þóra Marteinsdóttir
- D Örn Thorstensen

Forstöðumaður menningarmála er Soffía Karlsdóttir en við yfirstjórn menningarmála starfa auk hennar verkefnastjórnarnir Ólöf Breiðfjörð, Hrafnhildur Gissurardóttir (til 31. júlí 2019) og Íris María Stefánsdóttir (frá 1. september 2019).

- B Framsóknarflokkurinn
- D Sjálfstæðisflokkurinn
- P Píratar
- S Samfylkingin
- V Vinstrihreyfingin – grænt framboð
- Æ Björt framtíð



MENNINGARSTEFNA

Menningarstefna Kópavogsbæjar var samþykkt í maí 2015 og nær til alls lista- og menningarstarfs á vegum bæjarins og þar með Menningarhúsanna. Stefnunni er ætlað að skerpa sýn og hlutverk menningarstarfs í bænum, stuðla að markvissari ákvörðunum og betri nýtingu fjármagns. Tilgangur hennar er meðal annars að auka lífsgæði bæjarbúa, styrkja bæjarbrag og laða að nýja íbúa, en einnig innlenda sem erlenda gesti. Aðgerðaáætlun sem fylgir stefnunni er jafnan yfirfarin.

Átta lykilviðfangsefni, markmið og leiðir til að ná þeim.

- * Að vekja athygli á menningarstarfi í Kópavogi
- * Að nýta betur tækifærin sem felast í nálægð menningarhúsa
- * Að efla næsta nágrenni
- * Að sækja á ný mið
- * Að efla tengingar og samtal við grasrótina
- * Að tengjast skólastarfi í bænum
- * Að móta sér sérstöðu
- * Að samnýta starfskrafta betur

Tilgangur menningarstarfsins í Kópavogi er að auka lífsgæði Kópavogsbúa á öllum aldri með fjölbreyttu menningar- og listalífi, fræðslu og miðlun. Lögð er áhersla á að þróa og bjóða viðburði og upplifun sem ekki er að finna annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og er það því hrein viðbót við þá menningarflóru sem í boði er.

Hjarta menningarstarfs bæjarins er í Menningarhúsunum sem reist hafa verið af miklum myndarskap við Hamraborgina. Samspil og nálægð húsanna gefur kost á rekstrarlegri samlegð með aukinni samvinnu starfsmanna og sameiginlegri markaðssetningu þvert á húsin og listgreinar. Með þessi orð að leiðarljósi hefur verið hlúð að menningarstarfi bæjarins og markmið og leiðir að stefnunni hafa varðað starfsemina.

Í stefnunni er gert ráð fyrir að unnið sé að fjölbreyttum markmiðum sem mörg hver hafa náðst, m.a. sameiginleg vefsíða og nýjar vefsíður hvers Menningarhúss fyrir sig sem voru teknar í notkun í maí 2018. Kynningarmál eru í stöðugri endurskoðun með það fyrir augum að nýta fjármuni sem best, t.d. með því að draga úr prentun en færa kynningu í bæjarblöðin nær íbúum. Um mitt ár 2019 var auglýst eftir markaðs- og kynningarstjóra fyrir menningarhúsin og menningarmálaflokkinn í heild sinni, en kynningar- og markaðsmálin hafa verið helsti veikleiki málaflokksins. Vonir eru bundnar við að með því móti auðnist starfsfólki að draga enn betur fram hið öfluga menningarstarf sem fram fer í bæjarfélaginu og stuðla auk þess að meiri þátttöku innlendra jafnt sem erlendra gesta í viðburðum og heimsóknnum í húsin.

Á árunum 2019 og 2020 er stefnt að því að endurskoða menningarstefnu Kópavogs í ljósi stefnumótunarvinnu Kópavogsbæjar í tengslum við innleiðingu heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Menningarstefna

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019





KÓPAVOGUR – METNAÐARFULLUR MENNINGARBÆR

Menningarstarf í Kópavogi stendur á gömlum merg og fer að miklu leyti fram í fimm Menningarhúsum sem standa í námunda hvert við annað. Styrkur menningarstarfsins felst meðal annars í þessari nálægð en óvíða hér á landi er að finna slíkan menningarkjarna. Að auki endurspeglast metnaður bæjarfélagsins á sviði menningarmála í byggingunum sjálfum, sem voru langflestar reistar til þess að hýsa menningarstarfseminum sem þar fer fram.

Menningarlífið í Kópavogi er í miklum blóma sem glögggt má merkja í stóru aukningu aðsóknar að Menningarhúsunum, vexti í viðburðum og þátttöku nýrra gesta á milli ára:

- * um 20% aukning í fjölmiðlaumfjöllun
- * um 34% aukning í viðburðum Menningarhúsanna
- * um 10.000 fleiri gestir, samtals um 240.000 gestir

Þennan mikla vöxt í gestaheimsóknum og viðburðafjölda má þakka vel samstilltum hópi starfsmanna Menningarhúsanna, sem stefnir á enn metnaðarfullri dagskrá á næstu misserum. Tilgangur samantektarinnar sem hér fer á eftir er annars vegar að veita yfirsýn yfir viðtæka menningarstarfsemi Kópavogsbæjar sem fram fór árið 2018 og hins vegar er þar að finna starfsáætlun fyrir málaflökkinn árin 2019 og 2020.

Samstarf

Sumarið 2018 hófst samstarfsátak menningarmála-flokksins með almannatengli bæjarins, forstöðumanni sundlauga og sóknarpresti Kópavogskirkju gagnvart erlendum ferðamönnum undir heitinu *Culture Hill*. Verkefnið var unnið undir merkjum og í samstarfi við Reykjavík Loves, samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfsaðilarnir gáfu út lítinn bækling sem dreift var m.a. á Upplýsingamiðstöð Reykjavíkurborgar og þrátt fyrir að ekki liggi fyrir nákvæmar mælingar urðu starfsmenn varir við aukningu ferðamanna á svæðinu. Vorið 2019 var afráðið að halda þessu samstarfi áfram, bragarbót var gerð á bæklingi, veitingastaðurinn Pure Deli í Gerðarsafni bættist við og einnig hófst samtal við Markaðsstofu Kópavogs. Dreifing bæklinganna var með öðru sniði sumarið 2019 þar sem Upplýsingamiðstöð borgarinnar var lögð niður. Vonir eru bundnar við að þessi vísir eigi eftir að vaxa og dafna sér í lagi með ráðningu nýs markaðs- og kynningarstjóra.

Þverfaglegt samstarf um hátíðir, barnamenningu, menningar- og dægurviðburði auk kynningar- og markaðsmála er einnig á ábyrgð forstöðumanns menningarmála. Menningarstofnanir bæjarins starfa samkvæmt samþykktum Kópavogsbæjar og viðeigandi lögum og reglugerðum. Málaflokkurinn hefur jafnframt, fyrir hönd Kópavogsbæjar, umsjón með samstarfsvettvangi Leikfélags Kópavogs og hópum og einstaklingum sem þiggja framlög úr sjóðum Lista- og menningarráðs. Forstöðumaður menningarmála sér um samninga, styrki og samskipti vegna þeirra málefna sem lúta að lista- og menningarlífi í Kópavogi og er bæjaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir hann heyrir.

Í undirbúningi er jafnframt samstarf við velferðarsvið Kópavogs um að bæta aðgengi skjólstæðinga þess í Menningarhúsin.

Forstöðumaður menningarmála ber ábyrgð á rekstri og framkvæmd allra menningarmála sem heyra undir Kópavogsbæ og veitir faglega ráðgjöf um málefni sem lúta að menningarlegri upplifun. Forstöðumaður er einnig ábyrgur fyrir rekstri og starfsemi Bókasafns Kópavogs, Gerðarsafns, Héraðs-skjalasafns Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Salarins, en hvert hús um sig hefur sinn forstöðumann sem ber ábyrgð á því gagnvart forstöðumanni menningarmála.

Stefnumörkun

Ný verkefnastjórnastaða varð til undir yfirstjórn málaflokksins með tilflutningi starfsmanna innan Menningarhúsanna. Það stöðugildi mun frá 1. september 2019 breytast í stöðu kynningar- og markaðsstjóra.

Yfirstjórn menningarmála starfar í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar og mótast af forgangsröðun í verkefnum hennar. Árið 2017 var lagður grunnur að fjölmennarlegu samstarfi innan málaflokksins og á næstu misserum er stefnt að því að flétta atriði úr jafnréttis- og mannréttinda-stefnu Kópavogs inn í starfsáætlun menningarmála-flokksins. Þar verður lögð áhersla á að allir fái notið mannréttinda og að tryggt sé að fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu sem menningarstofnanir bæjarins bjóða upp á. Enn fremur að mennta- og æskulýðsstarf taki mið af þörfum barna fólks af erlendum uppruna og að þau fái notið framboðs bæjarfélagsins til jafns við önnur börn. Fjölbreytni og margbreytileiki samfélagsins verða þannig mikilvægur þáttur í menningarstarfi bæjarins þar sem áhersla verður lögð á að börnum og ungmennum gefist tækifæri til að kynna heimamenningu sína og móðurmál.

Undanfarin misseri hefur Bókasafn Kópavogs unnið með Rauða krossinum að stuðningi við fólk með annað móðurmál og verður því starfi viðhaldið. Verkefnið hlaut viðurkenningu Jafnréttis- og mannréttindaráðs Kópavogs í ársbyrjun 2018 og var Menningarhúsunum mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Í ársbyrjun 2019 hlutu Menningarhúsin 1,6 milljóna króna styrk úr nýjum Barnamenningarsjóði forsætisráðuneytisins til tíma-bundinnar ráðningar verkefnastjóra sem fara á með málaflokk sem snýr að fjölmennarlegum viðburðum fyrir fjölskyldur í öllum Menningarhúsunum. Árið 2018 var lögð rík áhersla á að móta enn frekar hið fjölmennarlega starf Menningarhúsanna með góðum árangri. Vonir eru bundnar við öflugt starf á þessu sviði á næstu misserum en safnaráð hefur einnig styrkt verkefnið með átta-hundruð þúsund króna framlagi sem nýtt verður árið 2019. Mikill áhugi hefur verið á betri nýtingu og fegrun útivistarsvæðis við Menningarhúsin. Sumarið 2018 var þar settur upp ærslabelgur, við miklar vinsældir yngri kynslóðarinnar og hefur mikið líf sprottið upp á svæðinu í kringum það. Sumarið 2019 stendur til að koma þar fyrir klifurgrind og undirbúningur mun hefjast við gerð gosbrunnis. Þá hefur úti-svæðið við Gerðarsafn og Pure Deli tekið miklum stakkaskiptum, með nýjum blómakerjum og fallegum útihúsgögnum.

Miðlæg menningarstarfsemi

Frumsköpun, drifkraftur og aukið samstarf voru einkennandi fyrir starfsemi Menningarhúsa Kópavogs árið 2018. Um mitt ár 2018 var sett á laggirnar viðburða- og kynningarteymi sem hittist hálfsmánaðarlega en það er samsett af fulltrúum frá hverju Menningarhúsi undir stjórn verkefnastjóra barnamenningar og kynningarmála. Ljóst er að mikil þörf var á þessu samráði en teymið gerði það einnig að verkum að starfsmenn þéttu raðirnar og fundu meiri skilning á starfi hvers Menningarhúss.

Áherslum í kynningar- og markaðsmálum var breytt á árinu en dregið var úr útgáfu á prentuðu efni vegna umhverfissjónarmiða og vegna þess að óljóst þótti hver virkni þess var. Í staðinn var lögð áhersla á að tala betur við nærumhverfið með kynningum og auglýsingum í héraðsfréttablöðum, með kostuðu efni á samfélagsmiðlum og reglubundnum auglýsingum í samlesnum auglýsingum RÚV. Í byrjun árs 2018 var gerð tilraun með áhrifavaldamarkaðssetningu á Fjölskyldustundum á laugardögum og fjölmargir starfsmenn málaflokksins sóttu námskeið Hugsmiðjunnar um hagnýta notkun Facebook.

Framkvæmdir

Ráðist var í margar stórfamkvæmdir innan Menningarhúsanna árið 2018. Salurinn uppfærði ljósabúnað og hátækni-mynddreifibúnað í ársbyrjun 2018. Með því var verið að mæta mikilli eftirspurn og meiri kröfum sem gerðar eru til sala sem leigðir eru út til ýmissa viðburða en mikil aukning hefur verið á eftirspurn eftir Salnum fyrir ólíka viðburði. Á fjárhagsáætlun 2019 var samþykkt að veita um 25 milljónum í endurnýjun á hljóðkerfi í Salnum og er búist við að vali og uppsetningu ljúki í árslok 2019. Salurinn bryddaði upp á nýjungum í dagskrá sinni í tilefni 20 ára afmælis 2019 sem fólst meðal annars í nýrri sumardjass-tónleikaröð.

Stöðugt er unnið að viðhaldi fasteigna Menningarhúsanna og rýmum breytt til að þau standist tímans tönn, til að mæta nýjum kröfum og endurnýja það sem úrelt er. Sýningagangur Náttúrufræðistofu var endurnýjaður árið 2017 og hlaut safnið einnig 7,5 milljónir á fjárhagsáætlun 2019 til að halda áfram þeirri vinnu. Árið 2019 er stefnt að því að leggja nýtt gólfefni og breyta og opna anddyri Náttúrufræðistofu og Bókasafnsins á fyrstu hæð hússins fyrir árslok 2019, en alls voru veittar tæpar 10 milljónir til þeirra framkvæmda á fjárhagsáætlun 2019.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Kópavogur – metnaðarfullur menningarbær

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Bókasafnið stórbætti aðstöðu fyrir unglinga árið 2018, og hefur verið að fjölga sjálfsafgreiðsluvélum. Bókasafnið hlaut aukafjárveitingu sem nemur rúmum sex milljónum króna á fjárhagsáætlun 2019 til að mæta kostnaði vegna nýrrar afgreiðslu og betri aðstöðu fyrir gesti á annarri hæð og einnig til að breyta og uppfæra vinnusvæði starfsmanna á þriðju hæð og bæta um leið við aukasal fyrir gesti.

Héraðsskjalasafn stóð í ströngu við að taka á móti gögnum vegna flutninga bæjarskrifstofu og annarra sviða bæjarins. Safninu barst nýr liðsmaður frá 1. janúar 2018 en er honum ætlað að vinna með ljósmyndagrunn bæjarfélagsins, samfélagsmiðla og að öðrum verkefnum.

Í Gerðarsafni urðu forstöðumannaskipti árið 2019 þegar Kristín Dagmar Jóhannesdóttir sagði upp störfum í lok febrúar og nýr forstöðumaður, Jóna Hlíf Halldórsdóttir var ráðin og hóf störf 1. ágúst sama ár. Í kjölfarið var sýningarrými á jarðhæð endurheimt, milliveggur rifinn niður og skrifstofur fluttar í sitt upprunalega rými. Þar var eftirlitsvélum fjölgað og öryggi einnig bætt. Á fjárhagsáætlun 2019 var samþykkt að veita 50 milljónum króna til að endurnýja ljósabúnað í Gerðarsafni sem orðinn er úreltur. Í maí 2019 samþykkti bæjarráð að undangengnu samþykki Lista- og menningarráðs þóknun til listamanna sem hefur verið baráttumál íslenskra myndlistarmanna undanfarin misseri.

Safnaráð veitti styrk til Gerðarsafns til úttektar á útilistaverkum innan bæjarmarka Kópavogsbæjar með það í huga að ráðast í lagfæringar ef þurfa þykir og einnig að kortleggja hvar fjölga mætti útilistaverkum í bæjarfélaginu. Undir lok árs 2019 samþykkti Lista- og menningarráð að styrkja gerð útilistaverks eftir Theresu Himmer á stóra bogaveggnum á Hálsatorgi við bæjarskrifstofurnar að Digranesvegi 1. Val á listaverki fór fram að höfðu samráði við ráðgjafanefnd Gerðarsafns. Verkið ber nafnið Sólarlóð og var afhjúpað formlega 12. júlí 2019.

Í byrjun árs 2018 var kveikt í fyrsta sinn á nýjum tölvustýrðum hátækniljósabúnaði undir viðarklæðningu Salarins, Bókasafnsins og Náttúrufræðistofu auk þess sem tölvustýrðir kastarar voru settir upp á staur á mitt útsvæði Menningarhúsanna. Einnig var lýsing í tröppum milli Bókasafnsins og Tónlistarskólans aukin. Er þetta til mikilla bóta yfir svartasta skammdegið og gefur ennfremur kærkomið tækifæri til að leika sér með fjölbreytta lýsingarmöguleika á hátíðarstundum. Til samræmis var gætt að því að lagfæra götulytingu í kringum húsin. Við sama tækifæri var útilýsing við inngang Salarins endurnýjuð.

Nánar verður vikið að helstu verkefnum Menningarhúsanna í sérköflum síðar í ársskýrslunni.

Lista- og menningarráð

Lista- og menningarráð fer með og mótar menningarstefnu bæjarins, samkvæmt erindisbréfi. Ráðið er kosið af bæjarstjórn í upphafi kjörtímabils og veitir faglega ráðgjöf í málaflokknum. Ráðið sér jafnframt um árlega útnefningu bæjarlistamanns og heiðurslistamanns þegar það á við og úthlutar styrkjum úr Lista- og menningarsjóði samkvæmt þeim reglum sem það hefur sett sér og samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Fundir ráðsins árið 2018 voru 15 talsins.

Ráðstöfunarsjóður Lista- og menningarráðs hækkaði lítillega á milli árána 2018 og 2019. Í fjárhagsáætlun 2019 var lögð áhersla á að skilgreina og áætla fasta kostnaðarliði úr sjóðum ráðsins til að standa straum af reglubundnum viðburðum og hátíðum Menningarhúsanna og var fjármagn til þeirra liða aukið lítillega á milli ára.

Framlag til menningarmála

Lista- og menningarráð hefur það að markmiði að efla menningarlíf í Kópavogi og starfa í anda menningarstefnu bæjarins. Það gerir ráðið með því að styrkja metnaðarfullt menningarstarf sem höfðar bæði til fullorðinna og barna og styður við fjölmargar listgreinar og starf stærri og smærri lista- og menningarhópa. Lista- og menningarráð hefur yfir að ráða menningarsjóði sem ætlaður er til listrænnar februnar bæjarins, kaupa á listaverkum, útnefningar heiðurslistamanns, launa bæjarlistamanns Kópavogs og ljóðahátíðarinnar Ljóðstafur Jóns úr Vör. Þá skulu a.m.k. 40% af tekjum sjóðsins renna árlega til styrkveitinga til einstaklinga, hópa og stofnana. Styrkúthlutanir eru árlegar en einnig er unnt að sækja um skyndistyrki. Við mat á umsóknum skal menningarstefna Kópavogs höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta við úthlutanir úr sjóðnum:

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

- * Listræns mats á verkefninu og faglegri hæfni aðstandenda.
- * Verkefna sem fela í sér frumsköpun eða frumflutning.
- * Leitast er við að hafa ákveðna endurnýjun eða nýliðun styrkþega að leiðarljósi.
- * Hvernig verkefnið/starfsemin auðgar menningarlífið í Kópavogi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- * Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- * Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, skýrleika og sýnar umsækjenda og faglegra vinnubragða.

Þann 31. janúar 2019 fór fram í Gerðarsafni úthlutun úr sjóðnum vegna umsókna sem bárust árið 2018. Sextíu og fimm umsóknir bárust Lista- og menningarráði Kópavogs í sjóð sem ráðið úthlutar úr árlega. Um er að ræða 50% aukningu umsókna frá árinu áður. Alls hlutu tuttugu umsækjendur styrk úr sjóðnum, en sjóðurinn hefur yfir að ráða um 63 milljónum króna. Markmið styrkjanna er að stuðla að eflingu menningar- og listalífs í Kópavogi.

Hæsti styrkur ráðsins, 4,5 milljónir króna, kom í hlut Midpunkts, listamannarýmis sem nýlega var opnað við Hamraborg, en rekstraraðilar þess hafa skipulagt metnaðarfulla sýninga- og viðburðadagskrá fram til febrúar 2020. Þá samþykkti lista- og menningarráð að kaupa vegglistaverk eftir Theresu Himmer sem sett var upp á Hálsatorgi við Digranesveg.

Kópavogur – metnaðarfullur menningarbær

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Aðrir sem hlutu styrk á bilinu 600.000 til 900.000 kr. voru þessir:

Garðurinn, afmællissýning Gerðarsafns, Tónleikaröð kennara við Tónlistarskóla Kópavogs og rithöfundaheimsóknir og teikningasýning í Bókasafni Kópavogs.

Styrki á bilinu 300.000 til 500.000 kr. hlutu:

Da Capo, viðtalstónleikaröð Gunnars Guðbjörnssonar í Salnum, Jazztónleikaröð Sunnu Gunnlaugsdóttur í Salum, Sumartónleikaröð Salarins í tilefni af 20 ára afmæli Salarins og Reynir Hauksson vegna flamengotónleika og heimsókna í grunnskóla Kópavogs.

Styrkir sem námu undir 250.000 kr. komu í hlut:


Sigurrósar Guðbjargar Björnsdóttur, félagasamtakanna in Projekt Polska, kammer-tónlistarhópsins Camerartica, Hannesar Þ. Guðrúnarsonar og Töframáttar tónlistar.

Auk þess hlutu ýmsir menningarhópar sem starfa innan bæjarins starfsstyrki fyrir árin 2019 og 2020, sem nema á bilinu 100.000 til 250.000 kr., hvort árið um sig. Þetta eru ljóðahópurinn Gjábakka, Sögufélag Kópavogs, Kvinnakór Kópavogs og Ritlistarhópur Kópavogs.

Úr sjóði Lista- og menningarráðs var einnig veitt 3,5 milljónum króna til listaverkakaupa Gerðarsafns sem var samþykkt árið 2017 að veita árlega til og með árinu 2019, 3,5 milljónum króna til Tíbrár, tónleikaraðar Salarins og 1,7 milljónum króna til ljóðahátíðar sem kennd er við Jón úr Vör.

Árið 2017 undirritaði Lista- og menningarráð einnig þriggja ára samning við Leikfélag Kópavogs sem felur í sér árlegan styrk að upphæð 3,2 milljónir króna. Þá veitir Lista- og menningarráð bæjarlistamanni árlega styrk að upphæð kr. 1,5 milljónir.

Í anda menningarstefnu Kópavogsbæjar styður ráðið enn fremur eflingu viðburðadagskrár Menningarhúsanna í Kópavogi með 9,6 milljóna króna framlagi. Þær hátíðir og þeir viðburðir sem fengu styrk eru: Fjölskyldustundir, Barnamenningarhátíð, Safnanótt, Menning á miðvikudögum, Aðventuhátíð og Menning fyrir alla sem er heiti á skipulagðri fræðsludagskrá fyrir nemendur í leik- og grunnskólum sem boðið eru upp á í öllum Menningarhúsunum. Ráðið hefur einnig úthlutað um 9,2 milljónum króna til 17. júní dagskrár bæjarins.



Styrkir 2019

A	15%	17. júní hátíðarhöld	<u>9.200.000</u>
B	6%	Gerðarsafn, listaverkakaup	<u>3.500.000</u>
C	6%	Tíbrá tónleikaröð & Tónverkasmíðja	<u>3.500.000</u>
D	5%	Fjölskyldustundir á laugardögum	<u>3.000.000</u>
E	4%	Barnamenningarhátíð	<u>2.500.000</u>
F	4%	Safnanótt	<u>2.500.000</u>
G	3%	Bæjarlistamaður	<u>1.800.000</u>
H	3%	Jón úr Vör, ljóðahátíð	<u>1.700.000</u>
I	2%	Menning fyrir alla, skólaheimsóknir	<u>1.250.000</u>
J	2%	Menning á miðvikudögum	<u>1.200.000</u>
K	1%	Aðventuhátíð	<u>600.000</u>
L	1%	Gerðarsafn - sýningin Garðurinn	<u>833.976</u>
M	1%	Bókasafn - Fjölmennningarverkefni, rithöfunda- og teikningasýning	<u>600.000</u>
N	1%	Salurinn, Sumartónleikaröð	<u>500.000</u>
O	20%	Leikfélag Kópavogs	<u>12.349.598</u>
P	2%	Starfsstyrkir 2019	<u>1.250.000</u>
Q	7%	Midpunkt, listamannarými	<u>4.500.000</u>
R	6%	Theresa Himmer, útilistaverk	<u>3.586.000</u>
S	6%	Aðrir styrkir	<u>3.485.000</u>
T	6%	Óúthlutað	<u>3.547.653</u>

Bæjarlistamaður Kópavogs

Þann 24. maí 2018 var Stefán Hilmarsson valinn bæjarlistamaður Kópavogs árið 2018.

Framlag Stefáns Hilmarssonar var með margvíslegum hætti. Við athendingarathöfnina flutti hann nokkur lög fyrir viðstadda en hápunktur ársins var þegar hann bauð eldri borgurum í Kópavogi til ókeypis tónleika í Salnum sem voru mjög vel sóttir og góður rómur gerður að. Á Barnamenningarhátíð í apríl 2018 bauð Stefán upp á tónleikadagskrá í Gerðarsafni þar sem hann flutti dagskrá með þekktum lögum sem hann hafði æft með börnum úr Tónlistarskóla Kópavogs.



Kópavogur – metnaðarfullur menningarbær

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Auglýst var eftir umsóknum og ábendingum um nýjan bæjarlistamann 2019 í mars sama ár og varð Ragna Fróðadóttir textílhönnuður og myndlistarmaður þess heiðurs aðnjótandi. Sem bæjarlistamaður mun hún vinna í samvinnu við Menningarhúsin í Kópavogi að verkefnum og viðburðum sem tengjast textíl- og umhverfissjónarmiðum.



REKSTUR OG MANNAUÐSMÁL

Innan málaflokksins er lögð áhersla á hagkvæmni í rekstri á sama tíma og leitast er við að uppfylla metnaðarfull markmið menningarstefnunnar. Launakostnaður nemur rétt rúmlega 50% af rekstrargjöldum ársins og innri leiga um 20%. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna lánskírteina haldi áfram að lækka eins og verið hefur á undanförunum árum. Um óverulega vörusölu er að ræða í Menningarhúsunum en vonir standa til að hún aukist ef unnt verður að koma upp safnverslun í Gerðarsafni. Tekjur af aðgangseyri voru um 0,4% af tekjum sviðsins. Samkvæmt áætlun verður Salurinn áfram með um 20% hlutdeild af tekjum málaflokksins en Bókasafnið rétt tæplega 7% hlutdeild. Um 84,4% af fjárhagsramma málaflokksins árið 2019 er varið til rekstrar stofnana sviðsins.

Fjármál

Frumvarp 2019 (í þús.kr.)


Tekjur

Rekstrartekjur	185.390
Rekstrartekjur samtals	185.390

Gjöld


Laun og launatengd gjöld	351.032
Annar rekstrarkostnaður	529.756
Rekstrargjöld samtals	880.788
Rekstrarniðurstaða	-695.398

Stofnanir sviðs
– skipting tekna



A	7%	Bókasafn Kópavogs
B	1%	Lindasafn
C	59%	Safnahús sameiginlegt
D	1%	Héraðsskjalasafn
E	10%	Náttúrufræðistofa
F	4%	Gerðarsafn
G	20%	Salurinn

Stofnanir sviðs
– skipting rekstrar



A	12%	Menningarmál yfirstjórn
B	29%	Bókasafn Kópavogs
C	5%	Lindasafn
D	8%	Héraðsskjalasafn
E	10%	Náttúrufræðistofa
F	18%	Gerðarsafn
G	8%	Lista- og menningarráð
H	2%	Leikfélög
I	7%	Salurinn

Fjárhagsáætlun 2019

	Rekstrar- niðurstaða		Áætlun 2019				
	2017	2018	Tekjur	Laun og lt. gj.	Annar rekstrarkostn.	Rekstrar- niðurstaða	
Menningarmál yfirstjórn	05011	35.238.927	44.500.434	0	35.629.959	45.710.490	81.340.449
Bókasafn Kópavogs	05211	177.826.375	185.587.900	-12.735.000	113.205.081	95.054.552	195.524.633
Lindasafn	05212	19.234.352	20.564.128	-950.000	18.091.921	16.635.407	33.777.328
Safnahús sameiginlegt	05230	0	-1	-109.045.119	500.000	108.545.119	0
Héraðsskjalasafn	05311	44.295.287	46.593.168	-855.000	33.573.926	19.274.598	51.993.524
Tónlistarsafn Íslands	05321	25.337.394	9.371	0	0	0	0
Náttúrufræðistofa	05351	67.293.630	68.440.895	-17.723.667	55.536.367	32.233.683	70.046.383
Gerðarsafn	05511	106.925.883	111.284.511	-7.824.000	40.385.883	90.232.899	122.794.782
Listasafn kaffitería	05512	0	2.171.162	0	0	0	0
Lista- og menningarráð	05812	33.336.904	52.616.456	0	6.591.999	49.052.629	55.644.628
Leikfélög	05814	9.741.483	9.568.798	0	0	12.349.598	12.349.598
Salurinn	03500	44.500.434	53.001.126	-36.256.771	47.517.227	36.746.212	48.006.668
		563.730.669	590.015.223	-185.389.557	351.032.363	505.835.187	671.477.993

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Rekstur og mannauðsmál

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Mannauðsmál

Hjá Menningarhúsum Kópavogsbæjar starfar öflugur og hæfileikaríkur hópur starfsmanna, sem telur 54 manns. Breytingar eru væntanlega innan yfirstjórnar menningarmála síðla árs 2019 þegar markaðs- og kynningarstjóri tekur til starfa og mun vinna við hlið verkefnastjóra barnamenningar og viðburða. Tilgangurinn með breyttum áherslum er að styðja betur við áskoranir og kröfur samtímans um fjölbreytta viðburði og miðlun þeirra. Það er metnaður stjórnenda Menningarhúsanna að hlúa vel að starfsfólki sínu og búa þeim jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að njóta sín í starfi. Mikinn mannauð er að finna innan Menningarhúsanna og er lögð áhersla á að hann fái fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar sem taka mið af áskorunum í starfsumhverfi og niðurstöðum úr starfsmannasamtölum, sem fara fram árlega. Árið 2019 verður unnið að því að efla stjórnendur í hlutverkum sínum og lögð áhersla á að byggja undir menningu sem einkennist af jákvæðum samskiptum, valdeflingu, viðurkenningu og vellíðan starfsmanna. Árið 2019 leggja stjórnendur sérstaka rækt við að tileinka sér góða stjórnunarhætti, sem m.a. fela í sér jákvætt viðhorf til samstarfsmanna, gagnkvæma virðingu, snyrtimennsku, virkt upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar.

Starfsmannafjöldi menningarmálaflokksins

	2018		2019	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
Starfsmenn	49	33,25	55	32,5
Stöðugildi eftir stofnunum				
Bókasafn Kópavogs, aðalsafn	18	13,3	21	12
Bókasafn Kópavogs, Lindasafn	4	1,75	5	1,75
Héraðsskjalasafn	3	3	3	3
Gerðarsafn (rekstur)	7	3	8	4
Náttúrufræðistofa	7	6	6	5,75
Stjórn menningarmála	3	3	4	3
Salurinn	7	3	8	3
Tónlistarsafn Íslands	-	-	-	-

Framtíðarsýn menningarmála

Menningaruppeldi er afar mikilvægur hluti af starfsemi allra Menningarhúsanna og á sama tíma fræðsla og miðlun til fólks á öllum aldri. Að auki er eitt af meginmarkmiðum menningarstefnunnar að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í bæjarfélaginu. Sem annað stærsta bæjarfélag landsins eru skyldur lagðar á herðar bæjarfélagsins og mikilvægt að málaflokkurinn gegni þar ákveðinni forystu. Fáheyrnt er að eitt bæjarfélag státi af svo ólíkum menningarstofnunum sem tengdar eru hver annarri og felast í því fjölmörg tækifæri sem skapa um leið afar mikla sérstöðu ef litið er til höfuðborgarsvæðisins í heild sinni. Menningarhúsasamstæðan rennir styrkum stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf innan bæjarfélagsins og skapar bæjarfélaginu sterka og einstaka ímynd. Nánd menningarhúsanna auk nálægðar þeirra við eina vinsælustu sundlaug landsins, Kópavogslaug, er tækifæri sem hægt er að nýta til að efla ferðabjónustu innan bæjarfélagsins auk þess sem orðspor og vinsældir veitingastaðarins Pure Deli í Gerðarsafni hefur afar jákvæð áhrif á svæðið. Þá má einnig nefna að stutt er í alla útivist og opin svæði í kringum Menningarhúsin sem veitir fjölmörg tækifæri til leiks og náms. Jafnframt verður horft til þess að greina opin svæði innan bæjarins með það fyrir augum að þau megi fegra með útlista- verkum. Menningarstarfsemi Kópavogsbæjar er nú að mestu leyti bundin við miðbæinn en áhugavert væri að skoða önnur svæði í nýrri byggð með það í huga að efla menningarstarf þar.

Samstarf og samráð er lykilatriði innan málaflökksins. Áhersla hefur verið lögð á góða samvinnu milli menningarhúsa bæjarins og einnig á stofnanir og fagsvið innan bæjarfélagsins og annarra hagsmunaaðila. Árið 2018 var stefnt að því að leggja drög að auknu samstarfi við erlendar systurstofnanir og erlenda listamenn. Salurinn hlaut styrk úr PULS sjóði Norðurlandaráðs til að halda rapptónleikahátíð sem fram fór í ársbyrjun 2019 og yfirstjórn menningarmála hlaut Opstart styrk frá sama sjóði til að kanna möguleika á samstarfi við söfn og stofnanir í vinabæjum Kópavogs í Tampere í Finnlandi og

Odense í Danmörku. Eftir heim- sókn þriggja fulltrúa menningarmála til Tampere er í undirbúningi sýning úr hinu vinsæla Múmínálfa- safni sem þar er, og einnig voru lagðar fram hugmyndir að sýningu á verkum Gerðar Helgadóttur og verkum íslenskra samtímalista- manna í sömu borg. Ekki kemur til framkvæmda þessara verkefna fyrr en í fyrsta lagi síðla árs 2020 vegna skuldbindinga Múmínálfa- safnsins. Unnið verður að nánara samstarfi utan landsteinanna. Meðal annars með samstarfi við aðra vinabæi Kópavogs á sviði menningarmála og menningar- hátíða. Starfsemi Menningar- húsanna mun draga dóm af stefnumótunavinnu sem nú stendur yfir í Kópavogi um yfir- markmið bæjarstjórnar Kópavogs sem tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Undirritað samkomu- lag bæjarins við UNICEF er líka leiðarljós í starfsáætlunum málaflökksins. Í starfsáætlun verður enn fremur litið til stuðnings menningarstarfsemi við skjól- stæðinga velferðarsviðs með lýðheilsu- markmið að leiðarljósi. Stöðugt er unnið markvisst og faglega á sviði söfnunar, rannsókna, varðveislu og miðlunar hjá Menningarhúsum bæjarins. Áhersla er lögð á að þau séu opin bæjarbúum og að þeir eigi góðan aðgang að þeim.



VIÐBURÐIR, FRÆÐSLA OG KYNNING

Menningarhúsin í Kópavogi standa sameiginlega fyrir ýmis konar dagskrá allan ársins hring. Má þar nefna *Fjölskyldustundir á laugardögum* og *Menning á miðvikudögum*, viðburði sem húsin skiptast á að halda og snúast um sérfaðg hvers húss fyrir sig. Viðburðaröðin *Menning fyrir alla* er dagskrá fyrir skólahópa og miðar að því að ná öllum nemendum í ákveðnum bekkjardeildum í heimsókn í Menningarhúsin. Dagskráin sem raunar er þvert á hús er í sífelldri þróun en markmiðið með heimsóknunum er ávallt að þjóna nemendum og veita þeim innsýn í fjölbreytt starf Menningarhúsanna; listir og vísindi.

Auk þess standa Menningarhúsin sameiginlega að árvissri dagskrá á *Safnanótt*, *Dögum ljóðsins*, sem er dagskrá tengd Jóni úr Vör, *Barnamenningarhátíð í Kópavogi* og *Aðventuhátíð* auk skipulagðrar dagskrár í vetrarfríum grunnskólanna. Viðburðirnir eru skipulagðir af verkefnastjóra viðburða í nánú samstarfi við forstöðumenn og sérfræðinga Menningarhúsanna. Tilgangur sameiginlegrar dagskrár Menningarhúsanna er að ná til gesta óháð áhugasviði þeirra, en það hefur sýnt sig að gestir sem sækja viðburð í einu menningarhúsi hafa meiri hvata til að sækja viðburði í öðru menningarhúsi.

Árið 2018 tók til starfa sérstakt viðburðateymi sem hefur aukið enn frekar á samheldni og skemmtilegt flæði þvert á hús en einnig hafa gæði viðburða aukist með meiri samvinnu sérfræðinga þvert á svið. Ljóst þykir að aukning hefur orðið á gestatölum og gestir hafa gert sér grein fyrir að áhugasvið þeirra spannar yfir víðara svið en þeir áður gerðu sér grein fyrir.

Öll heimili í Kópavogi fengu heimsendan bækling sem spannaði heildardagskrá Menningarhúsanna. Ljóst þótti að sú tilraun sem gerð var og miðaði að því að hafa dagskrána einungis aðgengilega á rafrænum miðlum hugnaðist ekki gestum. Dagskrár-bæklingurinn var aðgengilegur á heimasíðum, í pappírformi í Menningarhúsunum en jafnframt dreift í hús en áfram birtust mánaðarlega heilsíðuauglýsingar í Kópavogspóstinum þar sem dagskrá hvers mánaðar kom fram. Þá voru áfram lesnar auglýsingar í útvarpi og auglýsingar á Facebook skiluðu jafnframt þeim árangri að gestafjöldi jókst á sameiginlega dagskrárlíði Menningarhúsanna; Fjölskyldustundir á laugardögum og Menningu á miðvikudögum.

Viðburðir

Fullveldisafmælið

Menningarhúsunum var veittur veglegur styrkur frá nefnd sem sett var á laggirnar í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Styrknum var ætlað að kosta átak til að ná til fjölskyldna af erlendum uppruna en Mia I. Georgsdóttir sá um tengsl við fjölskyldur frá Sýrlandi og Marokkó en Anna Story aðstoðaði við að ná til fjölskyldna frá Póllandi. Fjölskyldustundir voru sérstaklega miðaðar við að ná til þessara hópa en þó án þess að útiloka hina reglubundnu gesti sem eru að mestu íslenskar fjölskyldur búsettar í Kópavogi og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Listsmiðjur óháð tungumáli voru haldnar í Gerðarsafni, ljóðasmiðja á Bókasafni og snjalltækjasmíðja um Kötlugosið í Náttúrufræðistofu svo eitthvað sé nefnt. Viðburðum var dreift yfir allt árið 2018 en styrkurinn gerði Menningarhúsunum kleift að dýpka nálgun sína á ýmsum málefnum, s.s. ljóðlist, söng, myndlist sem og að veita fleiri hópum möguleika á að njóta. Viðburðir undir formerkjum fullveldisafmælis voru einnig á dagskrá á Menningu á miðvikudögum en þar héldu meðal annarra Páll Einarsson erindi um Köttlu, Einar Kárason um Sturlungu og Steinunn Kristjánsdóttir um klausturhald á Íslandi. Sýnileiki Menningarhúsanna í Kópavogi varð meiri og án efa fylgdi gæðastimpill samstarfi við nefnd fullveldisafmælisins. Fjöldi gesta á viðburði sem féllu undir dagskrá fullveldisafmælis var 2.180 en 106 manns komu fram á viðburðum sem alls voru 35 talsins.

Menning fyrir alla

Sú tilraun var gerð á skólaárinu 2018–2019 að bjóða ákveðnum bekkjardeildum í heimsókn í eitt Menningarhús í stað tveggja í sömu heimsókn sem áður hafði verið tilfellið. Ákvörðun var tekin um að gera tilraun í þá veru að dýpka heimsóknir nemenda á einn stað í stað þess að stikla á stóru á tveimur stöðum.

Í september var 2. bekkjum boðið að kynnast starfsemi bókasafnsins, í október var 1.–3. bekkjum boðið á óperuna Gilitrutt í Salnum, í október–nóvember voru 6. bekkjar gestir á listahátíðinni Cycle og í október–nóvember voru þrjú þjóðþekktir rithöfundar

fengnir til að taka á mótí 9. bekkjum á Bókasafni Kópavogs. Í janúar–febrúar 2019 fræddust svo 4. bekkjar um rannsóknarverkefni Náttúrufræðistofu. Í febrúar–apríl var svo unnið að verkefnum sem tengdust Barnamenningarhátíð en unglingar í Vatnsendaskóla og leikskólabörn úr fjórum leikskólum unnu að verkefnum sem sýnd voru á hátíðinni.

Í maí komu allir 1. bekkjar í Kópavogi í heimsókn á bókasafnið í því skyni að hvetja þau til dáða í sumarlestrinum. Á næsta skólaári verður aftur horfið til þess að skólahópar fái fræðslu í tveimur Menningarhúsum í hverri heimsókn en það er einróma álit forstöðumanna og starfsfólks að það hafi reynst betur og nemendur fengið sterkari upplifun þótt ef til vill sé ekki gerlegt að fara mjög djúpt í viðfangsefni. Undantekningar tilfelli eru þó heimsókn 1.–3. bekkjar í Salinn og rithöfundahéimsókn 9. bekkja, enda um mjög stóra hópa að ræða í hverri heimsókn.

List fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis bauð nemendum í 5.–7. bekk að sjá sýninguna Hjálmurinn í júní 2018 en hún var sýnd á Listahátíð og voru nemendur mjög áhugasamir. Ánægjulegt er hve samstarf við List fyrir alla hefur gefið góða raun en Menningarhúsin í Kópavogi leggja til húsnæði fyrir sýningar sem verkefnið býður upp á.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Viðburðir, fræðsla og kynning

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Fjölskyldustundir á laugardögum

Viðburðir á hverjum laugardegi hafa fest sig í sessi og með styrk frá afmælisnefnd fullveldisafmælis Íslands gafst færi á að ná til breiðari hóp fólks. Þá voru fjölskyldustundir enn metnaðarfullri en áður og sérfræðingar af fjölbreyttum toga fengnir til að leiða viðburði sem tengjast eftir sem áður grunnstarfsemi hvers húss. Líkt og áður eru fjölskyldustundir ókeypis og fara fram á hverjum laugardegi kl. 13–15 í Gerðarsafni, Bókasafni Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs eða í Salnum en auk þess er dagskrá einu sinni í mánuði á Lindasafni.

Menning á miðvikudögum

Fjölbreytni og gæði viðburða hafa skilað sér en gestir eru meðvitaðir um að þeir eiga erindi á viðburði þvert á hús. Sjá má að fastagestahópur sækir fyrirlestra um náttúruvísindi, tónleika, leiðsagnir um listsýningar, erindi um þjóðhætti, tísku, sagnfræði eða bókmenntir. Á árinu 2018 voru viðburðir tengdir fullveldisafmæli í brennidepli en einnig viðburðir sem tengdust sýningum á bókasafni og Gerðarsafni. Ávallt er þess gætt að þeir sem koma fram séu fagmenn á sínu sviði og hafi verulegt menntunar-, upplifunar- og/eða skemmtanagildi fyrir gesti.

Fjöldi gesta á sameiginlegum viðburðum Menningarhúsanna 2018

	Bókasafn	Gerðarsafn	Héraðs-skjalasafn	Náttúrufræðistofa	Salurinn	Aðsókn alls 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Menning fyrir alla	426	1.371		539	2143	4.479		
Fjölskyldustundir	2.108	672		273	477	3.530		
Menning á miðvikudögum	554	167		276	673	1.670		
Safnanótt	1.400	896	100	1.300	320	4.016		
Aðventuhátíð	200	200		283	250	933		
Barnamenningarhátíð	396	325		280	816	1.817		
GESTIR ALLS	5.084	3.631	100	2.951	4.679	16.445	18.000	20.000

Barnamenningarhátíð 16.–21. apríl 2018

Skólahópum var boðið að bóka þátttöku í mismunandi smíðjur og var fullbókað í alla viðburði.

Á Náttúrufræðistofu fór fram smíðja fyrir nemendur í 1.–3. bekk sem þær Elín Anna Þórisdóttir og Guðrún Jóna Halldórsdóttir, útskriftarnemar úr listkennsludeild Listaháskóla Íslands leiddu.

Í Gerðarsafni var hreyfiteiknismiðja fyrir 4.–6. bekk og leiddu Edda Mac og Hrafnhildur Gissurardóttir smíðjuna. Tónlist var notuð til að hafa áhrif á teikningarnar sem síðan mynduðu sýningu í vestursal safnsins.

Á Bókasafni Kópavogs var nemendum 7. og 8. bekkja boðið á stefnumót við rithöfundinn Hildi Knútsdóttur sem ræddi um hvernig hugmynd verður að bók og las úr nýlegum verkum sínum fyrir nemendur.

Héraðsskjalasafn Kópavogs bauð elstu nemendum grunnskólans upp á leiðsögn og fræðslu um Kópavogs-fundinn í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands.

Leikskólabörnum var boðið að njóta óperunnar Gilitrutt eftir Hildigunni Rúnarsdóttur auk þess sem fjölskyldusýning var sett upp í Salnum. Sýningin sló sannarlega í gegn en með titilhlutverk óperunnar fór Hallveig Rúnarsdóttir sem var valin söngkona ársins 2018 fyrir túlkun sína á Gilitrutt. Þá var marokkósk stemmning með henna-tattúí og teboði í samstarfi við félag kvenna frá Marokkó.

Á lokadegi Barnamenningarhátíðar var fjölskyldum boðið að taka þátt í samskonar dagskrá og skólabörn tóku þátt í og afrakstur leirsmiðju og hreyfiteiknismiðju sýndur. Auk þess var boðið upp á alþjóðlega letursmiðju á Bókasafni Kópavogs og raftónlistarmenn framtíðarinnar kynntu afrakstur námskeiðs sem bæjarlistamaður Kópavogs 2017–2018, Sigtryggur Baldursson, stóð fyrir.

Leikfélag Kópavogs tók einnig þátt í lokadegi Barnamenningarhátíðar en leikritið Fróði og hinir gríslingarnir var sýnt í húsnæði leikfélagsins.

Aðventuhátíð 2018

Að venju voru viðburðir fyrir alla fjölskylduna í öllum Menningarhúsunum en dagskráin stóð milli kl. 13 og 16.

Að lokinni dagskrá innanhúss hófst útiskemmtun og tundrað var á ljósum jólatrésins. Jólaföndur var á bókasafninu og lesin frumsamin jólasaga eftir Arndísi Þórarinsdóttur.

Náttúrufræðistofa hélt fræðsluerindi um kattardýr og gestum boðið að staldra við og teikna dýrin.

Á Gerðarsafni var haldin jólalistsmiðja í anda jólanna í gamla daga og gerður jólapappír með kartöflustimpli. Leikritið um Strákinn sem týndi jólunum var flutt í fordyri Salarins.

Áður en skemmtun hófst á útisviði lék Skólahljómsveit Kópavogs syrpu jólalaga en á útivistarsvæðinu var lítill aðventumarkaður með gæðamatvöru og varningi.

Dagskrá utandyra lauk með jólaballi í kringum nýtendrað jólatréð en jólasveinar dönsuðu og sungu með gestum.

Viðburðadagatal hátíða á vegum Kópavogsbæjar 2019

11/1 – 21/1

Dagar ljóðsins

8/2 - 9/2

Vetrarhátíð: Safnanótt og Sundlauganótt

8/4 – 13/4

Barnamenningarhátíð í Kópavogi

25/4

Sumardagurinn fyrsti

17/6

Þjóðhátíðardagurinn

20/11

Alþjóðlegur dagur barna í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

30/11

Aðventuhátíð

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Dagar ljóðsins 2019

Fjölbreytt dagskrá var í boði fyrir börn jafnt sem fullorðna á Dögum ljóðsins. Ljóðasmiðja var haldin á Bókasafni Kópavogs og Rappsmiðja með Sesari A í Salnum var sérlega ánægjuleg en börnum á aldrinum 10–14 ára var boðið að vinna daglangt að textum. Rapphátíð var haldin í Salnum en íslenskir og norrænir rapparar komu saman á þrennum tónleikum.

Í Pure Deli á Gerðarsafni var haldið ljóðakvöld og erindi um ljóðaútgáfu fór fram undir dagskrárliðnum Menning á miðvikudögum. Hátíðinni lauk með afhendingu á Ljóðstaf Jóns úr Vör. Verðlaunin voru veitt í 17. sinn við hátíðlega athöfn í Salnum á afmælisdegi skáldsins þann 21. janúar. Alls bárust 302 ljóð í keppnina en jafnframt voru úrslit í Ljóða-samkeppni grunnskóla Kópavogs kunngjörð en 170 ljóð bárust frá grunnskólabörnum.

Handhafi Ljóðstafsins árið 2019 er Brynjólfur Þorsteinsson fyrir ljóðið *Gormánuður*. Dómnefnd skipuðu Bjarni Bjarnason formaður, Ásdís Óladóttir og Ásta Fanney Sigurðardóttir.

Í öðru sæti var Margrét Lóa Jónsdóttir fyrir ljóðið *Allt sem lifir deyr* og þriðja sætið hlaut Elías Knörr fyrir ljóðið *Sunnudögum fækkar með sérhverri messu!*

Viðburðir, fræðsla og kynning

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Sérstaka viðurkenningu hlutu auk þess ljóðskáldin Eyrún Ósk Jónsdóttir, Dagur Hjartarson, Arndís Þórarinsdóttir, Vilhjálmur B. Bragason, Hjörtur Marteinsson og Björk Þorgrímsdóttir.

Hlutskörpust í grunnskólakeppninni var Katrín Valgerður Gustavsdóttir sem var verðlaunuð fyrir ljóðið *Súðavík* en hún er nemandi í 10. bekk Kársnesskóla. Í öðru sæti var nemandi í 6. bekk Hörðuvallaskóla, Örn Tonni Ágústsson Christensen, fyrir ljóðið *Englar* og í þriðja sæti Margrét Hrönn Róbertsdóttir í 10. bekk Kársnesskóla fyrir ljóðið *Hæ*.

Við athöfnina fluttu Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran og Guðrún Dalía Salómonsóttir píanóleikari lög Þorkels Sigurbjörnssonar við ljóð Jóns úr Vör.

**Gormánuður
eftir Brynjólf Þorsteinsson,
handhafa Ljóðstafsins 2019**

allir hrafnar eru gat
líka þessi sem krunkar
uppi á ljósastaur

eins og brot
í himingrárri tönn

sjóndeildarhringurinn nakin tré
skorpin vör

pírðu augun
einblíndu á fjaðursortann

það glittir í úf

allir hrafnar eru gat
og innvolsið uppdráttur að morgundegi

líka í þessum sem krunkar
uppi á ljósastaur

lestu hann
með vasahníf og opinn munn

hjartað springur
eins og ber undir tönn

bragðið er svart

**Súðavík
eftir Katrínu Valgerði
Gustavsdóttur,
10. bekk Kársnesskóla,
1. sæti í grunnskólakeppni**

Myrkur
Kílómetrum saman
Smýgur á milli minnstu glufa og
sest á
fingurgóma mína

Þögnin
Svo ógurlega hávær
Borar sig inn í heilann á mér
og vekur hjá mér ónotatilfinningu
Undarlega hughreystandi
og glottir út í annað

Kuldinn
Eins og löðrungur beint í andlitið
og einu sannindin um að þetta sé
ekki yfirstaðið

Með hverri sekúndu sem líður
rennur burtu sandkorn af von

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Safnanótt 2019

Þinn eigin óperusöngvari, þín eigin þjóðsaga og þínir eigin kirkjugluggar voru meðal viðburða á Safnanótt hjá Menningarhúsunum í Kópavogi en á dagskrá voru 24 ókeypis viðburðir með yfirskriftinni *Þín eigin Safnanótt*.

Á Bókasafni Kópavogs var það rithöfundurinn Ævar Þór Benediktsson sem leiddi gesti á vit ævintýra í takt við bækurnar Þitt eigið tímaferðalag, Þín eigin þjóðsaga og Þín eigin hrollvekja en hann las upp og brá á leik. Ratleikur með sama þema var útbúinn og leikarar voru á sveimi um húsið til að aðstoða gesti við að leysa úr þrautum og auka á upplifunina. Nemar úr Háskólanum í Reykjavík kenndu tvíundar-kóðun í formi perluhálsfesta og boðið var í arabíska dansveislu með Dans og Kúltúr en dagskrá Bókasafnsins lauk á uppistandanum Andra Ívars sem kitlaði hláturtaugar gesta.

Í Náttúrufræðistofu voru rannsóknir uppistaða dagskrár fyrir alla fjölskylduna. Hægt var að skoða sýni og sýnatökugræjur stofunnar en opið var á rannsóknarstofunni. Þá var teiknari á staðnum til að aðstoða gesti við að teikna uppáhaldsdýrið sitt eða jafnvel furðudýr að fyrirmynd dýra Náttúrufræðistofu. Undir lok Safnanætur héldu sérfræðingar stofunnar kynningu á rannsóknum sínum.

Kópavogskirkja tók að venju virkan þátt í Safnanótt. Myndlistarkonan Hrund Atladóttir gerði verk sem varpað var á kirkjuna utanverða og kirkjan tók á sig náttúrulegan blæ sem vakti mikla athygli. Einnig var verkum Hrundar varpað á hvelvinguna innandyra á meðan á raftónleikum Arnljóts Sigurðssonar stóð. Þá lék orgelnemandinn Hrafnkell Karlsson á orgel kirkjunnar og séra Sigurður Arnarson veitti leiðsögn og fjallaði sérstaklega um steind glerlistaverk Gerðar Helgadóttur en í kirkjunni skapaðist einstök stemmning í myrkri við einungis kertaljós.

Í Gerðarsafni voru viðburðir á dagskrá sem tengdust yfirstandandi sýningu, Ó, hve hljótt. Spíralasmiðja með Doddu Maggý sem var meðal listamanna sem áttu verk á sýningunni, danssmiðja með Sögu

Viðburðir, fræðsla og kynning

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Sigurðardóttur og leiðsögn um sýninguna sjálfa. Síðasti viðburðurinn í Gerðarsafni var Bring Your Own Beamer. Ungu kvikmyndagerðar- og myndlistar-fólki gafst kostur á að varpa upp verkum sínum í sýningarsal á 1. hæð Gerðarsafns en Curver Thoroddsen leiddi viðburðinn. Í Pure Deli þeytti Arnljótur Sigurðsson skífum og lauk kvöldinu með kvikmyndatónlist og hamingjustund.

Héraðsskjalasafn Kópavogs tók einnig þátt í Safnanótt en til sýnis voru myndbrot úr Kópavogi og að venju tók Sögufélag Kópavogs þátt í viðburðinum. Í Salnum fóru fram tvennir tónleikar í fordyrinu. Í forföllum Gissurar Páls Gissurarsonar kom Þóra Einarsdóttir sópransöngkona fram ásamt Kristni Erni Kristinssyni og þau fluttu léttu og skemmtilega dagskrá en þau tóku tónleikana að sér með einungis þriggja tíma fyrirvara.

Ýmislegt sem forstöðumenn og verkefnastjórar upplifðu í kynnisferð um Amsterdam haustið 2018 var reynt á Safnanótt 2019, svo sem að hafa tvenna tónleika í Salnum í stað einna en einnig að huga að því að höfða til fleiri ólíkra hópa fólks en áður var tilfellið. Gaman var að sjá annarskonar gesti en áður höfðu komið á Safnanótt, t.d. á raftónleikum í Kópavogskirkju, og gleðina sem ríkti í dansveislunni á Bókasafni Kópavogs.

Barnamenningarhátíð 2019

Að þessu sinni var unnið að þremur langtíma-verkefnum sem mynduðu sýningar á hátíðinni. Vikuna 8.–12. apríl fóru svo fram smiðjur og margskonar tónleikar fyrir skólahópa en hátíðinni lauk með dagskrá fyrir alla fjölskylduna þann 13. apríl.

Fögnum fjölbreytileikanum var yfirheiti á verkefni sem myndlistarkonan Melanie Ubaldo vann með nemendum á unglíngastigi í Vatnsendaskóla í samstarfi við myndmenntakennara skólans, Sesselju Konráðsdóttur, og verkefnastjóra Menningarhúsanna, Hrafnhildi Gissurardóttur. Verkin sem unglíngarnir unnu snerust um þeirra eigin upplifun af fordómum og verkefninu lauk með sýningu í Gerðarsafni.

Fuglar og fjöll nefndist verkefni sem Náttúrufræðistofa vann í samstarfi við leikskólana Arnarsmára, Álfatún, Marbakka og Sólhvörf. Þær Hrafnhildur Gissurardóttir og Ríkey Hlín Sævarsdóttir sáu alfarið um framkvæmdina og afraksturinn var sýndur á fallettri sýningu í anddyri Náttúrufræðistofu og Bókasafns.

Heima nefndist sýning sem sett var upp á Bókasafni Kópavogs. Nemendur sem eiga rætur að rekja erlendis og voru í 5. og 6. bekk Kópavogsskóla og Álfhólsskóla unnu með hugtakið heima en verkefnastjórar bókasafnsins, Friðrik Agni Árnason og Ágústa Bárðardóttir, leiddu verkefnið.

List fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis bauð upp á sýninguna Flautumaðurinn í Salnum en alls sáu 670 börn í 5.–7. bekk sýninguna. Flaututrúðurinn hefur farið sigurför um allt Þýskalanda en flautuleikarinn og trúðurinn Gabor Vosteen bar sýninguna uppi einn og börn í Kópavogi voru himinlifandi með sýninguna.

Í Salnum skemmti einnig Dúó Stemma tæplega 600 leikskólabörnum og unglíngar fóru í heims-hornaflakk með hljómsveitinni Mandólin sem lék tvenna tónleika með kvikmynda- og gyðingatónlist fyrir fullum sal unglínga sem sannarlega kunnu að meta tónlistina og framsetningu hennar.

Í Gerðarsafni var hreyfimynda-smiðja með Sólrúnu Ylfu Ingimarsdóttur og Atla Arnarssyni, höfundum Marglitu marglyttunnar, sem buðu nemendum í 3. og 4. bekk að gera stuttar hreyfimyndir með spjaldtölvum en alls fóru fram tíu smiðjur fyrir skólahópa.

Á Bókasafni Kópavogs var 5. bekkjum boðið að kynna hugleiðslu með Jógahjartanu og í Náttúrufræðistofu var nemendum í 1. og 2. bekk boðið að taka þátt í verkefnavinnu um fugla og fjöll.

Barnamenningarhátíð lauk með dagskrá í Menningarhúsunum sem ætluð var allri fjölskyldunni. Smiðjur líkt og þær sem nemendur tóku þátt í á Bókasafni Kópavogs, Náttúrufræðistofu og Gerðarsafni voru á dagskrá.

Vorhljóð á tónleikum með Dúó Stemma vöktu gleði meðal yngstu gestanna í Salnum og bæjarlistamaður Kópavogs, Stefán Hilmarsson, kom fram í Gerðarsafni ásamt nemendum úr Tónlistarskóla og Skólahljómsveit Kópavogs.

Dagskráin hófst með Jógahjartanu sem leiddi gesti í hugleiðslu og halarófu um króka og kima Bókasafnsins og Náttúrufræðistofu.

Verkefnastjóri barnamenningar telur það skipta miklu að hafa nokkur langtímaverkefni í vinnslu yfir skólaárið sem lýkur með sýningu eða annarri uppákomu til að kynna afrakstur dýpri vinnu sem nemendahópar fá tækifæri til að vinna með sérfræðingum.

Önnur dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi

Sumarnámskeið

Heilsdagsnámskeið fyrir 6–9 ára börn fór fram þvert á hús dagana 13.–17. ágúst. Fullbókað var á námskeiðið en alls komust 18 börn að. Tveir morgnar voru tileinkaðir ljóðlistinni og fór ljóðasmiðja fram í sal Bókasafnsins, þar sem þau Björg Þorgrímsdóttir og Kristian Guttesen sáu um kennslu.

Sérfræðingar Náttúrufræðistofu fóru með hópinn í fjöruferðir þrjá morgna. Ungmenninn á vegum Kópavogsbæjar höfðu umsjón með börnunum í hádegishléi og voru kennurum til aðstoðar á meðan á kennslu stóð. Eftir hádegi fór námskeiðið annars vegar fram í Gerðarsafni og hins vegar á útivistarsvæðinu en hópurinn Endur hugsa sá um kennslu í tvo eftirmiðdaga, meðal annars í tengslum við geislahvelfingu á svæðinu. Hrafnhildur Gissurardóttir bar svo þungann af kennslu og uppsetningu sýningar í Gerðarsafni á skúlplúrum og öðrum gripum sem börnin höfðu skapað á meðan á námskeiðinu stóð.

Haust- og vetrarfrí

Í haustfríi grunnskólanna dagana 18. og 19. október buðu Menningarhúsin í Kópavogi upp á dagskrá á Náttúrufræðistofu og á Bókasafni Kópavogs. Báða dagana var hljóðfærasmiðja í anddyri Náttúrufræðistofu en hljóðfæri voru búin til úr óhefðbundnum efniviði. Smiðjuna leiddi Elín Helena Evertsdóttir. Eftir hádegið var það Þorgrímur Þráinsson sem leiddi ritsmiðju þar sem þátttakendur smíðuðu sína eigin sögupersónu og söguþráð.

Vetrarfrí grunnskólanna var svo dagana 25. og 26. febrúar. Þá var myndasögusmiðja á Bókasafni Kópavogs, sem Árni Jón Gunnarsson leiddi og kenndi skemmtilegar æfingar í persónu-, sögu- og myndasöguggerð. Eftir hádegi báða dagana var Curver Thoroddsen með hljóðsmiðju í Gerðarsafni. Hljóðfæri og ýmiskonar hljóðverk voru nýtt í smiðjunni. Báðar smiðjurnar voru vel sóttar og þátttakendur ánægðir.

Þróun ratleiks

Safnasjóður veitti Menningarhúsunum 1,5 milljóna króna styrk til að gefa út ratleik. Hugmyndavinna hefur átt sér stað þvert á hús en skriður komst á málið þegar Ríkey Hlín Sævarsdóttir tók til starfa á Náttúrufræðistofu og viðburðateymi hóf störf af fullum þunga. Teiknarinn Unnie Arendrup var fenginn til að teikna myndir í ratleikinn en Arnar Freyr Guðmundsson hjá Studio Studio sá um hönnun. Sérfræðingar Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu og Bókasafns Kópavogs, auk Ólafar Breiðfjörð, verkefnastjóra Menningarhúsanna, sömdu ratleikinn og á vormánuðum 2019 var hópurinn að lokum sáttur við útkomuna. Ratleikurinn verður prentaður á íslensku, ensku og pólsku og vonir standa til að ferðamenn jafnt sem íbúar höfuðborgarsvæðisins muni nýta sér leikinn sem fer á milli húsa í alls kyns þrautum sem snúa að viðfangsefnum hvers húss.

Markaðssetning og kynningarmál

Auk hefðbundins dagskrárbæklinga á íslensku sem dreift var á öll heimili í Kópavogi var ráðist í gerð bæklinga sem ætlaður er erlendum ferðamönnum. Hönnun bæklinga er nokkuð ólík annarri hönnun Menningarhúsanna sem er alfarið í höndum Studio Studio en ferðamannabækingurinn var gerður undir merkjum *Reykjavík loves* sem Kópavogsbær er í samstarfi við. Þá var Grapevine helsti vettvangur auglýsinga fyrir ferðamenn. Áfram var auglýst í bæjarblöðum og fréttabréf Menningarhúsanna er sent út rafrænt í viku hverri. Facebook er eftir sem áður mikilvægasti vettvangurinn þegar kemur að innlendum gestum en einnig samlesnar stuttar auglýsingar hjá RÚV. Þá voru heilsíðu- og opnu-umfjallanir í Fréttablaðinu fyrir Barnamenningarhátíð og Safnanótt, auk þess sem Fréttablaðið og Morgunblaðið eru viljug að birta stuttar tilkynningar með mynd til að vekja athygli á Fjölskyldustundum á laugardögum og Menningu á miðvikudögum.

Kynningar, ráðstefnur og námskeið

Verkefnastjóri fræðslu- og kynningarmála hélt kynningu fyrir félagi í Rótarýklúbbnum Borgum þann 25. október 2018 en einnig fyrir hóp eldri borgara sem hittist vikulega í Kópavogskirkju. Þá fór verkefnastjóri í Farskóla íslenskra safnmanna í Dublin í september 2018 ásamt forstöðumanni Náttúrufræðistofu. Mikilvæg kynnisferð var farin til Amsterdam um mánaðamót október–nóvember 2018.

Kynnisferð til Amsterdam

Forstöðumenn og verkefnastjórar Menningarhúsanna, forstöðumaður menningarmála ásamt almannatengli bæjarins, fóru í október í kynnisferð til Amsterdam. Ferðin var farin til að víkka sjóndeildarhringinn, hitta kollega í stofnunum í borginni í því skyni að efla samstarf milli þeirra og upplifa Safnanótt í Amsterdam. Þó var ekki síður mikilvægt fyrir hópinn að upplifa í sameiningu heimsóknir á söfn og stofnanir og geta í kjölfarið rætt upplifunina og notað í hugmynda-vinnu fyrir Menningarhúsin.

Farið var í heimsókn í Mediamatic þar sem forstöðukonan Jan Possel tók á móti hópnum. Stofnunin var áður framsækin listastofnun en nú hefur Mediamatic hins vegar fundið sér nýjan farveg í lífrænni ræktun, tilraunum í átt að umhverfismálum og náttúrumál-efnum. Heimsókninni lauk með kvöldverði á veitingastað sem Mediamatic rekur, ETEN, en allt grænmeti er ræktað á staðnum og borðhaldið jók enn á upplifun þessarar heimsóknar.

DE Apple Art Center, þar sem Maaïke Lauwaert tók á móti hópnum hefur líkt og Mediamatic aðlagð sig breyttum aðstæðum, fluttist úr miðborg Amsterdam vegna hækkandi húsnæðisverðs. Sérlega áhugavert var að fræðast um samstarf DE Apple við skólasamfélagið.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Tropen-safnið var skoðað án leiðsagnar en það er í stórfenglegu húsnæði og sýning af þjóðfræðilegum toga áhugaverð, sem og sýning á japönskum teiknimyndafígúrum. Þá voru einnig heimsótt samtímaljósmyndasafnið FOAM, bókalausa háskólabókasafnið UVA í Singel-hverfi og stærsta skjalasafn heims fyrir sveitarfélag, Archive Amsterdam.

Forstöðumenn Náttúrufræðistofu og Héraðsskjalasafns skoðuðu safnið í Micropiu þar sem framsetning á efni er einstaklega glæsileg. Sýningin er mjög fjölskylduvæn og farið mikið á dýptina. Nokkuð var rætt um áhrif þess að starfsmenn Micropiu voru klæddir í hvíta sloppa og gengu á milli til að útskýra fyrir gestum en klæðaburðurinn hefur án efa áhrif á upplifun.

Forstöðumaður Salarins og verkefnastjóri Menningarhúsanna fóru á tónleika í Concertgebouw sem ætlaðir voru 2–4 ára börnum og forráðamönnum. Margar hugmyndir kviknuðu, enda stemmningin meðal tónleikagesta og flytjenda mjög afslöppuð. Hugmyndin að bjóða upp á þverfaglega foreldramorgna kviknaði.

Forstöðumaður Gerðarsafns og verkefnastjóri fóru á Van Abbe safnið í Eindhoven en Anne Fletcher sýningarstjóri tók á móti þeim og veitti innsýn í fjölbreytta starfsemina, þar sem tekið er á móti skólahópum og sérhópum í fræðslu sem sérstaklega miðar að sýningum safnsins.

Nico Mulder hjá Amsterdam tók á móti almannatengli og forstöðumanni menningarmála en ýmislegt áhugavert á sviði ferðamála kom fram sem er sambærilegt við hugmyndir þær sem unnið er með í samstarfinu *Reykjavík loves*.

Viðburðir, fræðsla og kynning

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Eftir hádegi heimsóttu forstöðumenn Bókasafns og Héraðsskjalasafns almenningsbókasafnið í Almere sem er verulega opið fyrir leigu á rýmum og hefur tekjur af allskyns uppkomum og því í samkeppni við einkarekin rými. Afgangurinn af hópnum fékk ítarlega kynningu og leiðsögn á NEMO vísindasafninu sem m.a. tekur á móti gífurlegum fjölda skólahópa á ári en safnið er einstaklega vel hannað og áhugavert, enda er meðalheimsóknartími gesta rúmlega fjórar klukkustundir.

Fyrri part dags á Safnanótt í Amsterdam fór hópurinn í heimsóknir allt eftir sérsviði hvers og eins; safnbúðir voru skoðaðar sem og samtímalistasöfn. Forstöðumenn Salarins og Héraðsskjalasafns ásamt verkefnastjóra fengu leiðsögn um Muziekgebouw sem svipar að mörgu leyti til Salarins og var áhugavert að heyra um tæknibúnað sem og samstarf við nemendur tónlistarháskólans í Amsterdam.

Hópurinn fór á alls níu viðburðastaði frá kl. 19:00 til 1:30 um nóttina. Staðirnir voru: Hollandsche Schouwburg/Holocaust memorial, National Holocaust Museum, Bótaníski garðurinn, Portúgalska Synagógan, Huis Marseille, Amsterdam museum, De Oude Kerk, Ons Lieve Heer Op Solder, leynikirkjan í rauða hverfinu og Brakke grond. Það sem einkenndi Safnanótt í Amsterdam var að ekki var almennt gert ráð fyrir viðburðum fyrir fjölskyldur, ólíkt Safnanótt í Kópavogi. Margar hugmyndir er varða aukna upplifun fyrir gesti kviknuðu, s.s. raftónleikar í Kópavogskirkju, styttri en fleiri tónleikar í Salnum og þátttökuviðburðir í Gerðarsafni.

Ferðin var í alla staði áhugaverð og ljóst að þar urðu til margar hugmyndir sem unnið var úr í kjölfarið og ákveðið var að prófa nýjar leiðir fyrir Safnanótt 2019 í Kópavogi.



Anton Brink

Viðburðadagatal Fjölskyldustundir 2018–2019

1/9

- * Menningarhúsin í Kópavogi
Fyrsta fjölskyldustund haustsins fer fram í öllum húsum.

8/9

- * Bókasafn Kópavogs Lindasafn
Bingó fyrir alla fjölskylduna.
- * Salurinn
Kjúklingur og annað fiðurfé með tónlistarmönnum Hallveigu Rúnarsdóttur, Jóni Svavari og Hrönn Þráinsdóttur sem syngja um skrímli, sauði og kisur.

15/9

- * Náttúrufræðistofa Kópavogs
Plast og framtíðin okkar. Vangaveltur og verkefni á Degi íslenskrar náttúru.

22/9

- * Gerðarsafn
Gjörningastund með myndlistarmanninum Styrmi Erni.

29/9

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Videóklippismiðja fyrir 8–13 ára krakka. Smiðjan er liður í hátíðinni RIFF um alla borg en Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir og Atli Arnarsson höfundar Marglitu marglyttunnar kenna.

* Héraðsskjalasafn Kópavogs

- * Ævintýri, heimildir og saga í ljósmyndum, erindi fyrir forvitna.

6/10

- * Gerðarsafn
Skúlpúrsmiðja, óháð tungumáli. Leiðbeinendur tala arabísku, frönsku, þýsku, ensku og íslensku.

13/10

- * Salurinn
Ættjarðarbræðingur með tónskáldinu Helga Rafni Ingvarssyni. Ættjarðarlög mynda nýtt kórverk í söngstofu fyrir 10 ára og eldri.

20/10

- * Náttúrufræðistofa Kópavogs
- * Kötlugosið 1918 skoðað út frá ýmsum sjónarhornum með snjalltækjum (vinsamlegast hafið meðferðis eigið snjalltæki).

27/10

- * Bókasafn Kópavogs Lindasafn
Grímusmiðja þar sem endurunnið efni verður notað á spennandi hátt.

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Hrekkjavökusögustund, tilvalið að mæta í búning og með vasaljós.

3/11

- * Bókasafn Kópavogs Lindasafn
Vísindasmiðja á vegum Háskóla Íslands fyrir alla fjölskylduna.

* Náttúrufræðistofa Kópavogs

- * Vargur og Vembill, Ester Rut Unnsteinsdóttir spendýrafræðingur á Ní segir frá refum.

10/11

- * Bókasafn Kópavogs Lindasafn
Bókamerkismiðja. Klippt, límd og origami bókamerki útbúin.

* Salurinn

- * Vísnaull. Helga Rut Guðmundsdóttir leiðir gesti í söng og leikjum. Dagskráin er sérstaklega sniðin að yngstu börnunum í fylgd fjölskyldunnar kl. 14.

17/11

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Alþjóðleg fánasmiðja, skoðum og fönðrum fána frá öllum heimshornum.

24/11

- Gerðarsafn Listsmiðja innblásin af Cycle-listahátíðinni.

1/12

- Menningarhúsin í Kópavogi Aðventuhátíð með tónleikum í Salnum, jólakettinum á bókasafninu og Náttúrufræðistofu, jólaorigami og upplestri á bókasafni og listsmiðju í Gerðarsafni. Aðventumarkaður með góðgæti til sölu á útisvæði, ljós jólatrésins tendruð og skemmtun á sviði. Fögnum upphafi aðventunnar saman í Menningarhúsunum!

8/12

- Bókasafn Kópavogs Lindasafn Jólafondur í notalegu umhverfi.

- Bókasafn Kópavogs aðalsafn Jólabíó, piparkökur og stemning.

15/12

- Gerðarsafn Jólamerkimiðar, smiðja með listamanni í jólaskapi.

- Gerðarsafn Danssýningin CloseEnough. Ice Hot danshátíðin býður krökkum á aldrinum 5–10 ára á sýningu um traust og leikgleði.

5/1

- Bókasafn Kópavogs Lindasafn Tæknilegó, fjör fyrir alla fjölskylduna.

- Náttúrufræðistofa Kópavogs Opin rannsóknarstofa. Skoðið í smásjá, krúsir og kirnur og spjallið við vísindamenn.

12/1

- Salurinn Rappsmiðja fyrir 10–14 ára á Dögum ljóðsins. Sesar A leiðbeinir.

19/1

- Bókasafn Kópavogs aðalsafn Ljóðasmiðja fyrir alla fjölskylduna á Dögum ljóðsins.

26/1

- Gerðarsafn Spíralar og mynstur með myndlistarmanninum Doddu Maggý í tengslum við sýninguna Oh, So Quiet.

2/2

- Bókasafn Kópavogs Lindasafn Forritunarnámskeið fyrir 6–12 ára krakka.

- Náttúrufræðistofa Kópavogs Hvernig eru fuglar stoppaðir upp? Brynja Davíðsdóttir sýnir galdurinn á bakvið uppstoppun.

8/2

- Menningarhúsin Safnanótt, fjölbreytt dagskrá og fjör í öllum húsum.

9/2

- Salurinn Regína Ósk syngur lög úr ýmsum áttum og virkjar börnin með sér í söng og hreyfingu.

16/2

- Gerðarsafn Kanntu að gera kviksjá/ telescope? Sérfræðingur í fyrirbærinu leiðbeinir gestum í tengslum við sýninguna Oh, So Quiet.

23/2

- Bókasafn Kópavogs aðalsafn Hljóðfærasmiðja þar sem hljóðfæri eru búin til úr einföldu efni.

2/3

- Bókasafn Kópavogs Lindasafn Bolla, bolla, bolla. Föndrum okkar eigin bolluendi.

- Gerðarsafn Vídeósmiðja, grunnþættir vídeógerðar undir handleiðslu listamanns í tengslum við sýninguna Oh, So Quiet.

9/3

- Salurinn Gagnvirk tónlistarsmiðja með meðlimum Sláturs.

16/3

- Bókasafn Kópavogs Vísindasmiðja Háskóla Íslands.

23/3

- Náttúrufræðistofa Kópavogs Silkiormar. Signý Gunnarsdóttir silkibóndi sýnir orma og hvernig þeir búa til silki.

30/3

- Bókasafn Kópavogs aðalsafn Tæknilegó, fjör fyrir alla fjölskylduna.

6/4

- Bókasafn Kópavogs Lindasafn Páskaföndur í notalegu umhverfi.

13/4

- Menningarhúsin Lokadagur Barnamenningarhátíðar í Kópavogi, smiðjur, tónleikar og fjör fyrir alla fjölskylduna.

27/4

- Gerðarsafn Danssmiðja með listakrákunni lðu.

4/5

- Bókasafn Kópavogs Lindasafn Bingó fyrir alla fjölskylduna.

- Náttúrufræðistofa Kópavogs Matseðill fuglanna í fjörunni. Í fjöruferð í Kópavogsfjöru með sérfræðingum.

11/5

- Menningarhúsin Listkennsludeild LHÍ stendur fyrir smiðjum, erindum og annarri dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

18/5

- Bókasafn Kópavogs aðalsafn Flugdrekasmiðja fyrir hugmyndaríka á öllum aldri.

25/5

- Bókasafn Kópavogs aðalsafn Sumarlestur hefst, átak Bókasafns Kópavogs sem stendur í allt sumar.

1/6

- Útivistarsvæði Menningarhúsanna Hjóladagur fjölskyldunnar. Ástandsskoðun, þrauta-brautir og hjólatúr um Kópavogsdal.

- Gerðarsafn Fjölskyldusmiðja í Gerðarsafni í tengslum við sumarsýningu Gerðarsafns, Garðurinn.

Viðburðadagatal Menning á miðvikudögum 2018–2019

29/8

- Bókasafn Kópavogs aðalsafn Hvað gerir maður þegar tilveran fer á hvolf? Kristborg Bóel Steindórsdóttir segir frá bók sinni 261 dagur.

5/9

- Salurinn Hanna Dóra Sturludóttir mezzósópran og Snorri Sigfús Birgisson píanó-leikari flytja sönglög eftir íslensk og erlend tónskáld.

12/9

- Gerðarsafn Skúlptúr/Skúlptúr. Leið-sögn með sýningarstjóra.

19/9

- Náttúrufræðistofa Kópavogs Fyrirlestur í tilefni af alheimshreinsunar-deginum.

26/9

- Bókasafn Kópavogs aðalsafn Una Margrét Jónsdóttir flytur erindi um leiki barna frá fyrri tíð.

3/10

- Bókasafn Kópavogs aðalsafn Stuttmyndir frá Eystrasalts-löndunum, liður í hátíðinni RIFF um alla borg.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Viðburðir, fræðsla og kynning

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

10/10

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Fornleifafræðingurinn dr. Steinunn Kristjánsdóttir fjallar um rannsókn sína á klausturhaldi á Íslandi.

17/10

- * Náttúrufræðistofa Kópavogs
Skógarmítlar á Íslandi. Matthías Alfreðsson skordýrafræðingur á NÍ fræðir okkur um skógarmítla og lundalýs.

24/10

- * Salurinn
Sólveig Thoroddsen hörpuleikari og Sergio Coto Blanco lútuleikari flytja verk frá endurreisnartímanum.

31/10

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Bryndís Björgvinsdóttir þjóðfræðingur heldur erindi um draugasögur.

7/11

- * Gerðarsafn
Fullveldið og samstaðan, hugleiðingar Söru Öldu-dóttur sýningarstjóra í tengslum við Cycle.

14/11

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Sindri Freysson handhafi Ljóðstafs Jóns úr Vör flytur erindi í tilefni af Degi íslenskrar tungu.

21/11

- * Salurinn
Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari flytur 5. Sellósvítu Bachs.

28/11

- * Náttúrufræðistofa Kópavogs
Flóð og skriður. Sérfræðingur frá Veðurstofunni fjallar um skriðuföll og aðra náttúruvá.

5/12

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Terry Gunnell prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, flytur erindi um íslenska jólasíði í gegnum tíðina.

12/12

- * Salurinn
Hildigunnur Einarsdóttir mezzosópran flytur gömul og ný íslensk jólalög ásamt Guðrúnu Dalíu Salómonsdóttur píanóleikara.

9/1

- * Náttúrufræðistofa Kópavogs
Silkiormar og fatahönnun. Signý Gunnarsdóttir flytur erindi um silkiormaræktun og silkiframleiðslu.

16/1

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Alþjóðleg ljóðaskrif, erindi frá Ós Pressunni á Dögum ljóðsins.

23/1

- * Gerðarsafn
Söngleiðsögn með Hrafnhildi Árnadóttur sópransöngkonu um sýninguna Oh, So Quiet.

30/1

- * Salurinn
Sólveig Thoroddsen hörpuleikari flytur verk frá endurreisnartímanum.

6/2

- * Náttúrufræðistofa Kópavogs
Ástarlíf Mývatns-bleikjunnar, erindi Árna Einarssonar líffræðings.

13/2

- * Gerðarsafn
Þögul leiðsögn með táknmálstúlki um sýninguna Oh, So Quiet.

20/2

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Árni Björnsson þjóðháttufræðingur flytur erindi um þorrann.

27/2

- * Salurinn
Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari flytja tónverk eftir Brahms, Jórunni Viðar, Hildigunni Rúnarsdóttur o.fl.

6/3

- * Gerðarsafn
Leiðsögn safnstjóra um sýninguna Oh, So Quiet.

13/3

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Emil Hjörvar Petersen fjallar um norræna goðafræði í íslenskum skáldskap.

20/3

- * Salurinn
Ferðalag um töfraheim fiðlutónbókmenntanna með Sif Tulinius fiðlu-leikara og Sólveigu Önnu Jónsdóttur píanóleikara.

27/3

- * Náttúrufræðistofa Kópavogs
Sveppir sem eyða mengun. Sigrún Thorlacius líffræðingur og vöruhönnuður segir frá sveppum og hvernig þeir eru færir um að eyða mengun úr jarðvegi.

3/4

- * Gerðarsafn
Forvarsla listaverka Gerðarsafns, erindi Nathalie Jacqueminet.

10/4

- * Salurinn
Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari flytur tuttugustu aldar klassík eftir John Cage, George Crumb og Karlheinz Stockhausen.

17/4

- * Náttúrufræðistofa Kópavogs
Hagnýting erfðabreytinga. Edda Olgudóttir flytur erindi um erfðabreytingar í dag og í framtíðinni.

24/4

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Erindi um Marc Chagall og gyðinga í Austur-Evrópu með Jóni Björnssyni sagnfræðingi.

8/5

- * Salurinn
Eyjólfur Eyjólfsson flytur langspilsspuna og söngva.

15/5

- * Bókasafn Kópavogs aðalsafn
Erindi í tengslum við Eurovision sem fer fram í Ísrael í maí.

22/5

- * Náttúrufræðistofa Kópavogs
Rannsóknir sumarsins kynntar af sérfræðingum stofunnar.

29/5

- * Gerðarsafn
Leiðsögn með Kristínu Dagmar Jóhannesdóttur safnstjóra um sumar-sýninguna Garður.



BÓKASAFN KÓPAVOGS

Hlutverk

Bókasafn Kópavogs er vettvangur bæjarbúa til að hittast, verja tíma með vinum og fjölskyldu og nýta sér fjölbreyttan safnkost. Meginhlutverk safnsins er fyrst og fremst að bjóða Kópavogsbúum og öðrum aðgengi að þekkingu og stuðla að fjölbreyttri, öflugri og skipulagðri menningarstarfsemi og -fræðslu fyrir samfélagið í heild.

Leiðarljós

Bókasafn Kópavogs hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu hvað varðar þjónustu, safnkost og búnað. Einnig að festa sig enn frekar í sessi sem hjarta menningarstarfs í Kópavogi með jákvæða ímynd í samfélaginu og trausta stöðu. Mikilvægt er að safnið nái að þjónusta alla íbúa bæjarfélagsins með markvissari hætti en nú er gert með útibúi í efri byggðum.

Markmið

Meginmarkmið Bókasafn Kópavogs er að safnið þjóni öllum bæjarbúum með jöfnum aðgangi allra hópa samfélagsins að safninu með hentugri staðsetningu og safnkosti sem endurspeglar eftirspurn og standi vörð um þá fjölbreyttu og persónulegu þjónustu sem safnið býður. Einnig að starfsemi safnsins sé í samræmi við nýjustu tækni, búnað og miðlun hverju sinni og það hafi á að skipa fjölhæfum og metnaðarfullum starfsmönnum með breiða þekkingu. Þá er það markmið safnsins að viðhalda og styrkja enn frekar jákvæða ímynd þess í samfélaginu með öflugri menningarfræðslu og kynningu og styrki á sama tíma tengsl, samspil og samvinnu Menningarhúsanna í Kópavogi.

Að vera bæjarbúum „heimili að heiman“ í daglega lífinu.

- * Bjóða fjölbreytta og góða þjónustu sem nær til allra hópa samfélagsins óháð staðsetningu.
- * Aðgengi að fjölbreyttum og lifandi safnskosti og hlýlegu umhverfi.
- * Bjóða fjölbreytta viðburði, námskeið og klúbba sem höfða til allra aldurshópa og allra hópa samfélagsins.
- * Nýta og styrkja samstarf og nálægð við hin Menningarhúsin í Kópavogi í þágu gesta safnsins.

Að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu.

- * Bjóða starfsmönnum sí- og endurmenntun og gott vinnuumhverfi til að auka færni, þekkingu og ánægju í starfi.
- * Innleiða nýjustu tækni, búnað og miðlun í starfsemi safnsins hverju sinni.
- * Styrkja samstarf við önnur söfn innanlands og utan.
- * Fylgjast með nýjungum og nýsköpun í hlutverki bókasafna bæði innanlands og á alþjóðavísu.

Starfsemi 2018

Bókasafn Kópavogs er rekið af Kópavogsbæ og starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningsbókasöfn frá 1994 og menningarstefnu Kópavogsbæjar að leiðarljósi í starfi sínu. Bókasafn Kópavogs rekur tvö söfn, aðalsafn í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpaland 7.

Söfn og afgreiðslutími

Bókasafn Kópavogs er starfandi á tveimur stöðum í bæjarfélaginu. Aðalsafn er í Hamraborg 6a og útibúið Lindasafn í Núpaland 7.

Afgreiðslutími aðalsafns

Mánudaga – fimmtudaga	kl. 9:00–18:00
Föstudaga – laugardaga	kl. 11:00–17:00

Afgreiðslutími Lindasafns

Mánudaga – fimmtudaga	kl. 14:00–19:00
Föstudaga	kl. 14:00–17:00
Laugardaga	kl. 11:00–14:00

Á sumrin er lokað á laugardögum (júní – ágúst).

Samstarfssöfn

Samstarfssöfn Bókasafns Kópavogs eru Bókasafn Hafnarfjarðar og Bókasafn Garðabæjar og gildir eitt lánþegaskírteini á öllum þremur söfnum. Útlánareglur hvers safns gilda þó fyrir það efni sem er tekið á hverju safni fyrir sig.

Þjónusta

Þjónustan er einn af lykilþáttunum í starfsemi safnsins. Safnið er í stöðugri þróun og endurskoðun og reynir eftir fremsta megni að halda góðri þjónustu og bæta hana eins og hægt er. Farið var í mikið sjálfsafgreiðsluátak haustið 2018 þar sem reynt var eftir fremsta megni að kenna öllum lánþegum sem áhuga höfðu að nota sjálfsafgreiðsluvélar safnsins. Átakið tókst mjög vel og langflestir hafa nýtt sér vélarnar eftir kennslu á þær.

Gjaldskrá

Breyting á gjaldskrá safnsins var samþykkt af bæjarráði fyrir nýtt fjárhagsár 2019, en árgjald safnsins var hækkað um 100 kr, úr 1.800 kr. í 1.900 kr.

Starfsmenn

Árið 2018 voru 22 starfsmenn í 15,05 stöðugildum á safninu, þar af 13,3 stöðugildi á aðalsafni og 1,75 stöðugildi á Lindasafni. Á árinu urðu þær breytingar að Arndís Þórarinsdóttir, deildarstjóri dægurmenningar, lét af störfum þann 1. júní eftir ellefu ára starf á safninu. Í hennar stað var ráðinn Friðrik Agni Árnason sem kom til starfa um miðjan október. Ásta Sirrí Jónasdóttir, deildarstjóri upplýsinga- og tæknimála, kom úr fæðingarorlofi í apríl. Sumarstarfsmenn voru í samtals fjórum stöðugildum á báðum söfnum.

Sí- og endurmenntun starfsmanna

Starfsmenn voru duglegir að sinna sí- og endurmenntun af ýmsum toga. Má þar nefna að tveir fræðslufundir voru haldnir fyrir starfsmenn bókasafna Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Einhver hluti starfsmanna sótti Landsfund Upplýsingar sem haldinn var í Hörpu dagana 25.–26. október 2019. Starfsmenn voru duglegir að sækja bæði fræðslufundi og námskeið innan vinnutíma jafnt sem utan og drjúgur hluti starfsmanna í hlutastarfi er í háskólanámi meðfram vinnu, svo vinnustaðurinn er í góðum tengslum við skólasamfélagið sem er hverju almenningsbókasafni mikilvægt.

Félagsstörf starfsmanna

Gréta Björg Ólafsdóttir er fulltrúi Upplýsingar í nefnd um Gerðubergsráðstefnu. Lís Z. Valdimarsdóttir sat í stjórn Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna fram til maí 2018 og er einnig í stjórn Aleflis, notendafélags Gegnis, ásamt því að sitja í fulltrúaráði Þjónustumiðstöðvar bókasafna. Hún er einnig ritari stjórnar Stofnunar Wilhelms Beckmann. Ragna Guðmundsdóttir er trúnaðarmaður starfsmanna hjá Bandalagi háskólamanna og Eva Hrund Kristinsdóttir er trúnaðarmaður starfsmanna hjá Starfsmannafélagi Kópavogsbæjar. Sigrún Guðnadóttir hefur setið í stjórn Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga síðastliðin tíu ár og þar af sex ár sem formaður.

Safngestir og útlán

Gestateljari var því miður ekki virkur á aðalsafni á árinu 2018 og því ekki hægt að sjá nákvæmar gestatölur fyrir árið. Út frá útlánnum má þó reikna með að fjöldi gesta á aðalsafni hafi verið svipaður og árið 2017. Á Lindasafni var gestateljari settur upp í byrjun árs 2017 og því hægt að bera tölur milli ára saman í fyrsta sinn frá opnun safnsins.

Útlán á Bókasafni Kópavogs drógust saman um 0,65% milli árána 2017 og 2018 sem er mun minni samdráttur en árin áður.

Safnkostur

Safnkostur Bókasafns Kópavogs sem skráður er í Gegni var 83.116 eintök í árslok 2018 og nær bæði yfir aðalsafn og Lindasafn. Áhersla hefur verið lögð á að kaupa inn vinsælt og fjölbreytt efni til að koma til móts við lánþega. Töluvert er keypt inn af hljóðbókum en minna af mynddiskum og ekkert af geisladiskum.

Innkaup, gagnaval og grisjun

Gagnaval er í höndum gagnavalsnefndar sem hittist á tveggja vikna fresti. Í jólabókaflóðinu hittist nefndin þó að jafnaði tvisvar sinnum í viku. Við innkaup, gagnaval og grisjun er stuðst við aðfangastefnu safnsins sem gildir í eitt ár í senn. Hana má finna á vefsíðu safnsins.

Skráning og flokkun

Á safninu fer fram skráning, flokkun og tenging innlendra og erlendra bóka, tímarita, hljóðbóka og mynddiska, auk annarra gagna. Þunginn af þessari vinnu fer fram á aðalsafni en útibússtjóri Lindasafns sér um flokkun, skráningu og tengingu safnkosts sem eingöngu er keyptur fyrir Lindasafn. Auk þess skráir deildarstjóri aðfanga bækur fyrir skólabókasöfn í Kópavogi þegar þörf er á.

Gjafir

Bókasafn Kópavogs fær margar góðar gjafir á hverju ári frá velunnurum sínum og eru þeim færðar kærar þakkir fyrir hugulsemi og örlæti.

Stafræn og rafræn gögn

Sem almenningsbókasafn Kópavogsbæjar greiðir Bókasafn Kópavogs fyrir landsaðgang að rafrænum áskriftum á Hvar.is fyrir Kópavogsbæ. Hvar.is veitir öllum sem tengjast Netinu um íslenskar netveitur aðgang að tímaritsgreinum tæplega 22 þúsunda tímarita, þar af 5.478 tímaritum beint frá útgefendum.

Í júní hóf safnið útlán raf- og hljóðbóka í samvinnu við Landskerfi bókasafna og Borgarbókasafn Reykjavíkur. Raf- og hljóðbækurnar eru lánaðar út í gegnum Rafbókasafnið en safnkostur þess er eins og er einkum á ensku. Vonir standa til að efni á íslensku bætist við á þessu ári. Regluleg örnámskeið um rafbókasafnið voru í boði fyrir gesti safnsins á árinu 2018 og voru þau ágætlega sótt. Rafbókasafnið er samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna, Borgarbókasafns Reykjavíkur og annarra almenningsbókasafna í landinu.

Kynningarmál

Kynningarmál hafa verið í góðum farvegi undanfarin ár en með aukinni samvinnu við önnur Menningarhús í Kópavogi hafa einhverjar breytingar orðið. Bókasafn Kópavogs hefur lagt áherslu á að senda inn fréttatilkynningar í þá Kópavogsmiðla sem út koma hverju sinni og fréttabréf með því sem er að gerast á safninu er sent út á póstlista hálfsmánaðarlega.

Vefsíða og samfélagsmiðlar

Vefsíða safnsins fékk upplýftingu um mitt ár en nýtt útlit og hönnun var unnin í samstarfi við Origo og Arnar Frey hjá Studio Studio. Á sama tíma bættist við net-spjallsþjónusta á vefsíðu safnsins.

Á vefsíðu safnsins og samfélagsmiðlum er áhersla lögð á kynningu stakra og fastra viðburða.

Viðburðir og viðburðadagatal

Um allan heim er þróun bókasafnsstarfs sú að æ meiri þungi starfseminnar færist yfir í viðburði af ýmsum toga. Bókasafn Kópavogs er þar engin undantekning en á safninu var aukning á viðburðum á árinu 2018 miðað við árið 2017. Auk sameiginlegra viðburða Menningarhúsa Kópavogs skipulagði safnið fjölmarga viðburði, bæði fasta og einstaka, fyrir börn og fullorðna. Hlutverk þeirra er að fræða, skemmta og laða að gesti sem annars hefðu kannski ekki ratað á safnið.

Nokkrir viðburðir eru orðnir fastir í starfsemi safnsins og má þar nefna eftirtalda:

- * Bókmenntaklúbburinn Hananú er opinn öllum. Hann hittist hálfsmánaðarlega og umsjón með honum hefur Sigurður Flosason. Klúbburinn hefur aðsetur í fjölnotasal á 1. hæð aðalsafns.
- * Hannyrðaklúbburinn Kaðlín er starfræktur vikulega yfir vetrartímann. Á árinu voru fengnir nokkrir gestir í klúbbinn með fræðslu um þrjón eða aðra handavinnu og var mikil ánægja með þá gesti sem komu.
- * Slökunarjoga er í boði vikulega yfir vetrartímann í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs, en starfsmaður stofunnar er jógakennari.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Stofnanir sviðsins Bókasafn Kópavogs

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Þrjú ný verkefni fóru í gang á árinu: Í byrjun árs hófst forritunarkennsla fyrir börn þar sem þeim var kennd grunnfærni í forritun með ýmsum óhefðbundnum leiðum. Verkefnið Lesið fyrir hunda fór einnig í gang í byrjun árs, en þar gefst börnum tækifæri á að lesa fyrir hund og æfa þannig færni sína í lestri án þess að fá gagnrýni. Bæði verkefni voru í boði mánaðarlega. Foreldramorgnar hófu göngu sína aftur á safninu í febrúar og hófust þeir af krafti þegar Ebba Guðný matargúru kom og ræddi við yfir 100 mæður og feður í fæðingarorlofi.

Ráðgjöf fyrir innflytjendur hélt áfram á árinu og þá bættist einnig við ráðgjöf fyrir pólskumælandi innflytjendur sem var í boði vikulega líkt og hefðbundna ráðgjöfin.

Sögustundir fyrir þriggja til sex ára börn hafa í áraraðir verið fastur liður yfir vetrarmánuðina. Þær halda alltaf vinsældum sínum en eru nú nær eingöngu sóttar af leikskólabörnum. Fjórar sögustundir eru haldnar í hverri viku, ein fyrir leikskólabörn á hvoru safni, ein fyrir börn í dægradvöl haldin á Lindasafni og ein opin fyrir alla á mánudögum á Lindasafni. Á árinu 2018 bættist fimmta sögustundin við, opin sögustund á miðvikudögum á aðalsafni.

Bókamarkaður hefur verið fastur liður í starfsemi safnsins í mörg ár. Hann er fyrstu vikuna í hverjum mánuði á aðalsafni og einnig yfir sumartímann á Lindasafni.

Aðrir viðburðir á árinu voru fjölmargir og eru þeir helstu taldir upp hér að neðan:

Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur kom á aðalsafn 31. janúar og fjallaði um nýjustu jólabækurnar eins og tíðkast hefur undanfarin ár.

Dagar ljóðsins í Kópavogi voru haldnir hátíðlegir 13.–21. janúar en 21. janúar er fæðingardagur ljóðskáldsins Jóns úr Vör, fyrsta bæjarbókavardar í Kópavogi, og árlega afhendir Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar ljóðaverðlaunin Ljóðstaf Jóns úr Vör á þeim degi.

Árleg febrúarerindaröð fjallaði að þessu sinni um barnabókina, en fjögur erindi um efnið voru haldin í tengslum við sýninguna Barnabókin í 100 ár sem var sett upp í fjölnotasal safnsins í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Sýningarstjóri og hönnuður sýningarinnar var Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir hönnuður.

Í byrjun maí sendi deildarstjóri barnastarfs bréf í grunnskóla bæjarins til að kynna sumarlestur fyrir sex til tólf ára börn sem stóð yfir frá 3. júní til 18. ágúst eins og hefð er orðin fyrir. Þetta sumarnámskeið er ókeypis og hugsað til að börnin viðhaldi þeirri lestrarleikni sem þau tileinka sér í skóla yfir veturinn. Þátttakendur fengu pésa til að skrá lestur sinn í og tóku jafnframt þátt í happaleik með því að fylla út miða fyrir hverja lesna bók. Dregið var úr miðunum vikulega og fengu 10 heppnir vinning. Í lokin var uppskeruhátíð þar sem þrír að auki fengu vinning og allir fengu hressingu.

Í maí var boðið upp á erindaröð um vorverkin í garðinum þar sem fengnir voru ýmsir sérfræðingar sem m.a. fræddu um pottaplöntur, sáningu, sumarblóm og trjáklippingar. Einnig var haldið erindi um matjurtagarða bæjarins í samstarfi við umhverfissvið.

Boðið var upp á andlitsmálun fyrir börn þegar Ísland spilaði á móti Argentínu á HM þann 16. júní og var vinsælt að koma við á safninu áður en farið var á Rútstún til að horfa á leikinn á skjá.

Björn Thoroddsen hélt útitónleika á svölum aðalsafns 23. júní við góðar undirtektir í blíðskaparveðri og sólstöðujóga var í boði á útivistarsvæði Menningarhúsanna sama dag.

Bókasafnsdagurinn var 8. september undir slagorðinu „Lestur er bestur – fyrir lýðræði“. Dagurinn er sérstakur tilhaldsdagur starfsfólks sem gerir vel við sig og lætur gesti njóta góðs af. Var frítt kaffi allan daginn í kaffikrök og kex með því og sérstakur leyndarmálaveggur var settur upp á aðalsafni.

Alþjóðlegi bangsadagurinn, 27. október, var haldinn hátíðlegur með bangsagetraun allan októbermánuð með afar góðri þátttöku og var dregið úr svörum laugardaginn 28. október. Hlutu 10 heppnir þátttakendur vinning sem að sjálfsögðu var myndarlegur bangsi.

Í norrænu bókmenntavíkunni var boðið upp á ritsmiðju með William Ryan sem fjallaði um draugasögur. Smiðjan var einnig í tengslum við bókmenntahátíðina Iceland Noir. William Ryan hélt ennfremur erindi á safninu í tilefni af bókmenntahátíðinni.

Aðventan er skemmtilegur tími á Bókasafni Kópavogs og er barnastarfið þá í hámarki. Bókasafnið tók þátt í aðventuhátíð bæjarins og spiluðu nemendur Tónlistarskóla Kópavogs ljúfa jólatónlist á miðvikudögum fram að jólum, gestum til mikillar gleði.

Tvo daga í desember voru haldnar bókakynningar sem nefndust „Höfundar bjóða í heimsókn“. Safnið fékk til sín skáldsagnahöfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref á rithöfundabrautinni og lásu þeir úr nýjum bókum sínum.

Jólabókaflóðinu var fagnað 30. nóvember með árlegu bókasþjalli sem Marianna Clara Lúthersdóttir stjórnaði að venju. Rithöfundarnir Auður Ava Ólafsdóttir, Friðgeir Einarsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir lásu úr nýjustu verkum sínum og tóku þátt í líflegum umræðum. Var fjölmenni á aðalsafni og allir skemmtu sér hið besta við góða dagskrá og léttar veitingar.

Sýningar

Sýningaraðstaða í fjölnotasal á 1. hæð var vel nýtt á árinu og er sýningartími nú fjórar vikur í senn. Alls voru átta sýningar á safninu og árinu lauk með sýningu á jólasveinamyndum í desember. Stærsta sýningin var sett upp í febrúar, Barnabókin í 100 ár, en sýningin var sett upp í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands og styrkt af fullveldissjóði.

Sameiginleg dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi á Bókasafni Kópavogs

Ýmsir sameiginlegir viðburðir Menningarhúsanna í Kópavogi voru í gangi allt árið. Má þar helst nefna tvær stærstu viðburðaraðirnar Fjölskyldustundir á laugardögum og Menningu á miðvikudögum. Í fjölskyldustundum var boðið upp á smiðjur, bingó, húllahringi, upplestra, leikrit o.fl. Menning á miðvikudögum var með fjölbreytta dagskrá, m.a. rithöfundahöfundasóknir og fræðslu af ýmsu tagi.

Aðrir sameiginlegir viðburðir voru m.a. Safnanótt, dagskrá í vetrarfríum grunnskólanna í Kópavogi og Barnamenningarhátíð.

Janúar

Fjölskyldustundir: Ratleikur, Spilavinir og listsmiðjan Búum til bók – Ljóðahátíðin Dagar ljóðsins – Erindi um jólabókaflóðið – Myndlistarsýningin Moss

Febrúar

Erindaröðin Uppruninn – Fjölskyldustundir: Bingó, Legósmiðja, perlusmiðja, vísindasmiðja – Bókamarkaður – Vetrarfrí grunnskóla: bíófjör, ritsmiðja og spilavinir – Menningarlegur miðvikudagur – Dagskrá á Safnanótt

Mars

Fjölskyldustundir: Legósmiðja og bingó – Myndlistarsýningin Tíminn og vatnið – Erindi: Missir.is

Apríl

Dagur barnabókarinnar – Fjölskyldustundir: Ratleikurinn Hvar er Valli?, Spilavinir og páskaföndur – Sumarfjör á sumardaginn fyrsta – Erindaröð um garðrækt – Myndlistarsýningin Beðið eftir vori – Dagskrá á Barnamenningarhátíð

Mai

Erindaröð um garðrækt – Fjölskyldustundir: Jón Víðis töframaður, flugdrekasmiðja - Myndlistarsýningin Hlýnun – Slökunarjóga

Júní

Sumarlestur – Ritsmiðja – Myndlistarsýningin Litirnir vega salt – Jónsmessutónleikar Björns Thoroddsen

Júlí

Sumarlestur – Ritsmiðja – Myndlistarsýningin Fjallasýn

Ágúst

Sumarnámskeið: Stefnumót við rithöfunda – Myndlistarsýningin Bókabrölt – Uppskeruhátíð sumarlestrar – Opnun lestrargöngu – Gjörningur: Lýsingarframleiðslan

September

Örnámskeið í Rafbókasafninu – Fjölskyldustundir: Ratleikir, töframaðurinn Jón Víðis, spiladagur – Myndlistarsýningin Ósama-samt-sama – Dagur læsis – Bókasafnsdagurinn

Október

Myndlistarsýningin Betra seint en aldrei – Menning á miðvikudögum: Matarmenning Íslendinga – Haustfrí grunnskóla: Star Wars bíó, vísindasmiðja og spiladagur – Bangsadagurinn – Fjölskyldustundir: Hrekkjavökusögustund og grímusmiðja

Nóvember

Menning á miðvikudögum: Enn er líf í dalnum – Fjölskyldustundir: Leiksýning Stopp leikhópsins – Hannyrðaklúbburinn Kaðlín – Bókmenntaklúbburinn Hananú – Erindi: Vegan mataræði – Erindi: Árvekni – Dagur íslenskrar tungu – Norræna bókasafnavikan

Desember

Fjölskyldustundir: Sögustund á náttfötum, jólaföndur og jólaperlusmiðja – Dagskrá á aðventuhátíð – Jólakattardagskrá – Höfundaheimsóknir – Bókaspjall – Jólatónlist á aðventunni

Fastir viðburðir yfir vetrarmánuðina

Sögustundir – Slökunarjóga – Lesklúbburinn Huginn – Hannyrðaklúbburinn Kaðlín – Bókmenntaklúbburinn Hananú – Heilahristingur heimanámsaðstoð – Skólaheimsóknir – Safnkynningar - Ráðgjöf fyrir innflytjendur – Fjölskyldustundir – Menning á miðvikudögum

Fastir viðburðir yfir sumarmánuðina

Sumarlestur – Ritsmiðjur – Sumarnámskeið – Útismiðjur

Safnfræðsla

Hefð er orðin fyrir því að bjóða fjögurra ára leikskólabörnum á námskeið í meðferð bóka á aðalsafni. Reynt er að hafa ekki fleiri en tíu börn í einu til að ná sem bestum árangri. Börnin lærðu um framkomu á safninu, að handleika bækurnar hreinlega, fletta varlega og leggja þær rétt frá sér. Í lokin tóku allir smápróf og fengu prófskírteini.

Heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanemendur hefur nú staðið til boða vikulega í tvö ár. Samtals voru 37 skipti á aðalsafni árið 2017 og 38 á Lindasafni.

Safnið hefur í gegnum tíðina haldið sumarnámskeið fyrir grunnskólanema í sumarfrí. Námskeiðið 2018 kallaðist „Stefnumót við rithöfunda – hvernig verður bókin til?“ og stóð það yfir síðustu vikuna fyrir skólabyrjun í ágúst. Á námskeiðið komu rithöfundar í heimsókn og spjölluðu við krakkana sem voru á aldrinum níu til tólf ára og einnig varið farið í heimsókn í prentsmiðju, auk þess sem krakkarnir unnu verkefni.

Menningarhúsin í Kópavogi stóðu einnig sameiginlega fyrir sumarnámskeiði fyrir börn, en markhópurinn var sex til níu ára. Þar fléttaðist saman ritlist, leiklist, myndlist og vísindi og skiptust börnin á að vera í húsunum.

Jólaötturinn er samstarfsverkefni Bókasafnsins og Náttúrufræðistofu sem boðið er upp á fyrir jólin. Gerð var fræðileg úttekt á kattardýrum og lesið var frumsamið ævintýri um jólaöttinn eftir Arndísi Þórarinsdóttur.

Safnið bauð grunnskólakennurum í Kópavogi upp á eins dags endurmenntunarnámskeið til undirbúnings fyrir kennslu í samstarfi við skólabókasöfn Kópavogs. Á námskeiðinu var fjallað um hvernig skólabókasöfn geta stutt við lestraráhuga og eflt hann og rannsóknir á sviði lestrarhvatar og tengsla við lesskilning kynntar.

Skólaheimsóknir

Síðustu ár hefur bókasafnið ásamt Menningarhúsunum í Kópavogi unnið markvisst að því að auka samstarf við grunnskóla Kópavogs og Bókasafnið lagði svo sannarlega sitt af mörkum til að sporna við minnkandi lestri yngri kynslóðarinnar.

1. bekkjar komu í heimsókn á safnið í maí, við lok skólaárs. Þetta gekk vel og það var ánægjulegt að bjóða nemendum sem voru nú orðnir hagvanir í skólanum í heimsókn á safnið til að minna þá á mikilvægi þess að halda áfram að lesa sér til gleði yfir sumarið. Þetta gekk svo vel að ákveðið var að gera bókasafnsheimsóknirnar að föstum lið framvegis.

Í lok nóvember komu um hressir 9. bekkjar í heimsókn á aðalsafn og hittu rithöfundana Gerði Kristnýju, Jón Gnarr og Andra Snæ Magnason. Þau deildu reynslu sinni af því hvernig bók verður til og ræddu um sköpunarferlið og hugmyndavinnu.

Fræðsludagskrá Bókasafns Kópavogs 2018

Leikskólabörn
Sögustundir – Námskeið í meðferð bóka – Safnkynningar og heimsóknir – Barnamenningarhátíð – Jólaöttardagskrá

Grunnskólabörn
Bókastund fyrir dægradvöl – Safnkynningar og heimsóknir – Skólaheimsóknir 1. og 9. bekkjar – Heilahristingur heimanámsaðstoð – Lestrarhvetjandi verkefni – Ritsmiðjur á Dögum ljóðsins og í skólafríum

Helstu verkefni 2019

Safnkostur

Gagnafl, innkaup og grisjun safnkosts verður í samræmi við aðfangastefnu safnsins og enn meiri áhersla á eftirspurn lánþega. Áhersla verður lögð á að grisja „dauðan“ safnkost og mikilvægi þess að nýta plássið með safnkosti sem er virkur. Í byrjun árs verða geisladiskar grisjaðir út.

Þjónusta

Útlán í sjálfsafgreiðsluvél verða áfram í brennidepli, en á árinu verður bætt við sjálfsafgreiðsluvél á aðalsafn. Þjónusta gagnvart innflytjendum og fjölskyldum með annað móðurmál en íslensku verður aukið á árinu með samstarfi við menntasvið, ráðgjöf fyrir foreldra barna með annað móðurmál en íslensku og skoðað hvort velferðarsvið kæmi að dagskrá fyrir þennan hóp.

Markaðs- og kynningarmál

Gerður verður nýr kynningarbæklingur um safnið til dreifingar á safninu og í stofnunum bæjarins.

Viðburðir, fræðsla og sýningarhald


Viðburðir og fræðsla á safninu eru í sífelldri þróun og á árinu er stefnt að því að leggja áherslu á fjölmenningu og viðburði sem höfða til fólks sem er af erlendu bergi brotið. Stefnt er að því að hefja verkefni sem nefnist Lestrarvinir og gengur út á það að auka lesskilning, bókaáhuga og íslenskukunnáttu barna af erlendum uppruna. Í tuttugu vikur fara sjálfboðaliðar vikulega í heimsókn til fjölskyldnanna, með nýtt og spennandi lesefni í farteskinu, og lesa upphátt fyrir börnin. Lestrarvinir eiga að örva lestraráhuga barnanna og efla færni þeirra í íslensku.

Fræðslutengdir viðburðir og kynningar á áhuga-verðum viðfangsefnum verða áfram í boði. Sýningarhald verður áfram með svipuðu sniði og áður á aðalsafni.

Húsnæði og búnaður
Á árinu verður vinnurými aðalsafns tekið í gegn og tvö vinnurými sameinuð til að fá fjölnotasal fyrir húsið. Einnig verða afgreiðslur Bókasafnsins og Náttúrufræðistofu Kópavogs á 1. hæð sameinaðar í eina í miðjurými hæðarinnar. Afgreiðslan á 2. hæð safnsins verður endurnýjuð og færð til og setrymum og lesrymum fjölgað. Setustofa/biðstofa á 2. hæð fær ný húsgögn og smíðaðar verða útstillingarhillur fyrir bækur um allt safnið. Það eru því spennandi tímar framundan á safninu.


Stefnt er að því að klára allar innan- og utanhússmerkingar samkvæmt nýju útliti safnsins. Settar verða upp öryggismyndavélar á aðalsafni í byrjun árs.

Skipting tekna



A	0,49	Tekjur af útlánnum
B	0,31	Aðrar tekjur
C	0,4	Vörusala 24,0% vsk
D	0,15	Vörusala án vsk

Skipting gjalda



A	0,54	Starfsmannakostnaður
B	0,11	Vörukaup
C	0,35	Þjónustukaup

MENNINGARGRÓUN Í KÓPAVOGI

Stofnanir sviðsins Bókasafn Kópavogs

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Lykiltölur

	Rauntölur 2016	Rauntölur 2017	Rauntölur 2018	Markmið 2019	Markmið 2020
Gestafjöldi – heildartala		156.474	158.025	160.000	164.000
Aðalsafn		141.643	141.972	144.700	148.000
Lindasafn		14.831	16.053	17.000	17.500
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum		324	505	550	580
Skólanemar utan skipulagðra heimsókna		1.053	2.082	2.300	2.400
Fjöldi viðburða		253	508	600	650
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur		71	320	370	420
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna		0	1	1	1
Safnkostur		86.996	83.116	82.000	80.000
Aðalsafn		70.753	67.455	66.539	64.739
Lindasafn		16.243	15.661	15.461	15.261
Útlán	198.899	194.024	193.711	195.000	196.000
Aðalsafn		162.657	161.640	162.929	163.929
Lindasafn		31.367	32.071	32.071	32.071
Samstarfsaðilar		12	13	15	20
Bókin heim (fjöldi notenda)		23	20	20	20

Fjármál 2019 Frumvarp 2019 (í þús.kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	12.735
----------------	--------

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	113.205
Annar rekstrarkostnaður	95.054

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða	-195.524
--------------------	----------

Starfsmannafjöldi 2018

Heildarfjöldi starfsmanna	22
Fjöldi stöðugilda	15



GERÐARSAFN

Hlutverk

Gerðarsafn er framsækið nútíma- og samtímalistasafn þar sem lögð er áhersla á að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun. Safnið stendur fyrir öflugri og metnaðarfullri sýningardagskrá sem ætlað er að endurspeglja strauma og stefnur samtímans samhliða sýningum á verkum úr safneign. Metnaður, listrænt gildi, aðgengileg og upplýsandi fræðsla og þjónusta er höfð í fyrirrúmi í tengslum við alla starfsemi safnsins.

Gerðarsafn hefur það að meginhlutverki að varðveita listaverkæign Kópavogsbæjar, safna, miðla, og varðveita safneignina. Gerðarsafn starfar samkvæmt stofnskrá og í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM).

Leiðarljós

Gerðarsafn hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi listasafna á Íslandi. Starfsemi safnsins endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu, Gerði Helgadóttur (1928–1975). Sköpunarkraftur og tilraunastarfsemi Gerðar er leiðarstefið í sýningargerð, viðburðum og fræðslustarfi. Verk hennar og arfleifið er virkjuð í samtali við samtímalist og hugðarefni samtímans.

Gerðarsafn leitast við að tengjast gestum sínum á nýjan hátt; dýpka samtal, áhuga og skilning á myndlist og menningu. Gerðarsafn er staður til að doka við og njóta samverustunda, vettvangur til íhugunar og uppfyllingar, og farvegur fyrir áskoranir og ögrandi hugmyndir.

Gerðarsafn trúir á mátt myndlistar og menningar og veitir aukin lífsgæði í opnu og frjálsu samfélagi.

Markmið

Gerðarsafn leggur upp úr því að vera leiðandi safn og vettvangur samtímalistar á Íslandi. Með fjölbreyttu sýningarhaldi er ekki einungis ætlunin að endurspeglja og veita nýja sýn á mikilvæga þætti listasögunnar, heldur einnig að varpa ljósi á lifandi tungumál samtímalistarinnar.

Markmið safnsins er að blása krafti og forvitni í safnfræðslu með skapandi og persónulegri nálgun á viðfangsefnið hverju sinni. Að efla samband við nærumhverfið með fjölbreyttum viðburðum og fræðslu í tengslum við sýningar safnsins. Jákvætt og opið viðmót gagnvart öllum gestum er eitt af grunnildum safnsins og gestir eru leiddir til samtals á eigin forsendum.

Frumkraftur og frumkvöðlastarf endurspeglast í starfsemi Gerðarsafns og er sérstaða safnsins leiðandi í allri ímynd og kynningu.

Gerðarsafn starfar í alþjóðlegu samhengi myndlistarinnar og hefur það að markmiði að efla tengsl og samvinnu við listamenn, sýningarstjóra og samstarfsaðila á alþjóðavísu.

Starfsemi 2018

Gerðarsafn er í eigu Kópavogsbæjar og leggja eigendur fram stærstan hluta rekstrarfjár samkvæmt fjárframlögum Kópavogsbæjar. Árið 2018 hlaut Gerðarsafn símenntunarstyrk, rekstrar- og verkefna- styrk úr safnasjóði safnaráðs og verkefnastyrki úr Myndlistarsjóði. Aðrir tekjuliðir voru aðgangseyrir, vörusala og útleiga.

Starfsmenn

Föst stöðugildi árið 2018 voru 3,1. Tveir starfsmenn eru í 100% starfi; Kristín Dagmar Jóhannsdóttir forstöðumaður og Brynja Sveinsdóttir verkefnastjóri. Kristín Dagmar sagði upp störfum í febrúar 2019. Nýr forstöðumaður, Jóna Hlíf Halldórsdóttir hóf störf 15. júlí. Tveir starfsmenn eru í móttöku og gæslu (54,99% hvor); Anna Karen Skúladóttir og Hildur Rut Halblaub. Til að uppfylla öryggiskröfur var bætt við starfsmönnum um helgar á árinu 2018 og voru því tveir starfsmenn í húsi alla daga.

Á undanförunum þremur árum hefur gestafjöldi í safnið aukist mikið. Ef tekið er mið af stærð og umfangi í starfsemi Gerðarsafns var mönnun árið 2018 í algjöru lágmarki.

Símenntun

Menningarhúsin í Kópavogi standa reglulega fyrir sameiginlegri símenntun og fræðslu. Gerðarsafn hvetur starfsmenn til að sækja og kynna sér fjölbreyttar leiðir til símenntunar á eigin vegum. Gerðarsafn hlaut símenntunarstyrk safnasjóðs fyrir forstöðumenn Menningarhúsanna í Kópavogi til að fara í þverfaglega safnaferð til Amsterdam haustið 2018. Menningarhúsin í Kópavogi í samvinnu við Hönnunarsafn Íslands og Hafnarborg sóttu Siða-reglunámskeið ICOM árið 2018. Gerðarsafn hlaut símenntunarstyrk frá safnasjóði fyrir árið 2018 til að halda námskeið í meðhöndlun listaverka sem áætlað er að halda árið 2019.

Stjórn og listráð

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar er jafnframt stjórn Gerðarsafns - sjá bls. 5.

Listráð Gerðarsafns veitir faglega ráðgjöf um listræna starfsemi og stefnumótun safnsins í samvinnu við forstöðumann safnsins. Í Listaráði skipunartímabilið 27. maí 2016 – 27. maí 2018 sátu: Bjarni Sigurbjörnsson, Ólöf Nordal og Sirra Sigrún Sigurðardóttir. 19. október 2018 hófst nýtt skipunartímabil og kom Hanna Styrmsdóttir í stað Ólafar Nordal en hélst ráðið annars óbreytt. Haldnir eru fjórir fundir á ári.

Söfnunar- og innkaupastefna

Forstöðumaður Gerðarsafns í samráði við Listráð vann að nýrri söfnunar- og innkaupastefnu safnsins. Ný söfnunar- og innkaupastefna var lögð fyrir og samþykkt af Lista- og menningarráði Kópavogsbæjar sem veitir 3.500.000 kr. til listaverkakaupa árin 2018 og 2019, eða 7.000.000 kr. í heildina. Árið 2018 voru keypt verk eftir fjórar samtímalistakonur: Verkið *Án titils* frá 1995/2017 eftir Guðrúnu Hrönn Ragnarsdóttur, sem sýnt var á sýningunni Normið er ný framúrstefna í Gerðarsafni 2017. Textíilverkið *Friður* frá 1995 eftir Hólmsfríði Árnadóttur, sem sýnt var á einkasýningunni Hughrif í Gerðarsafni 2014. Verkin *Súla* og *Undirstaða* úr seríunni Hvaðan kom tímalínan? frá 2017 eftir Ragnheiði Gestsdóttur, sem sýnd voru á sýningunni Innra, með og á milli í Gerðarsafni 2017. Verkin *Rými vináttu (Elin)*, 1–5 og *Innanhús framleiðsla*, 1–3, frá 2017 eftir Theresu Himmer, sem einnig voru sýnd á sýningunni Innra, með og á milli í Gerðarsafni 2017. Gerðarsafni voru gefin þrjú málverk eftir Daða Guðbjörnsson á árinu 2018: *Hin rósfingraða morgungyðja* frá 2001, *Krákur yfir akri* frá 1992 og *Norðurljós* frá 2006.

Kynningarmál

Hugað var að kynningarmálum og aukinni samvinnu við önnur Menningarhús Kópavogs. Gerðarsafn nýtir sér almennar kynningarleiðir á borð við fréttatilkyningar, boðskort í pósti og tölvupósti og samskipti við fjölmiðla í tengslum við viðburði. Lögð hefur verið áhersla á að efla samfélagsmiðla á borð við Facebook og Instagram. Ný vefsíða var opnuð vorið 2018 samhliða nýjum síðum fyrir öll Menningarhús Kópavogs. Umfjöllun um sýningar og starfsemi safnsins var mjög góð og birtist í ýmsum miðlum; prentmiðlum, útvarpi og sjónvarpi, þar á meðal menningarumfjöllun Fréttablaðsins og Morgunblaðsins, útvarpsumfjöllun í Víðsjá og Lestinni og sjónvarpsumfjöllun um sýningarnar Líkamleiki og Útskriftarhátíð meistaranema frá Listaháskóla Íslands í Menningunni í Kastljósi.

Opnunartími

Fastur opnunartími Gerðarsafns er alla daga kl. 11–17 nema mánudaga. Lokað er yfir hátíðardaga, t.a.m. páska og milli jóla og nýárs. Hægt er að óska eftir aðgangi utan auglýsts opnunartíma og er t.d. gjarnan tekið á móti skólanemendum og öðrum hópum á morgnana fyrir opnun safnsins auk mánudaga þar sem skrifstofan er opin alla virka daga kl. 9–17.

Veitingastaðurinn Garðskálinn starfaði á neðri hæð safnsins til 1. júní 2018. Veitingastaðurinn Pure Deli hóf starfsemi sína í Gerðarsafni 16. nóvember 2018 og er opin samhliða safninu.

Aðgangseyrir

Bæjarráð samþykkti breytingar á gjaldskrá Gerðarsafns fyrir 2018. Aðgangseyrir er 1.000 krónur fyrir almenna gesti, 500 kr. fyrir námsmenn og frítt fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára, aldraða og öryrkja. Félagar í SÍM, ICOM, FÍMK og FÍSOS fá frítt í safnið gegn framvísun skírteinis. Tekinn er upp aðgangseyrir á miðvikudögum. Aðgangur er ókeypis á ákveðnar sýningar og viðburði, frítt er á sýningaropnanir, Fjölskyldustundir, Menningu á miðvikudögum og sérstaka viðburði sem auglýstir eru sérstaklega, t.a.m. Safnanótt og Aðventuhátíð. Frítt er í safnið á meðan á sýningu MA-nema og Cycle-listahátíðinni stendur.

Safneignin

Skipuleg söfnun listaverka í Kópavogi hófst á tíu ára afmæli bæjarins árið 1965 þegar samþykkt var að stofna Lista- og menningarsjóð og verja til hans fastri árlegri fjárhæð. Í safneign Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns eru nú um 4.250 verk. Uppistaðan er um 1.400 verk eftir Gerði Helgadóttur myndhöggvara sem Kópavogsbær fékk að gjöf frá erfingjum hennar árið 1977. Í gjöf Minningarsjóðs Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar, sem barst bænum árið 1983, voru um 300 verk eftir þau hjónin. Frá því að safnið tók til starfa hafa því borist að gjöf frá stofnunum og einstaklingum um 160 verk. Árið 2009 færðu börn Valgerðar Briem listakonu safninu að gjöf 1.640 verk, aðallega teikningar eftir móður þeirra. Verk sem ýmist hafa verið keypt fyrir fé Lista- og menningarráðs eða gefin til safnsins af einstaklingum eru nú um 650 að tölu. Langflest eru eftir íslenska listamenn, einkum núlifandi. Eftir því sem næst verður komist er málverkið Kvöld í Kópavogi, 1965 eftir Eirík Smith fyrsta verkið sem keypt var til bæjarins árið 1965.

Vörslusamningur:

Listaverkasafn ÞG/IG

Árið 2001 gerðu Gerðarsafn og stjórn Listaverkasafns ÞG/IG, einkasafns Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur, með sér vörslusamning sem nú er fallinn úr gildi. Forstöðumaður Gerðarsafns lagði til árið 2016 að undirritaður yrði tímabundinn samningur á meðan tekin yrði afstaða til listaverkasafnsins. Samningur er ekki frágenginn. Unnið er að framtíðaráætlun í samráði við stjórn Listaverkasafns ÞG/IG.

Verk í almenningsrými og opinberum stofnunum

Talsvert af listaverkæign safnsins er á bæjarskrifstofum og öðrum stofnunum bæjarins. Á árinu 2017 voru stjórnarsýslusvið, menntasvið, umhverfissvið og móttaka bæjarskrifstofa flutt á Digranesveg 1. Vegna flutninganna voru þau verk úr safneign Gerðarsafns sem voru á sviðunum í Fannborg 2 flutt í listaverkageymslu safnsins. Verkin voru í heild um 65 talsins.

Undir lok árs 2017 hófst vinna við að velja og setja upp verk úr safneign Gerðarsafns í nýjar bæjarskrifstofur á Digranesvegi 1. Árið 2018 var unnið að því að setja upp ný verk í öllum skrifstofurýmum í samráði við bæjarstjóra og aðra starfsmenn. Unnið var þematengt með hverja deild og verk valin í samræmi við settar áherslur.

Skráning

Skráning á safneign Gerðarsafns hefur verið þrískipt á milli spjaldskrár, FileMaker Virtual Collection og Sarps síðastliðin ár. Öll rafræn skráning á safneign Gerðarsafns var flutt yfir í Sarp sumarið 2016 með styrkjum frá safnasjóði og er skráning yfir verk Gerðar Helgadóttur opin almenningi á ytri vef Sarps. Sumrin 2017 og 2018 var unnið að yfirferð á skráningu á spjaldskrá og í FileMaker undir handleiðslu Brynju Sveinsdóttur, verkefnastjóra safneignar og upplýsingum komið yfir á Sarp til að hægt væri að leggja fyrri kerfum. Við yfirferðina kom í ljós að mikið af upplýsingum væri aðeins að finna á spjaldskrá auk þess sem myndir sem höfðu fylgt FileMaker skráningunni yfir í Sarp voru margar illgreinanlegar. Í verkefninu fólst því talvert meiri handavinna en ætlað var og mun verða unnið að yfirferðinni áfram. Skráning á verkum talsvert ítarlegri og aðgengilegri en verið hefur og sótt var um viðbótarstyrk til skráningar í safnasjóð fyrir árið 2019.

Húsnæði og búnaður

Gerðarsafn er í jaðri Borgarholtsins í Kópavogi og var opnað árið 1994. Benjamín Magnússon arkitekt teiknaði húsið. Tveir 200 m² sýningarsalir eru á efri hæð. Á neðri hæð safnsins er fjölnotasalur, listaverkageymsla, tæknirými og snyrtingar. Að sunnanverðu á neðri hæð er kaffistofa undir glerhýsi. Rekstrar aðili er Heiðarlegur matur ehf. (Pure Deli) og er staðurinn opinn í samræmi við Gerðarsafn. Safnið hefur afnot af geymslurými fyrir sýningarbúnað í kjallara Safnaðarheimilis Kópavogskirkju og leigir geymslu í Hamraborg.

Í lok árs 2018 var loftræstikerfi Gerðarsafns endurnýjað af Raflofti ehf. og var verkinu lokið vorið 2019. 2019–2020 er fyrirhugað að endurnýja lýsingu í sýningarsölum Gerðarsafns en gríðarleg þörf er á endurnýjun ljósabúnaðar í safninu.

Viðburðir 2018

Mikil aukning varð í viðburða- og fræðslu-dagskrá á árinu 2018 og voru viðburðirnir 66 talsins. Meðal viðburða á árinu voru leiðsagnir, listamanna- og sýningar-spjall, smíðjur tengdar sýningum og safneign safnsins, þar á meðal Fjölskyldustundir og Menning á miðvikudögum, þvert á Menningarhúsin í Kópavogi. Eftirfarandi viðburðir fóru fram í Gerðarsafni á árinu:

Opnun sýninga

19/1
Líkamleiki

28/4
MA 2018
Útskriftarsýning

31/5
Gerður | Yfirlit

24/8
Skúlptúr/Skúlptúr

25/10
Listahátíðin Cycle |
Einungis allir

Sýningarmiðaðir viðburðir

7/1
Staðsetningar |
Listamannspjall
með Einari Garibalda
Eiríkssyni og Kristjáni
Steingrími Jónssyni

21/1
Líkamleiki | Lista-
mannspjall með
Báru Kristinsdóttur,
Claire Paugam,
Eva Ísleifsdóttur og
Katrínu Elvarsdóttur

4/3
Líkamleiki | Lista-
mannspjall með
Eirúnu Sigurðardóttur,
Unu Margréti Árna-
dóttur og Erni
Alexander
Ámundasyni

8/4
Líkamleiki |
Listamannspjall með
Elínu Hansdóttur,
Haraldi Jónssyni og
Margréti Bjarnadóttur

14/4
Líkamleiki |
Gjörningastund með
Unu Margréti
Árnadóttur og Erni
Alexander
Ámundasyni

4/5
Útskriftarsýning
meistaránema við
LHÍ | Fyrirlestur með
Didier Semin

6/5
Útskriftarsýning
meistaránema við
LHÍ | Leiðsögn með
meistaránemum í
myndlist

8/5
Útskriftarsýning
meistaránema við
LHÍ | Fyrirlestur Max
Mollon um Design
Fiction Club

13/5
Útskriftarsýning
meistaránema við
LHÍ | Vinnustofa um
sársauka með
Michelle Site

13/5
Útskriftarsýning
meistaránema við
LHÍ | Leiðsögn með
meistaránemum í
hönnun

19/8
Gerður: Yfirlit |
Sunnudagsleiðsögn
með safnstjóra

26/8
SKÚLPTÚR/
SKÚLPTÚR |
Listamannspjall með
Jóhönnu Kristbjörgu
Sigurðardóttur

9/9
SKÚLPTÚR/
SKÚLPTÚR |
Gjörningur og
listamannspjall með
Styrmi Erni
Guðmundssyni

23/9
SKÚLPTÚR/
SKÚLPTÚR |
Listamannspjall með
Áslaugu Írisi Katrínu
Friðjónsdóttur

7/10
SKÚLPTÚR/
SKÚLPTÚR |
Listamannspjall með
Steinunni Önnudóttur

25/10
Opnun sýningarinnar
Einungis allir og
gjörningar: Adam
Christensen, Bendik
Giske, Bryndís
Björnsdóttir, Þráinn
Hjálmarsson, Brynjar
Sigurðarson og
Veronika Sedlmair

26/10
Listahátíðin Cycle |
Málstofa: Hringflauta

27/10
Listahátíðin Cycle |
Gjörningur Mariu
Dalberg og
sýningarstjóraspjall
með Jonatan Habib
Engqvist, Guðnýju
Guðmundsdóttur og
Söru S. Öldudóttur

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

9/12
Listahátíðin Cycle |
Leiðsögn um
sýninguna Einungis
allir

14/12
Listahátíðin Cycle |
Tónleikar: Hringflauta

Fjölskyldustundir

27/1
Leirum okkur sjálf

17/2
Barbara ferðalangur

10/3
Sjálfsmyndasmiðja
óháð tungumáli

9/6
Gerður ferðalangur

23/6
Endur Hugsa:
Sumarsólstöður

30/6
Klippimyndir í Stúdío
Gerðar

7/7
Endur Hugsa um
galdra (ii)

28/7
Endur hugsa útópískt
(ii)

1/9
Fjölskyldusmiðja |
Skúlptúrsmiðja í
Stúdío Gerðar

22/9
Gjörningastund með
Styrmi

6/10
Skúlptúr heimar

24/11
Glerperlur og Morse-
kóði

1/12
Aðventuhátíð – smíðja

15/12
Jólamerkimiðar

Menning á miðvikudögum

31/1
Hádegisleiðsögn um
sýninguna Líkamleika

28/2
Barbara og
Barnabækur

21/3
Sýningarstjóraspjall
um sýninguna
Líkamleiki

2/5
Gjörningur um
skírdreymi: Maria-
Magdalena Ianchis

13/6
Hádegisleiðsögn með
safnstjóra um
sýninguna Gerður:
Yfirlit

20/6
Hádegisleiðsögn um
Kópavogskirkju

20/6
Endur Hugsa: Endur
hugsa sinn gang (i)

27/6
Hádegisleiðsögn og
tónleikar með
Bachelsi

4/7
Endur Hugsa: Endur
hugsa um galdra (i)

25/7
Endur hugsa
útópískt (i)

15/8
Leiðsögn í
Kópavogskirkju

12/9
Hádegisleiðsögn um
sýninguna
SKÚLPTÚR/
SKÚLPTÚR

7/11
Fullveldið og
samstaðan

Námskeið

19.–20/2
Námskeið í vetrarfríi
– Danssmíðja

16.–20/4
Barnamenningarhátíð
– smíðjur

13.–17/8
Sumarnámskeið

Aðrir viðburðir

2/2
Safnanótt

21/2
Styrktartónleikar
Kópavogskirkju

19/4
Sumardagurinn fyrsti

21/4
Uppskeruhátíð
Barnamenningar-
hátíðar

24/5
Bæjarlistamaður
Kópavogs útnefndur

26/5
Útskriftarviðburður
listkennsludeildar LHÍ

17/6
17. júní – skapandi
sumarstörf

12/7
Sumartónleikar
Bachelsi

26/7
Tónleikar: Lokahátíð
Skapandi sumarstarfa

3/10
Women Tech Iceland

9/10
Hugleiðsludagur unga
fólksins 2018

15/11
Opnun Pure Deli

Stofnanir sviðsins Gerðarsafni

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Fræðsla

Mikil áhersla hefur verið lögð á fræðslu í Gerðarsafni og Menningarhúsunum í Kópavogi síðastliðin ár og hefur heimsóknum skólabarna fjölgað gríðarlega. Skólabörn af öllum skólastigum komu í fræðslu á safnið árið 2018. Heildarfjöldi skólanema í skipu- lögðum heimsóknum á safnið árið 2018 var 1.719. Auk skólaheimsókna hafa viðburðirnir Fjölskyldu- stundir á laugardögum og Menning á miðvikudögum fest sig í sessi, þar sem boðið er upp á fríar vikulegar smiðjur, leiðsagnir, tónleika og fyrirlestra í öllum Menningarhúsum Kópavogs.

Skipulagðar heimsóknir í Menningarhúsin í Kópavogi

Boðið var upp á tvær ólíkar þemaheimsóknir í Gerðarsafn árið 2018. Elstu deild leikskólanna var boðið í leiðsögn um sýninguna Líkamleiki og listasmiðju í Stúdíói Gerðar í febrúar/mars 2018. Nemendum í 6. bekk í grunnskólum í Kópavogi var boðið í leiðsögn um sýninguna Einungis allir á Listahátíðinni Cycle og skapandi vinnu í kjölfarið í október/nóvember 2018. Fjöldi nemenda í þemaheimsóknunum var 405.

Leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar

Boðið var upp á sérsniðnar leiðsagnir og heimsóknir í Gerðarsafn fyrir alla aldurshópa skólastiganna. Skóla- hópar koma í leiðsagnir um yfirstandandi sýningu safnsins þar sem lögð er áhersla á samtal og túlkun nemenda á verkunum. Fyrir áhugasama hópa, sérstaklega þá yngri, hefur einnig verið boðið upp á sérsniðnar smiðjur í Stúdíói Gerðar í tengslum við sýningarnar hverju sinni.

Yfirlit yfir sýningar 2018

LÍKAMLEIKI

19. janúar – 15. apríl

Sýningin LÍKAMLEIKI var hugleiðing um líkamann eins og hann birtist í samtímalist. Á sýningunni voru valin verk eftir listamenn sem áttu það sammerkt að vísa í líkamann og líkamleika af ýmsu tagi.

Leiðarljós sýningarinnar var maðurinn sem líkamleg vera sem upplifir, bregst við og á samskipti við annað fólk, náttúru og borgarumhverfi. Titill sýningarinnar var fenginn að láni úr fyrirbærafræði, sem er grein innan heimspeki þar sem gerð er tilraun til að endurheimta einlæg tengsl mannsins við heiminn í gegnum lýsingu og könnun á reynslu okkar. Líkami okkar leikur veigamikið hlutverk í upplifun okkar á heiminum og var hugtakið líkamleiki notað til að sýna hvernig líkaminn er „aðstaða okkar, upphafsreitur og það sem ljær okkur tak okkar á heiminum.“

Listamenn	Bára Kristinsdóttir Claire Paugam Eirún Sigurðardóttir Elín Hansdóttir Eva Ísleifsdóttir Guðrún Benónýsdóttir Haraldur Jónsson Shoplifter / Hrafnhildur Arnardóttir Hrafnkell Sigurðsson Hreinn Friðfinnsson Katrín Elvarsdóttir Klængur Gunnarsson Margrét Bjarnadóttir Roni Horn Sigurður Guðmundsson Steina Una Margrét Árnadóttir og Örn Alexander Ámundason.
-----------	--

Sýningarstjóri Brynja Sveinsdóttir

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

ÚTSKRIFTARSÝNING MA-NEMA Í MYNDLIST OG HÖNNUN

28. apríl – 13. maí

Á útskriftarsýningu meistaranema í hönnun og myndlist frá Listaháskóla Íslands mátti sjá afrakstur tveggja ára háskólanáms á meistarastigi þar sem hönnuðir og myndlistarmenn fengu tækifæri til að þróa og styrkja rannsóknir sínar á viðkomandi fagsviðum. Áhersla var lögð á skapandi og greinandi hugsun sem nýtist við framsækin verkefni á sviðum hönnunar og myndlistar á Íslandi.

Útskriftarnemar í myndlist	Andreas Brunner Arnar Ómarsson Clara Bro Uerkvitz Einar Örn Benediktsson Juliane Foronda Juliette Frenay & Maria-Magdalena Ianchis.
----------------------------	---

Útskriftarnemar í hönnun	Andrés Julián León Cruz Arjun Singh Árdís Sigmundsdóttir Guðrún Margrét Jóhannsdóttir & Michelle Site.
--------------------------	--

Sýningarstjóri	Brynja Sveinsdóttir
----------------	---------------------

Stofnanir sviðsins Gerðarsafn

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

GERÐUR: YFIRLIT
31. maí – 12. ágúst

Á sýningunni GERÐUR: YFIRLIT var sjónum beint að fjölbreyttum listferli og ævi Gerðar Helgadóttur (1928–1975) myndhöggvara, allt frá námsárum hennar til síðustu æviára, en Gerður lést fyrir aldur fram aðeins 47 ára gömul. Tók hún fyrst íslenskra kvenna forystu í höggmyndalist og var braut- ryðjandi í þrívíðri abstraktlist og glerlist hérlendis.

Til grundvallar sýningunni voru 1400 verk Gerðar Helgadóttur úr safneign Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns, en erfingjar lista- konunnar gáfu verkin til Kópavogsbæjar árið 1977. Gerðarsafn var reist í minningu Gerðar og opnað árið 1994. Sköpunarkraftur og tilrauna- starfsemi Gerðar er leiðarstef í starfsemi safnsins sem einnig endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu.

Sýningin var sett upp í tilefni nírræðisafmælis Gerðar og hlaut verkefnið styrk úr safnasjóði.

Sýningarteymi	Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, Brynja Sveinsdóttir, Studio Studio (Arnar Freyr Guðmundsson), Friðrik Steinn Friðriksson & Hreinn Bernharðsson.
---------------	--

SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR
24. ágúst – 7. október

Sýningaröðinni SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR var ætlað að skoða skúlptúrinn í samtímanum og þróun þrívíðrar myndlistar, en jafnframt átti hún að heiðra Gerði Helgadóttur og framlag hennar til íslenskrar höggmyndalistar. Titillinn vísar til sýningarinnar Skúlptúr / skúlptúr / skúlptúr sem haldin var á Kjarvalsstöðum árið 1994 og gaf yfirlit yfir höggmyndalist þess tíma.

Þessi þriðja sýning í röðinni var með öðru sniði en áður þar sem fjórir starfandi listamenn gengu til móts við Gerði í yfirstandandi sýningu sem opnuð var fyrr um sumarið í tilefni af níutíu ára fæðingarafmæli hennar. Enginn einn samnefnari var með listafólkinu sem tók þátt í sýningunni en með því að stefna því saman í samtal um skúlptúr var forvitnilegt að skoða vísanir þess í söguna og samtímann.

Listamenn Áslaug Íris Katrín Friðjónsdóttir
Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir
Steinunn Önnudóttir og Styrmir Örn Guðmundsson.

EINUNGIS ALLIR
25. október – 6. janúar 2019

Sýningin EINUNGIS ALLIR var hluti af Listahátíðinni Cycle. Þema hátíðarinnar, „Þjóð meðal þjóða“, beindi sjónum að áleitnum spurningum sem vörðuðu frelsisbaráttu og þjóðernishugmyndir í samhengi við 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Út frá þessum hugleiðingum var sýningunni Einungis allir ætlað að opna umræðu um það hvað vestrænt samfélag fæli í sér. Í verkum sýningarinnar velti listafólkið fyrir sér sjálfsmyndum þjóða, tungumáli, fólksflutningum, frelsi og uppfloknun í nútíma og fortíð. Sýningin þandi jafnframt út hefðbundin landmæri milli samtímalistar, tónlistar, poppmenningar og ljóðlistar með því að stilla samhliða fram verkum myndlistarmanna, hönnuða, tónlistarmanna og ljóðskálda.

Listamenn Adam Christensen
Anna Júlía Friðbjörnsdóttir
Anna Rún Tryggvadóttir
Athena Farrokzhad
Bendik Giske
Bryndís Björnsdóttir
Childish Gambino
Erla S. Haraldsdóttir
Hulda Rós Guðnadóttir
Joseph Beuys
Julius von Bismarck + Julian Charrière
Lap-See Lam & Wingyee Wu
Libia Castro & Ólafur Ólafsson
Magnús Sigurðarson
Melanie Ubaldo
Meriç Algün
Pinar Öğrenci
Sara Kramer
Sarah Rosengarten & Hrefna Hörn Leifsdóttir
Slavs & Tatars
Steinunn Gunnlaugsdóttir
Unnar Örn
Þráinn Hjálmarsson
Brynjar Sigurðarson & Veronika Sedlmair.

Sýningarstjóri Jonatan Habib Engqvist

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

SÝNINGARDAGSKRÁ
2019–2020

Ó, HVE HLJÓTT, TÓNLIST EINS OG VIÐ SJÁUM
HANA: MYNDLIST OG KVIKMYNDIR
12. janúar – 31. mars 2019

Verk listamannanna Doug Aitken
Charles de Meaux
Dominique Gonzalez-Foerster
Pierre Huyghe
Ange Leccia
Romain Kronenberg
Jean-Luc Vilmouth
Lorna Simpson
Steina
Dodda Maggý
og Sigurður Guðjónsson.

Sýningarstjórar Pascale Cassagnau og Gústav Geir Bollason

ÚTLÍNA
6. apríl – 6. september 2019

Listamenn Anna Hallin
Barbara Árnason
Gerður Helgadóttir
Hólmfríður Árnadóttir
Hrafnkell Sigurðsson
Hreinn Friðfinnsson
Katrín Sigurðardóttir
Kristján Davíðsson
Rúrí
Theresa Himmer
og Valgerður Briem.

Sýningarstjórar Brynja Sveinsdóttir og Hrafnhildur Gissurardóttir

FULLT AF LITLU FÓLKI
19. september 2019 – 5. janúar 2020

Listamenn Elsa Dórotea Gísladóttir (IS)
Guðrún Vera Hjartardóttir (IS)
Jón B. K. Ransu (IS)
Julius Rothlaender (IS)
Sigrún Gunnarsdóttir (IS)
Dawn Nilo (CA)
Maartje Brandsma (NL)
Philipp Tok (DE)
Henk Jan Meyer (NL)
Zvi Szir (CH)
Christa Lichtenstern (DE)
Sati Karenina (UK)
Gerður Helgadóttir (IS)
Hilma af Klint (SE) og
Rudolf Steiner (CH).

Sýningarstjórar Guðrún Vera Hjartardóttir, Jasper Bock,
Jón B. K. Ransú og Sigrún Gunnarsdóttir

FRÆDSL- OG
SAFNEIGNARTENGÐAR
SÝNINGAR Á NEÐRI HÆÐ
SAFNSINS

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ
8. apríl – 14. apríl 2019

+SAFNEIGNIN
1. júní – 31. ágúst 2019
+Safneignin nefnist verkefni í Gerðarsafni sem er tileinkað rannsóknum á safneigninni þar sem gestum er gefinn kostur á að kynnast innra starfi safnsins. +Safneignin er langtímaverkefni þar sem markmiðið er að skapa vettvang fyrir innlit í þennan fjársjóð sem svarar forvitni ólíkra gesta Gerðarsafns.

LJÓSMYNDAHÁTÍÐ ÍSLANDS
16. janúar – 21. mars 2020
Samsýning íslenskra samtímalistamanna sem vinna með ljósmyndamiðilinn sem umfjöllunarefni sitt.
Sýningarstjóri Brynja Sveinsdóttir

Object of Desire
28. mars – 6. júní 2020
Samsýning átta samtímalistamanna frá Íslandi og Singapúr.

Listamenn Daniel Hui
Dagrún Aðalsteinsdóttir
Guo Liang
Guðlaug Mía Eypórsdóttir
Luca Lum
Styrmir Örn Guðmundsson
Sæmundur Þór Helgason og
Weixin Chong.

Sýningarstjórar Dagrun Aðalsteinsdóttir
Guo Liang
Weixin Chong

Stofnanir sviðsins Gerðarsafn

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

GARÐURINN HEIMA
13. júní – 5. september 2020

Sumarsýning Gerðarsafns 2020.
Meðal listamanna sem þöntuð verða verk eftir eru
Eirún Sigurðardóttir, Berglind Jóna Hlynisdóttir og
Unnar Örn Auðarson.
Sýningarstjóri Klara Þórhallsdóttir

SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR
12. september 2020 – 9. janúar 2021

SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR er sýningaröð sem haldin
verður í fjórða sinn í Gerðarsafni 2020.
Sýningarstjórar Jóna Hlíf Halldórsdóttir og Brynja Sveinsdóttir

Fræðsla og viðburðir

Gerðarsafn mun leggja metnað sinn í að vera leiðandi
á sviði safnfræðslu. Fremur en að auka við fjölda
viðburða og/eða fræðslu verður lagt upp úr því að
auka gæði, þar sem inntak og upplifun gesta er
meginatriði. Áfram er unnið með skólum í Kópavogs-
bæ en lagt er upp með að ná enn fremur til nýrra
gesta, s.s. ungs fólks og nýrra Íslendinga í nær-
umhverfi safnsins. Meðal verkefna má nefna
listsmiðjur óháðar tungumálum þar sem unnið er
út frá þeirri hugmynd að list sé alþjóðlegt tungumál.
Unnið verður út frá þemanu ferðalög og heima þar
sem fjölskyldur deila reynslu sinni í teikningu og tali
en leiðbeinendur í smiðjunum tala íslensku, ensku,
pólsku og arabísku.

Smiðjur óháðar tungumálum voru einnig haldnar í
Bókasafni Kópavogs og Náttúrufræðistofu Kópavogs
árið 2018 fyrir tilstuðlan veglegs styrks frá nefnd sem
sett var á laggirnar í tilefni af fullveldisafmæli Íslands.

Safneign, skráning og aðbúnaður

Safnið hlaut styrk úr safnasjóði til
áframhaldandi átaks í skráningu
safnkosts. Unnið verður að
ítarskráningu og yfirfærslu
upplýsinga.

Unnið er að því að mæta
niðurstöðum úr matsskýrslu sem
safnið fékk árið 2017 í kjölfar
eftirlits safnaráðs. Heildarmat er
að ástand á listaverkageymslu
almennt er mjög gott. Safnið þarf
að bæta sig á nokkrum sviðum
sem hugað verður að á árinu.
Helstu tillögur til úrbóta eru
eftirfarandi:

- * Huga að þáttum er varða
umhverfisþætti (ljósamál,
mælingar á hita og raka,
skordýraeftirlit). Útbúa þarf
skriflegar húsreglur fyrir
starfsfólk, sérstaklega um
aðbúnað og aðgengi að húsi
(húsverðir). Verklagsreglur um
aðgang, umgengi og frágang
listaverka í geymslum. Útbúa
skriflegt verklag fyrir
starfsmenn sem sjá um þrif.
- * Skipuleggja sérrými fyrir
járnskúlpúra í innri geymslu.
- * Finna langtímaúrræði fyrir ytri
geymslu.
- * Mikilvægt er að íhuga
framfærsluáætlun um
stækkun geymslna fyrir safnið.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Natalie Jacqueminet forvörður var fengin í ráðgjöf
fyrir umbúnað í listaverkageymslu safnsins
á árinu þar sem ræddir voru möguleikar í betri
umbúnaði fyrir járnskúlpúra Gerðar Helgadóttur
í listaverkageymslu.

Á árinu 2019 var unnið að því að flytja listaverk úr ytri
geymslu safnsins og þeim komið fyrir í fremra rými
listaverkageymslunnar.

Verk í almenningsrými og opinberum stofnunum
Gerðarsafn vann að uppsetningu verka í nýjum
skrifstofum Kópavogsbæjar við Digranesveg á
árinu 2018. Merkingum og kynningum fyrir starfsfólk
er ætlað að veita upplýsingar um verkin.
Árið 2019 er stefnt að því að vinna greiningu á
útilistaverkum í eigu bæjarins og móta stefnu um
verk í almenningsrými. Lagt er til að Gerðarsafn hafi
umsjón og eftirlit með myndverkum á almannafæri
í eigu bæjarins og komi að ákvörðunum um
framkvæmdir og uppsetningu nýrra verka. Styrkur
fékkst úr safnasjóði árið 2019 fyrir yfirferð og
skráningu á listaverkum í almannarýmum í Kópavogi.
Í kjölfar yfirferðar er þörf á að veitt verði sérstök
fjárveiting vegna átaks í skráningu og viðgerðum
útilistaverka í eigu bæjarins. Sótt verður um
fjárveitingu til kaupa og framleiðslu á nýjum verkum.

Greiðslur til listamanna

Síðustu ár hefur SÍM – Samband íslenskra
myndlistarmanna – unnið í herferð um greiðslur til
listamanna frá opinberum söfnum og sýningarsölum.
Árið 2017 tilkynnti Listasafn Reykjavíkur að borgarráð
Reykjavíkurborgar hefði samþykkt aukin fjárframlög
til safnsins vegna greiðslu til listamanna fyrir þátttöku
í sýningum á vegum safnsins í samræmi við nýjar
verklagsreglur fyrir árið 2018. Önnur söfn og sveitar-
félög hafa fylgt í kjölfarið um starfsáætlanir og
fjárframlög. Gerðarsafn mun innleiða eigin verklags-
reglur svo að mæta megi kröfum listamanna um
sanngjarnari greiðslur bæði vegna vinnu við eigin


Stofnanir sviðsins Gerðarsafn
ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

sýningar og þóknun vegna
þátttöku í sýningum. Gerðarsafn
hefur aðlagð sýningardagskrá
ársins 2018 til að koma til móts
við þær kröfur en er að miklu leyti
háð sérstærkjum vegna þóknana.
Bæjarráð Kópavogsbæjar
samþykkti aukið fjárframlag til
safnsins fyrir greiðslur til
listamanna 2019.

Safnverslun


Unnið er að breytingum í safn-
verslun þar sem greining og mat
á söluvöru og lager fer fram,
sérstaklega hvað varðar
framleiðslu sérstakra sölugripa.
Pantaðar voru einstaka vörur
sem hafa selst vel, s.s. bolir með
myndum af verkum Gerðar
Helgadóttur. Framleidd voru
veggspjöld af teikningum Gerðar
fyrir júl 2017. Árið 2018 var unnið
að frekari uppbyggingu verslunar
og vöruþróun en þó er verkefnið
enn í vinnslu. Framleiddar voru
afsteypur af völdum verkum
Gerðar í tengslum við yfirlits-
sýningu á verkum hennar sumarið
2018. Gerðarsafn kannar
möguleika á utanaðkomandi
rekstaraðila í safnbúð en ekki
hefur verið gengið frá neinu
samkomulagi vegna þess.

Allir safngestir



- A 29% Almennir gestir
- B 7% Skólahópar
- C 32% Garðskálinn (fjöldi gesta þar)
- D 23% Viðburðir (fjöldi gesta þar)
- E 10% Útleigur/aðrir gestir

Almennir gestir



- A 18% Innlendir fullorðnir
- B 3% Erlendir fullorðnir
- C 4% Innlend börn (gjaldfrjáls)
- D 1% Erlend börn (gjaldfrjáls)
- E 7% Innlendir lífeyrisþegar (gjaldfrjáls)
- F 1% Erlendir lífeyrisþegar (gjaldfrjáls)
- G 1% Öryrkjar (gjaldfrjáls)
- H 1% Innlendir námsmenn
- I 1% Erlendir námsmenn
- J 64% Viðburðir

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Lykiltölur

Aðsókn

Aðsókn gesta í safnið hefur aukist gríðarlega mikið á síðastliðnum árum og eykst gestafjöldi milli ára 2017–2018. Heildarfjöldi gesta 2018 var 33.132. Þar af voru gestir safnsins á sýningar og sýningartengda viðburði 12.314 og heildarfjöldi skólanema í skipulögðum heimsóknnum 1.719. Hafa ber í huga að áttak var gert í talningu gesta í júní 2017 þar sem fengust teljarar í hús sem notaðir eru á móti höfuðtalningu gesta til að fá skýrari sýn á heildarfjölda gesta. Fékkst þá fyrst yfirlit yfir þann fjölda gesta sem kom inn um neðri inngang safnsins. Tölur úr teljara koma til móts við heildartalningu gesta í húsið en tölur yfir gestafjölda á sýningar, viðburði og skólaheimsóknir eru höfuðtalning.

Árið 2014: 7.901

Árið 2015: 11.980

Árið 2016: 15.999

Árið 2017: 31.025

Árið 2018: 33.132

Stofnanir sviðsins Gerðarsafn

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Lykiltölur	Rauntölur 2017	Rauntölur 2018	Markmið 2019	Markmið 2020
Gestafjöldi	31.025	33.132	33.000	33.000
Sýningargestir	13.162	12.314	15.000	17.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknnum	1.723	1.719	2.000	2.500
Þar af skólanemar á vegum Menningarhúsanna í Kópavogi	1.067	1.371	1.200	1.500
Þar af skólanemar á eigin vegum	656	348	800	1.000
Fjöldi viðburða	65	66	70	70
Fjöldi útleiga	16	5	60	60
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	5	2	3
Útlán listaverka	8	3	10	10
Fjöldi útgáfuverka	4	4	5	5
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	4.250	4.259	4.365	4.271
Fjöldi skráðra ljósmynda	192	192	192	192
Fjöldi skráðra safngripa	4.442	4.451	4.457	4.463
Safnkostur	4.658	4.667	4.673	4.679

Fjármál 2019

Frumvarp 2019 (í þús.kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 7.824

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 40.386

Annar rekstrarkostnaður 90.233

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða -122.795

Starfsmannafjöldi 2018

Heildarfjöldi starfsmanna 7

Fjöldi stöðugilda 3



HÉRAÐSSKJALASAFN

Hlutverk

Héraðsskjalasafn Kópavogs er stjórnsýslu- og menningarstofnun með það að hlutverki að tryggja aðgengi almennings og stjórnsýslu að skjölum. Það hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem opinbert skjalasafn gagnvart skjalahaldi og skjalavörslu Kópavogsbæjar. Það á að hafa eftirlit með skjalahaldi bæjarfélagsins og tekur við skjölum þess til varanlegrar varðveislu. Auk þessa tekur Héraðsskjalasafnið við skjölum einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka sem hafa þýðingu fyrir sögu Kópavogssvæðisins. Safnkosturinn á að vera aðgengilegur með þeim takmörkunum sem lög bjóða, einkum þá vegna persónuverndar. Auk þessa ber Héraðsskjalasafninu að efla þekkingu á sögu Kópavogssvæðisins.

Leiðarljós

Héraðsskjalasafn Kópavogs starfar á grundvelli hugmynda um opið, gagnsætt, borgaralegt lýðræðisþjóðfélag sem rekja má aftur til upplýsingar 18. aldar. Það hefur að leiðarljósi að bæta og styðja við skjalavörslu Kópavogsbæjar, efla og viðhalda vitund Kópavogsbúa um sögu sína og borgaralegan rétt til skjala. Þar skipta máli fagleg og siðleg vinnubrögð í samræmi við alþjóðleg viðmið, en Héraðsskjalasafnið á aðild að Alþjóðlega skjalaráðinu. Mikilvæg eru öflug tengsl við bæjarbúa, t.d. með samvinnu við Sögufélag Kópavogs, miðlun safnkostsins og fræðslu til yngri kynslóða Kópavogsbúa. Meðalhóf og jafnræði eru kjarninn í þeirri festu og skýrleika sem einkenna eiga starfsemi og þjónustu Héraðsskjalasafnsins.

Markmið

Meginmarkmið Héraðsskjalasafns Kópavogs er að rækja stjórnsýslu- og menningarhlutverk sitt eins og best verður á kosið miðað við aðstæður hverju sinni. Þannig verður Héraðsskjalasafnið að þeirri miðstöð réttinda Kópavogsbúa og Kópavogsbæjar sem því er ætlað að vera auk þess að gegna mikilvægu hlutverki sem uppspretta heimilda til sögu Kópavogs og Kópavogsbúa með aðgengi að safnkostinum og miðlun hans.

Starfsemi 2018

Héraðsskjalasafn Kópavogs starfar skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994.

Starfsemin markaðist mjög af húsnæðisprenslum árið 2018. Gripið var til ráðstafana til að þetta skjalakostinn í húsakynnum skjalasafnsins. Í því skyni voru m.a. útvegaðir, í samvinnu við Jóhannes Æ. Hilmarsson umsjónarmann, þéttiskápar sem áður voru í Fannborg 2. Voru þeir settir upp í geymslu Héraðsskjalasafnsins í Fannborg 3–5 og við það vannst 81 hillumetri. Umpökkun og bráðabirgðaskráning óskráðra afhendinga sem fram fór vegna þessa hafði að vísu í för með sér meiri aðgengileika að ýmsum skjölum, en nauðsyn er mikil að geta sinnt fullburða skráningu skjala og bæta úr hinni bráðu rýmisþörf undir skjalageymslur. Ekki hefur enn komið til þess að stöðva hafi þurft viðtöku skjala eins og í Þjóðskjalasafni Íslands. Bæta verður úr húsnæðismálunum áður en til slíks kemur.

Skráning ljósmynda hélt áfram á árinu, nýttur er norskur hugbúnaður (FotoStation) til hennar. Myndamorgnar annan hvern miðvikudag yfir vetrartímann hafa reynst heilladrjúgir við skráninguna, þar fyrir utan hefur skjalasafnið notið krafta ýmissa heimildarmanna sem hafa komið færandi hendi með upplýsingar ýmist til kallaðir sérstaklega eða af einskærri hjálpsemi. Öllum eru þeim færðar alúðarpakkir.

Söfnun Héraðsskjalasafnsins á kosningaáróðri í sveitarstjórnarkosningum í Kópavogi fór fram í aðdraganda kosninga eins og venja er til.

Skráning bókasafns Héraðsskjalasafns Kópavogs í Gegni hófst á árinu og nýtur Héraðsskjalasafnið þar aðstoðar frá Bókasafni Kópavogs sem Lísa Zachrison Valdimarsdóttir forstöðumaður hefur látið í té. Þær Kolbrún Andrésdóttir, deildarstjóri aðfanga, og Arna Gísladóttir Norðdahl bókavörður hafa sinnt verkefninu af alúð.

Valgerður Björnsdóttir kennari hóf afhendingu bókasafns föður síns Björns Þorsteinssonar, prófessors í sagnfræði, til Héraðsskjalasafns Kópavogs og er stefnt að því að afhendingunni ljúki á árinu 2019. Er þetta mikilsverð og rausnarleg gjöf sem nýtast mun notendum Héraðsskjalasafns Kópavogs. Stefnt er að því að bækurnar verði skráðar í Gegni.

Héraðsskjalasafn Árnesinga færði Héraðsskjalasafni Kópavogs nokkurn hluta Stjórnartíðinda sem vantaði. Stefnt er að því að eiga áfram samstarf við önnur héraðsskjalasöfn um gagnkvæmar bókaútveganir m.a. með því að láta tvítök bóka ganga þangað sem þeirra er vant.

Haldnar voru kynningar á starfsemi Héraðsskjalasafnsins fyrir félagasamtök og háskólanema. Í samvinnu við Gerðarsafn voru hópar grunnskólanema fræddir um ljósmyndir sem heimildir, skjöl og falsanir og hafði Símon Hjalti Sverrisson umsjón með því fyrir hönd Héraðsskjalasafnsins.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Stofnanir sviðsins Héraðsskjalasafni

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Starfsmenn Héraðsskjalasafns Kópavogs fóru ásamt starfsmönnum héraðsskjalasafnanna á Akranesi, í Árnassýslu, Borgarfirði, Mosfellsbæ, Skagafirði og á Akureyri í starfsmenntunarferð til Edinborgar 23.–26. september 2018 og kynntu sér starfsemi Þjóðskjalasafns Skota (National Archives of Scotland) sem var árið 2011 sameinað Þjóðskrá Skota (General Register Office for Scotland) og heitir nú National Records of Scotland. Einnig starfsemi Historic Environment Scotland, Umhverfissögustofnun Skotlands sem sér um sögulegar byggingar, minnismarki, minja- og sögustaði og merka náttúrustaði í Skotlandi og heldur utan um mikið skjalasafn tengt því hlutverki.

Héraðsskjalavörður fór ásamt öðrum forstöðumönnum menningarstofnana í kynnisferð til Amsterdam 31. október – 4. nóvember. Borgarskjalasafn Amsterdam (Stadsarchief Amsterdam) sem er eitt stærsta skjalasafn veraldar var heimsótt 1. nóvember og sá Eric Heijselaar skjalavörður um móttökurnar. Um leið og hann kynnti starfsemina og húsakynni skjalasafnsins sýndi hann til fróðleiks bréf Kristófers af Bæjaralandi til Danakonungs 24. ágúst 1443 um verslunarfrelsi til handa borgurum í Amsterdam í öllum löndum Danakonungs nema Íslandi. Einnig færslu um Þórunni Benediktsdóttur í útlendingaskrá (Vreemdelingenregisters) 1849–1922, íslenska konu sem fluttist til Amsterdam 10. júlí 1914, bjó þar í einu af fínni húsum bæjarins í eitt ár og fluttist svo þaðan til Surinam. Sú ferð var reyndar ástæða eins fyrsta fjarskiptabréðkaups íslensks, en hún stödd í Amsterdam og Björgólfur læknir Ólafsson staddur á Borneó voru gefin saman 15. apríl 1915 og sparaðist þá fargjald hennar þangað.

Vefsíða

Nýrri vefsíðu fyrir Héraðsskjalasafn Kópavogs var hleypt af stokkunum árið 2018.

Héraðsskjalaverðirnir í Kópavogi og Árnassýslu halda úti Skjalavefnum, heradsskjalasafn.is, upplýsingavef um skjalavörslumál.

Myndavefur

Undirbúningur hófst að því á árinu að Héraðsskjalasafn Kópavogs tæki við Myndavef Kópavogsbæjar og áætlað að það verði árið 2019. Myndavefurinn var stofnaður í tilefni af því að sextíu ár voru liðin frá því Kópavogsbær fékk kaupstaðarréttindi 11. maí 2015. Afmælisnefnd stofnsetti vefinn sem hefur verið í umsjá upplýsingatæknideildar bæjarins. Héraðsskjalasafnið kom að undirbúningi vefjarins frá upphafi.

Útgáfa

Ekki var um útgáfu rita að ræða árið 2018 en undirbúningur hafinn að ritum sem út koma á árinu 2019. Horfið var frá því að halda málþing um Kópavogsfundinn og fullveldið árið 2018, en í þess stað verður gefið út rit um efnið.

Sýningarhald

Sýningin Kópavogsfundurinn og fullveldið hófst á Safnanótt 2. febrúar 2018 og stóð út árið. Hún fjallaði um Kópavogsfundinn 28. júlí 1662 og var sett upp í tilefni af hundrað ára afmælisári fullveldis Íslands 2018. Með einveldiserfðahyllingunni í Kópavogi komst á einveldi konungs. Fullveldi Íslands fékkst rúmum 250 árum síðar 1. desember 1918. Efni hennar var hyllingareiðurinn, afrit einveldisskrárinnar og bænaskrár Íslendinga frá Kópavogsfundinum, Kópavogur sem þingstaður, handritasöfnun, skylduskil bóka og myndefni er þetta varðar, m.a. mynd af öðru þeirra tveggja skipa sem komu til landsins í tilefni einveldis-hyllingarinnar 1662 sem er nýjung í tengslum við atburðinn.

Í tilefni sýningarinnar tók Héraðsskjalasafnið að sér vörslu málverksins Kópavogsfundurinn eftir Halldór Pétursson sem hann málaði árið 1968 að tilhlutan Menntamálaráðs Íslands, en það var falið Kópavogsbæ til varðveislu árið 1983.

Dr. Ólafur R. Dýrmondsson hélt erindi um sauðfjár-búskap í Kópavogi og nágrenni og brugðið var upp ljósmyndum því tengdum, Ólafur er höfundur smárits um efnið er út kom árið 2017 á vegum Sögufélags Kópavogs og Héraðsskjalasafns Kópavogs. Sýnd voru hreyfimyndskeið úr Kópavogi frá seinni hluta 20. aldar, Frímann Ingi Helgason, stjórnarmaður í Sögufélagi Kópavogs, veitti leiðsögn um það sem fyrir augu bar.

Helstu verkefni 2019
Enn sem fyrr verður stefnt að því að auka notagildi Héraðsskjalasafnsins fyrir almenning með meiri skráningu og birtingu skráa. Þar mun nýleg vefsíða gegna nokkru hlutverki en einnig prentuð útgáfa.

Stefnt verður að því að gefa út smárit í samvinnu við Sögufélag Kópavogs.

Sögufélag Kópavogs verður aðstoðað við vinnslu rits um sögu Sunnuhlíðarsamtakanna.

Aukið aðgengi að handbókasafni Héraðsskjalasafnsins með betri skráningu þess er á dagskrá og nýtur skjalasafnið aðstoðar Bókasafns Kópavogs við það.

Nauðsynlegt verður að finna Héraðsskjalasafninu aukið geymslurými.

Leitað verður samstarfs við önnur héraðsskjalasöfn og að ná með því hagræðingu samlegðaráhrifa við að flýta þróun verkferla og bættra aðferða við starfsemina.

Lögð verður áhersla á að koma afhendingum skjala nefnda, stjórna og ráða bæjarins á formfastari grunn.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Stofnanir sviðsins Héraðsskjalasafni

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Fræðsla um opinbera skjalavörslu gagnvart persónuverndarlögum verður áfram í brennidepli, í ljósi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Mikilvægt er að tryggja að skjalahald og skjalavarsla fari að lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn þannig að persónuverndarlögin valdi þar engum misskilningi.

Myndvefur Kópavogs verður aukinn og bættur, stefnt er að því að koma myndum af safnkosti minjageymslu bæjarins á hann og um leið verður unnið að skráningu hans í samvinnu við Sögufélag Kópavogs og kunnáttufólk.

Myndgreiningarmorgnar verða áfram haldnir og jafnframt leitað annarra leiða við greiningu ljósmynda. Kynningar á starfseminni og einstökum þáttum hennar verða áfram haldnar fyrir skólanemendur og frjáls félagasamtök, ýmist í húsakynnum safnsins eða á öðrum vettvangi. Myndgreiningarmorgnar verða haldnir að jafnaði annan hvern miðvikudag á vetrartíma.

Áform árið 2020

Haldið verður áfram föstum liðum í starfsemi Héraðsskjalasafnsins. Búið er við að Héraðsskjalasafnið fái aukið geymslurými og flutt verði í það.

Stefnt er að því að gefa út ársrit Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Sýningar og viðburðir
Sýningin Kópavogsfundurinn og fullveldið sem opnuð var á Safnanótt 2. febrúar 2018 var látin standa fram á árið 2019. Þar var fjallað um Kópavogsfundinn 28. júlí 1662 í tilefni af hundrað ára afmælisári fullveldis Íslands 2018. Með erfðahyllingunni í Kópavogi komst á einveldi konungs. Fullveldi Íslands fékkst rúmum 250 árum síðar 1. desember 1918. Hyllingareiðurinn, afrit einveldis-skrárinnar og bænaskrár Íslendinga frá Kópavogsfundinum voru til sýnis, prentaðar útgáfur og umfjöllun um það.

Í stað málþings um Kópavogsfundinn og fullveldið sem fyrirhugað var í október 2018 verður árið 2019 gefið út rit um efnið. Fjallað verður um fullveldi, hugtakið og þýðingu þess og tæpt á sögulegri þróun þess í íslensku samhengi. Með einveldisskránni í Kópavogi 28. júlí 1662 var komið á „fullkominni einvaldsstjórn“ eða „absolut souverainitet“ á Íslandi. Þetta var í fyrsta skipti sem fullveldishugtakið var notað í íslensku samhengi, um leið og konungur lagði fullveldið undir sig. Ísland varð svo frjálst og fullvalda konungsríki 1. desember 1918.


Myndgreiningarmorgnar verða haldnir að jafnaði annan hvern miðvikudag á vetrartíma.

Lykiltölur

Árið 2018 var metár í umfangi afhendinga og var met síðasta árs (237 hillumetrar) slegið. Fjöldi afhendinga var og með mesta móti, 22 færri en á metárinu 2017. Stóran hluta í umfanginu, ófá vörubretti, eiga stjórnslusvið, velferðarsvið og umhverfissvið Kópavogsbæjar og gætir þar enn flutninga bæjarskrifstofanna að Digranesvegi 1 og velferðarsviðsins í ný húsakynni að Fannborg 6. Fjölgun þeirra sem afhenda skjöl árin 2017 og 2018 er fagnaðarefni sem vísbending um að Héraðsskjalasafnið sé tekið að hasla sér völl á starfsvettvangi sínum jafnt hvað varðar stjórnslu og stofnanir Kópavogsbæjar sem meðal Kópavogsbúa sjálfra. Fyrir nokkurt harðfylgi starfsmanna Héraðsskjalasafnsins, einkum Guðmundar Þorsteinssonar skjalavarðar, og 81 hillumetra viðbót í þéttiskápum hefur tekist að koma í veg fyrir að geymsluplássið yrði á þrotum árið 2018 eins og búist hafði verið við. Árið 2019 er talið að sú ógæfa dynji yfir.

Lykiltölur	Rauntölur 2017	Rauntölur 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Gestafjöldi	854	1019	1000	1000
Þar af á Safnanótt	50	100	100	100
Myndgreiningarmorgnar	18	18	18	18
Fjöldi gesta á myndgreiningarmorgnum	427	430	430	430
Fjöldi afhendinga	146	124	100	100
Umfang afhendinga	237	369	150	150
Fyrirspurnir, erindi og aðgengisbeiðnir afgreiddar	um 500	Um 600	Um 600	700

Skipting gjalda



- A 64% Laun og launatengd gjöld
- B 6% Vörukaup
- C 22% Innri leiga
- D 8% Þjónustukaup

Fjármál 2019

Frumvarp 2019 (í þús.kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	855
----------------	-----

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	33.574
--------------------------	--------

Annar rekstrarkostnaður	19.274
-------------------------	--------

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða	-51.993
--------------------	---------

Starfsmannafjöldi 2018

Heildarfjöldi starfsmanna	3
---------------------------	---

Fjöldi stöðugilda	3
-------------------	---



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFA

Hlutverk

Samkvæmt stofnskrá eru aðalhlutverk Náttúrufræðistofu Kópavogs:

- að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins, m.a. í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og aðrar rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða og umhverfismála,
- að safna náttúrufræðilegum gögnum og heimildum og skrá þau og varðveita með vísindalegum hætti,
- að veita almenningi og skólaæsku fræðslu um náttúrufræði og standa að sýningum um náttúru landsins,
- að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál fyrir almenning og skólaæsku,
- að veita Kópavogsbæ og öðrum aðilum eftir atvikum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar, m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum, enda komi greiðsla fyrir.

Leiðarljós

Á Náttúrufræðistofu Kópavogs er rekið þróttmikið rannsókn- og safnastarf með það að leiðarljósi að afla og draga saman þekkingu á sem flestum sviðum og miðla henni sem víðast. Liður í þeirri viðleitni er að skapa hindrunarlaust aðgengi að náttúrugripasafni stofunnar, óháð þjóðfélagsstöðu, líkamlegri færni og efnahag. Auk hefðbundins safnastarfs, móttöku og fræðslu skólahópa, er þátttaka í fjölbreyttu viðburðahaldi þar sem leitast er við að allir finni eitthvað við sitt hæfi, órjúfanlegur og vaxandi þáttur í starfseminni.

Markmið

Langtímamarkmið

Langtímamarkmið markast af meginhlutverkum Náttúrufræðistofunnar á sviði náttúrufræða og umhverfisverndar (sbr. 3. gr. stofnskrár). Það verður áfram meginmarkmið í starfsemi Náttúrufræðistofunnar á komandi árum að safnið verði öllum opið, aðgengilegt og gagnlegt almenningi.

Sérhæfing Náttúrufræðistofunnar í rannsóknum er á sviði vatnavistfræði og er sjónum beint einkum að stöðuvötnum. Því sviði er lítið sinnt af öðrum rannsóknarstofnunum og skarast því starfsemin lítið við systurstofnanir.

Skammtímamarkmið

Til skemmri tíma er unnið að afmörkuðum markmiðum. Þau helstu eru:

- 1) að safngestir njóti heimsóknar á safnið sem best og upplifi það sem þeir sækjast eftir.
- 2) að efla upplýsingamiðlun í gegnum margmiðlun og afþreyingu.
- 3) að efla og rækta samstarf við öll skólalag í Kópavogi, finna nýja samstarfsmöguleika.
- 4) að treysta rekstrargrundvöll Náttúrufræðistofunnar með því að auka vægi langtíma vöktunarverkefna í rannsóknarstarfseminni.

Starfsemi

Náttúrufræðistofa Kópavogs er eign Kópavogsbæjar og starfar í samræmi við stofnskrá sem samþykkt var af Lista- og menningarráði 7. nóvember 2013. Söfnunar- og sýningarstefna Náttúrufræðistofu Kópavogs er einnig samþykkt af Lista- og menningarráði Kópavogs. Starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs fer fram í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) eins og þær eru kynntar hjá Íslandsdeild ICOM (sbr. 3. gr. stofnskrár Náttúrufræðistofunnar).

Starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs má skipta í tvö meginsvið. Annars vegar er sýningarstarfsemi og almenn fræðslustörf, ásamt rannsóknum og vinnu sem tengjast sýningarhaldi. Hins vegar eru grunnrannsóknir á sviði vatnalíffræði, auk rannsókna í tengslum við ýmis útseld þjónustuverkefni.

Söfnunar- og sýningarstefna

Kjölfestun

Sýningarstefna Náttúrufræðistofunnar markast af kjölfestueign stofunnar á sýningarmunum. Þar er einna umfangsmest lindýrasafn Jóns Bogasonar. Auk þess er gott fuglasafn, einkum vatnafuglar, ágætt safn af sjávarhryggleysingjum og jarðfræðisafn með helstu berggerðum á Íslandi og tegundum kristalla. Jafnframt eru til sýnis spendýr og fiskar. Fjögur fiskabúr eru á safninu með lifandi fiskum, sjódýrum og ferskvatnslífverum. Kúluskít úr Mývatni er einnig að finna í búi og honum gerð sérstök skil.

Viðburðir og safnfræðsla

Auk föstu grunnsýninganna stendur Náttúrufræðistofan fyrir fjölbreyttum viðburðum og sérsýningum á hverju ári. Bæði er um að ræða meðalstórar þemasýningar sem standa í 2–3 mánuði og smærri kynningar sem vara í skemmri tíma, t.d. sýningar á fyrirbærum á borð við flækings-skordýr sem berast safninu, oft lifandi. Í samstarfi Menningarhúsanna stendur Náttúrufræðistofan að jafnaði einu sinni í mánuði fyrir Fjölskyldustund á laugardögum og einum viðburði í Menningu á miðvikudögum.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Stofnanir sviðsins Náttúrufræðistofa

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Safnanótt var haldin þann 3. febrúar og tók Náttúrufræðistofan þátt í níunda sinn. Umhverfismál voru tekin til umfjöllunar, plastagnir og plastúrgangur og meðhöndlun hans. Þá var vakin athygli á stjórnulaga formum í náttúrunni og athygli gesta m.a. beint að slíkum formum í sýningargripum Náttúrufræðistofunnar.

Valdhafar var sýning sem Elín Anna Þórsdóttir, nemi við listkennsludeild Listaháskóla Íslands, vann sem útskriftarverkefni frá skólanum. Fékk hún þátttakendur, bæði af eldri og yngri kynslóð, til að velta fyrir sér hugtakinu valdhafi. Kórónur sem táknmyndir valds voru mótaðar í leir og hver þeirra tileinkuð völdum náttúrugrip á safni Náttúrufræðistofunnar út frá stöðu hans í ríki náttúrunnar.

Barnamenningarhátíð var haldin 16.–21. apríl. Á henni var unnið áfram með valdið í náttúrunni í samstarfi við listakonurnar Elínu Önnu Þórsdóttur og Guðrínu Jónu Halldórsdóttur í anda útskriftarverkefnis Elínar Önnu. Nú var börnum frá fjórum völdum leikskólum í Kópavogi boðin þátttaka og afrakstur vinnu þeirra var sýndur í anddyri Náttúrufræðistofunnar á lokadegi hátíðarinnar.

Fjölskyldustundir á laugardögum og miðvikudagsmenning

Hinir reglulegu viðburðir Menningarhúsanna, Fjölskyldustundir á laugardögum og Menning á miðvikudögum voru afar fjölbreyttir á árinu. Viðburðir Náttúrufræðistofunnar á vormánuðum báru nokkur merki fullveldisársins. Í ljósi þess að 100 ár voru einnig liðin frá síðasta Kötlugosi var þema erindanna í Menningu á miðvikudögum um náttúruvá. Kristín Jónsdóttir, hópstjóri náttúruvárvöktunar hjá Veðurstofu Íslands, kynnti náttúruváreftilit Veðurstofunnar, einkum er varðar jarðskjálfta og eldfjöll. Í næsta erindi var þemað brotið upp þegar Bjarki Valberg, umhverfisfulltrúi hjá Kópavogsbæ, kynnti hugmyndir um Borgarlínuna í almenningssamgöngumálum höfuðborgarsvæðisins. Í mars kom Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur og sagði frá Kötlu, duttlungum hennar og reyndi að ráða í það hversu langt sé

í næsta gos. Næstur á dagskrá var Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands og kynnti hann sýninguna Vatnið í náttúru Íslands sem þá hafði nýlega verið sett upp í Perlunni. Í seinasta viðburði fyrir sumarfrí var svo rannsóknastofa Náttúrufræðistofunnar opnuð fyrir gesti safnsins og gafst þar færi á að skoða sitthvað forvitnilegt og fræðast um starfsemina. Eftir sumarfrí var skipt um gír í Menningu á miðvikudögum en í september kom Tómas Knútsson, herstjóri Bláa hersins, og sagði frá hreinsunarstarfi samtakanna. Í október bárust böndin að skógarmítlum og Matthías Alfreðsson, skordýrafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, fræddi fólk um skógar-mítla og lundalýs. Síðasti fyrirlestur ársins var á nótum þess fyrsta þegar Tómas Jóhannesson frá Veðurstofunni fjallaði um vinnu sérfræðinga við áhættumat vegna flóða og skriðufalla víðsvegar um landið.

Fyrsta fjölskyldustund ársins 2018 á vegum Náttúrufræðistofunnar var haldin í mars þegar Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir kom og kenndi gestum að teikna fugla og í framhaldi af því kom Jóhann Óli Hilmarsson í apríl og fjallaði um fugla- og náttúruljósmyndun. Dagskrá vorsins lauk svo með fugla- og fjörudegi í Kópavoginum þar sem sérfræðingar Náttúrufræðistofunnar mættu með sjónauka, skóflur og bakka til að geta skoðað lífríki fjörunnar. Haustönnin hófst í september með umfjöllun um plastnotkun. Hrund Atladóttir, listamaður og margmiðlari, fjallaði um Kötlugos með tæknilegum hætti þar sem stuðst var við notkun á lófatölvum. Í síðustu fjölskyldustund ársins kom Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, og sagði gestum frá rannsóknum á refum á Íslandi. Alls voru því haldnar átta menningarstundir á miðvikudögum og sjö fjölskyldustundir á laugardögum.

Upplýsingar

Fróðleik um sýningarmuni er að finna á texta- og myndaspjöldum við hliðina á viðkomandi gripum. Allur texti í sýningarbásunum er á íslensku en í borði er vandaður upplýsingabæklingur á ensku. Þá er ítarlegar upplýsingar um flesta sýningamuni að finna á vefsíðu Náttúrufræðistofunnar. Unnið er að því að þróa margmiðlunartækni til að auka aðgengi að upplýsingum umfram það sem nú er, ásamt því að koma leiðsögn með virkari hætti yfir á ensku og fleiri tungumál í kjölfarið.

Sýningar og miðlun

Við hönnun á sýningum og miðlun fróðleiks er horft til upplýsingagildis og fagurfræði. Við þá vinnu er leitað aðstoðar hjá hönnuðum og öðru fagfólki. Á þennan hátt er leitast við að sameina vísindi og listir og kennslu- og skemmtigildi. Í samræmi við þetta hefur Náttúrufræðistofan einnig starfað náið með listamönnum og á hverju ári sett upp sérstakan listviðburð í sýningarrými stofunnar.

Erlendir ferðamenn

Sýningarsafn Náttúrufræðistofunnar er ætlað jafnt Íslendingum sem erlendum ferðamönnum. Allveglegur safnabæklingur og vegvísir um safnið á enskri tungu var gefinn út vorið 2012 og auðveldar hann til muna erlendum gestum að skoða það sem fyrir augu ber og kynnast íslenskri náttúru. Unnið er að þróun leiðsagnar fyrir erlenda ferðamenn með rafrænum hætti.

Leiðsögn

Starfsfólk veitir gestahópum leiðsögn um safnið. Stærstur hluti þessara hópa er nemendur leik- og grunnskóla. Í hverri viku er um nokkrar heimsóknir að ræða og árlegur fjöldi slíkra safngesta er nokkur þúsund skólabörn. Tekið er á móti hópum af öllu höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Fræðsla

Í fjölnotasal flytja starfsmenn og gestafyrirlesarar erindi og kynna rannsóknir sínar. Haldin eru sumar-námskeið í náttúrufræðum fyrir 10–12 ára börn og hafa þau aðstöðu á rannsóknastofunni, en sýningarrými og fjölnotasalur eru einnig nýtt. Náttúrufræðistofan og starfsmenn hennar hafa staðið fyrir og tekið þátt í ráðstefnum þar sem fjallað er um sitthvað á sviði náttúrufræða og umhverfismála.

Opið safn og ókeypis

Safnahúsið er opið almenningi mánudaga –fimmtudaga kl. 9–18, föstudaga og laugardaga kl. 11–17. Aðgangur að sýningarsafni Náttúrufræðistofunnar hefur frá upphafi verið ókeypis.



Helstu verkefni 2019


Unnið er að endurhönnun á grunnsýningu í líffræði í vöfundarhúsinu. Samið hefur verið við Axel Hallkel Jóhannesson um að halda utan um þá vinnu en einnig kemur Hrund Atladóttir að verkefninu. Einnig er stefnt að því að skapa Náttúrufræðistofunni opnara og skarpara andlit út á við í gegnum anddyrið á fyrstu hæð þar sem m.a. verður skipt um gólfefni. Þar verður líka umgjörð um skemmri sýningar. Styrkur hefur fengist til þessa verkefnis bæði frá safnasjóði og Lista- og menningarráði Kópavogsbæjar.

Á rannsóknarsviðinu eru vöktunarverkefni í gangi á Þingvallavatni, Reykjavíkurtjörn og Elliðaánum. Unnið er að eflingu vöktunar á lífríki Þingvallavatns með sér-tækum rannsóknarverkefnum sem snúa að lífríki strandbotnsins og útbreiðslu á kransþörungnum vatnanál. Fengist hafa styrkir til þessara verkefna frá Verkefnasjóði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Þingvallabjóðgarði. Einnig er að fara í gang vöktun á vegum Umhverfisstofnunar á grundvelli vatnatilskipunar ESB og mun Náttúrufræðistofan verða samstarfsaðili Umhverfisstofnunar í tengslum við vöktun Þingvallavatns og Reykjavíkurtjarnar.


MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Aðsóknartölur á Náttúrufræðistofu

Árið 2018 sóttu ríflega 19 þúsund manns Náttúrufræðistofu heim á móti ríflega 13.700 gestum árið 2016 og 15.000 gestum árið 2017. Aðsókn síðustu fimm ára má sjá á myndinni hér til hliðar.




Ýmsir hópar koma í skipulegar heimsóknir en þar eru skólahópar af ýmsu tagi í miklum meirihluta. Árið 2018 komu 5.765 gestir í skipulögðum heimsóknum sem er ríflega 50% aukning frá árinu á undan. Á myndunum að neðan má sjá skiptingu eftir skólastigum og hvaðan hóparnir koma.




Stofnanir sviðsins Náttúrufræðistofa

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019




Rekstrarniðurstöður 2018



- A 64% Laun og launatengd gjöld
- B 2% Vörukaup
- C 34% Þjónustukaup

Fjárhagsáætlun 2019



- A 63% Laun og launatengd gjöld
- B 3% Vörukaup
- C 33% Þjónustukaup

MENNINGARGRHÚSIN Í KÓPAVOGI

LYKILTÖLUR

	Rauntölur 2017	Rauntölur 2018	Markmið 2019	Markmið 2020
Gestafjöldi	15.143	19.109	20.000	22.000
Gestir í skipulögðum heimsóknum	3.199	5.765	5.800	6.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	2.530	2.540	2.550	2.700
Leikskólanemar	1.031	1.056	1.100	1.200
Leikskólanemar, hópar	68	65	70	75
Grunnskólanemar	1.430	1.463	1.500	1.550
Grunnskólanemar í skipul. heimsóknum	512	67	70	75
Grunnskólanemar, hópar	52	51	60	65
Hópar úr Kópavogi, fjöldi gesta	1.272	1.089	1.100	1.150
Hópar úr Reykjavík, fjöldi gesta	779	1.213	1.200	1.220
Hópar úr Hafnarfirði, fjöldi gesta	569	365	400	420
Hópar úr Garðabæ, fjöldi gesta	271	199	200	220
Háskólanemar	20	0	20	20
Framhaldsskólanemar	69	21	30	40
Fjöldi viðburða	8	19	20	25
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	175			
Fjöldi útgefna skýrsla	4	3	8	5
Útlán listaverka	5			
Fjöldi útgáfuverka	4	3	7	5
Safnkostur	Um 7.000	Um 7.000	Um 7.000	Um 7.000

Náttúrufræðistofa

Stofnanir sviðsins

Fjármál 2019

Frumvarp 2019 (í þús.kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	17.724
----------------	--------

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	55.536
Vörukaup	2.857
Þjónustukaup	29.377

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða	-70.046
--------------------	---------

Starfsmannafjöldi 2018

Heildarfjöldi starfsmanna	7
Fjöldi stöðugilda	6

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019



Stofnanir sviðsins

SALURINN

Hlutverk

Meginhlutverk Salarins er að auðga tónlistarlíf í Kópavogi og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist, meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi. Sem og að eiga sem best samstarf við þá aðila sem vinna að skyldum markmiðum, einkum við höfunda og flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa, stofnanir og fyrirtæki.

Leiðarljós

Leiðarljós Salarins, sem eitt flaggskipa Kópavogsbæjar, er að vera miðstöð tónlistar þar sem allir samfélagshópar eru velkomnir. Hið sé að tónlistarmönnum, tónlistarflutningi og nýsköpun í tónlist þannig að börn, unglingar og fullorðnir líti á Salinn sem stað sem gaman sé að heimsækja til að upplifa góðar stundir.

Markmið

Stefnan er tekin á að:

- * Þjóða upp á metnaðarfulla tónleikaröð með afburða tónlistarmönnum.
- * Þjóða upp á tónleikahald við bestu aðstæður þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar fyrir tónlistarmenn, starfsfólk og tónleikagesti.
- * Efla barna- og fræðslustarf svo að húsið verði lifandi stofnun í samfélaginu um leið og aldar eru upp næstu kynslóðir tónlistarunnenda.
- * Stuðla að frumsköpun í tónverkagerð.
- * Ná til sem breiðasta hóps samfélagsins.

Starfsemi 2018

Hér er stiklað á stóru yfir helstu verkefni sem unnin voru í Salnum árið 2018.

Tíbrá, tónleikaröð Salarins

Auglýst var í þriðja sinn eftir umsóknum í Tíbrár-tónleikaröðina í byrjun febrúar 2018 og rann umsóknarfresturinn út 28. febrúar. Áttatíu umsóknir bárust fyrir 85 verkefnum. Forstöðumaður Salarins ásamt fagráði, sem skipað var forstöðumanni til ráðgjafar, mat og afgreiddi umsóknir. Í tónlistarráði Salarins fyrir verkefni veturinn 2018–2019 voru Davíð Þór Jónsson, Sigtryggur Baldursson og Una Sveinbjarnardóttir.

Við val á tónleikum í tónleikaröðina Tíbrá var gætt að því að bjóða upp á fjölbreytta tónleika hvað varðar efnistöð og hljóðfæri. Áfram var leitast við að gefa ungum og efnilegum tónlistarmönnum tækifæri, sem og að bjóða upp á tónleika með reyndari tónlistarmönnum.

Þrettán tónleikar voru í Tíbrá á árinu, átta um vorið og fimm um haustið. 61 tónlistarmaður kom fram á þessum 13 Tíbrártónleikum.

Tíbrárröðin er að festa sig í sessi á nýjan leik og má til að mynda líta til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2018 en Tíbrártónleikarnir Schumann og Mahler með Jóhanni Kristinssyni og Ammiel Bushakevitz voru tilnefndir sem tónlistarviðburður ársins í sígildri og samtímatónlist auk þess sem Jóhann var tilnefndur sem söngvari ársins fyrir sömu tónleika. Jóhann var valinn bjartasta vonin í sígildri og samtímatónlist.

Oddur Arnþór Jónsson fékk jafnframt tilnefningu sem söngvari ársins fyrir einsöngstónleika sína í Salnum þar sem hann flutti Vetrarferðina.

Tónleikar í Tíbrártónleikaröðinni

20/1

Sálin meðal strengjanna

Ásdís Valdimarsdóttir og Marcel Worms.

11/2

On this Island

Þóra Einarasdóttir og Peter Máté.

3/3

Vorkoma – ljóðatónleikar

Álfheiður Erla Guðmundsdóttir og Eva Þyri Hilmarsdóttir.

11/3

Stríðsárasveifla með Hexagon – Glenn Miller sveifla

Carlos Caro Aquilera, Emil Friðfinnsson, Jóhann Ingvi Stefánsson, Nimrod Ron og Vilhjálmur Ingi Sigurðsson.

16/3

Draumskógur – dægurlög í nýjum búningi

Valgerður Guðnadóttir, Matthías Stefánsson, Helga Laufey Finnbogadóttir, Guðjón Steinar Þorláksson og Erik Quick.

24/3

Ópera fyrir tvo – ariur og dúettar, lög og ljóð

Dísella Lárusdóttir, Gissur Páll Gissurarson og Bjarni Frímann Bjarnason.

8/4

Sólin glitrar – gullfallegir dúettar og sönglög

Hallveig Rúnarsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir og Hrönn Þráinsdóttir.

MENNINGARGHÚSIN Í KÓPAVOGI

15/4

Strauss og Beethoven

Ólöf Sigursveinsdóttir, Páll Palomares og Bjarni Frímann Bjarnason.

20/9

Í rökkurró

Helena Eyjólfsdóttir, Friðrik Ómar Hjörleifsson, Karl Olgeirsson, Stefán Már Magnússon, Jón Rafnsson, Matthías Stefánsson, Hlín Erlendsdóttir, Laufey Pétursdóttir og Örnólfur Kristjánsson.

30/9

Íslenskir strengir

Strengjasveitin: Gróa Margrét Valdimarsdóttir, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir, Vigdís Másdóttir, Chrissie Telma Guðmundsdóttir, Hlín Erlendsdóttir, Kristín Björg Ragnarsdóttir, Íris Dögg Gísladóttir, Þórunn Harðardóttir, Steina Kristín Ingólfssdóttir, Arndís Hulda Auðunsdóttir, Helga Björg Ágústsdóttir, Gréta Rún Snorradóttir, Svetlana Veschagina, Carl Roine Hultgren og Ásthildur Helga Jónsdóttir. Einsöngvari: Þorsteinn Freyr Sigurðsson. Einleikari: Joseph Ognibene. Hljómsveitarstjóri: Ólöf Sigursveinsdóttir.

17/10

Hvíslar mér hlynur

Auður Gunnarsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson og Snorri Sigfús Birgisson.

1/11

Tvær konur, tvö píanó

Sunna Gunnlaugsdóttir og Julia Hülsmann.

22/11

Ástin og dauðinn

Andri Björn Róbertsson og Edwige Herchenroder.

Stofnanir sviðsins Salurinn

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Sameiginleg dagskrá Menningarhúsa Kópavogs í Salnum

Gróskumikið samstarf og fjölbreytt sameiginleg verkefni voru hjá Menningarhúsum Kópavogs og sem fyrr var Salurinn hluti af þeirri starfsemi.

Fjölskyldustundir á laugardögum

Samtals átta fjölskyldustundir voru í Salnum yfir árið. Boðið var upp á tónleikana Björt í Sumarhúsi, Krummi krunkar í kuldunum, teiknimyndalögin með Völu Guðna og Vísnaugull fyrir yngstu tónleikagestina. Auk tónleikanna var boðið upp á fjölskyldustund með þjóðkvæðum og sagnadönsum, Söngstund með Siggú Eyrúnu og Karli Olgeirssyni, söngsmiðu fyrir átta ára og eldri þar sem fjögur ættjarðarlög mynduðu bræðing en söngsmiðjan var hluti af dagskrá í tilefni fullveldisafmælis Íslands. Á aðventuhátíðinni sýndu Tveir vinir jólaleikritið Strákurinn sem týndi jóluunum. Fjölskyldustundirnar eru liður í að efla barna- og fjölskyldustarf í Salnum, kynna ólíkar tónlistarstefnur fyrir börnum með fjölbreyttum tónleikum og gefa börnum færi á að spreyta sig í smiðjum tengdum tónlistarsköpun. Aðgangur er ókeypis á allar fjölskyldustundir.

20/1

Björt í Sumarhúsi

Í tilefni af Dögum ljóðsins í Kópavogi er söngleikurinn Björt í Sumarhúsi eftir Elínu Gunnlaugsdóttur við texta Þórarins Eldjárn flutt á fjölskyldustund. Það eru söngkonan Valgerður Guðnadóttir og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari sem flytja verkið sem fjallar um stelpuna Björt sem fer í sumarbústað með afa og ömmu en leikmunir eru í einni ferðatösku.

24/2

Krummi krunkar í kuldanum

Krummi er ósköp svangur, kaldur og hrakinn. Hvað getur hann gert? Gæti einhver hjálpað? Fjórir tónlistarmenn segja söguna af krumma. Inn í sögunna er fléttað þjóðlögum, nokkrum sem allir kunna og öðrum sem sjaldnar heyrast. Áhorfendur kynnast hljóðfærum tónlistarmannanna í gegnum söguna og fá tækifæri til að syngja með í lokin. Svanlaug Jóhannsdóttir, söngur og sögumaður, Catherine Maria, sellóleikari, Hafdís Vigfúsdóttir, flautuleikari og Laufey Sigrún Haraldsdóttir, píanóleikari.

24/3

Söngstund með Sigu Eyrúnu og Kalla

Sigga Eyrún og Karl Olgeirsson leiða samsöng fyrir alla fjölskylduna. Textar birtast á skjá og allir taka undir í Eurovisionlögum, ABBAlögum og lögum úr leikhúsinu sem allir þekkja.

12/5

Eva María og harmonikka

Fjölskyldustund þar sem sjónum er beint að þjóðkvæðum og sagnadönsum. Fram koma Eva María Jónsdóttir miðaldafræðingur og Nanna Hlíf Ingvadóttir harmonikkuleikari.

1/9

Teiknimyndalögin með Völu Guðnadóttur

Vala Guðnadóttir söngkona og Vignir Þór Stefánsson píanóleikari flytja lög úr ýmsum teiknimyndum svo sem Lion King, Frozen, Mulan, Pocahontas, Litlu hafmeyjunni o. fl.

13/10

Þjóðsöngurinn í dag – ættjarðarbræðingur

Tónskáldið Helgi Rafn Ingvarsson leiðir söngsmiðju fyrir átta ára og eldri þar sem fjögur ættjarðarlög mynda bræðing. Nýtt kórverk verður til en laglínunum úr lögum verður blandað saman í skemmtilega pólfóníu. Smiðjan er liður í dagskrá í tilefni af fullveldisafmæli Íslands.

10/11

Vísna gull

Helga Rut Guðmundsdóttir leiðir gesti í söng og leikjum. Dagskráin er sérstaklega sniðin að yngstu börnunum í fylgd fjölskyldunnar.

1/12

Strákurinn sem týndi jóluunum

Leikrit um lítið og fallett ferðalag um óþekkan strák sem týnt hefur jólagleðinni. Á ferðalagi sínu lendir hann í ýmsum skemmtilegum og spennandi ævintýrum. Hann kynnist meðal annarra góðhjúrtuðum jólaálfi og Grýlu gömlu sem hefur beðið í mörg ár eftir því að fá óþekkan strák í jólasúpuna sína. Leikarar eru Ingi Hrafn og Jóel Ingi.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Menning fyrir alla

Þriðja árið í röð hélt Menning fyrir alla áfram en á sex tónleikum í annarri viku í október var 1.–3. bekkingum í grunnskólum Kópavogs boðið í Salinn til að upplifa Barnaóperuna Gilitrutt eftir Hildigunni Rúnarsdóttur. Í byrjun sumars var bætt um betur frá árinu áður þegar 5.–7. bekkingum í grunnskólum Kópavogs og Mosfellsbæjar var boðið á þrenna tónleika á Hjalminum með Adapter ensemble. Leikarinn Guðmundur Felixsson las texta sögunnar um strákinn með hjálminn eftir Finn Ole sem var samtvinnuð nútímatónlist sem flutt var af Adapter ensemble. Upplifun áheyrenda er í líkingu við að þeir séu viðstaddir upptöku á útvarpsleikriti og taka þeir þátt í verkinu á völdum stöðum. Boðið var upp á Hjalminn í samvinnu við List fyrir alla. Menning fyrir alla er liður í tónlistaruppeldi grunnskólabarna en með reglulegum heimsóknum í Salinn á margvíslega tónleika fá þau að kynnast hinum ýmsu tónlistarstefnum.

Barnaóperan Gilitrutt eftir Hildigunni Rúnarsdóttur tónskáld og Sölku Guðmundsdóttur rithöfund var sýnd á Barnamenningarhátíð í tvígang fyrir eldri börnin í leikskólum Kópavogs. Salurinn var þéttsetinn og komust færri að en vildu. Óperan Gilitrutt er bæði aðgengileg og skemmtileg og spannar tilfinningaskalann frá hamingju og gleði til hræðslu og sorgar. Persónurnar sýna á sér fleiri hliðar en í upprunalega ævintýrinu og er sagan að auki færð til nútímans og Gilitrutt komin með snjallsíma. Myndskreytingum Heiðu Rafnsdóttur var varpað upp á meðan á sýningunni stóð.

Gilitrutt var jafnframt sýnd á opinni sýningu laugardaginn 21. apríl þegar uppskeruhátíð Barnamenningarhátíðar átti sér stað. Einnig var afrakstur verkefnis bæjarlistamannsins Sigtryggs Baldurssonar kynntur í Salnum. Verkefnið fólst í því að tónlistarmennirnir Unnsteinn Manuel Stefánsson og Hildur Kristín Stefánsdóttir kenndu grunnskólaknemum að semja tónlist á hin ýmsu forrit.

Stofnanir sviðsins Salurinn

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Salurinn bauð upp á sjö hádegistónleika og komu alls ellefu tónlistarmenn fram á tónleikunum sem voru hverjir fyrir sig hálf tímalangir. Boðið var upp á rómantíska fiðlutónlist með Guðnýju Guðmundsdóttur og Richard Simm, franska bandoneontónlist með Olivier Manoury, bökuð var súkkulaðikaka í Súkkulaðikökuóperunni með Guju Sandholt og Matthildi Önnu Gísladóttur, Steinunn Vala Pálsdóttir flutti einleiksverk á flautu, Hanna Dóra Sturladóttir sópran og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari fluttu sönglög eftir erlend og íslensk tónskáld, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari flutti fimmtu sellósvítu Bachs og Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran og Guðrún Dalía Salómondóttir píanóleikari fluttu gömul og ný íslensk jólalög. Hádegistónleikarnir eru hluti af dagskrá Menningarhúsanna sem ber heitið Menning á miðvikudögum og er opin öllum. Fastur kjarni áheyrenda mætir orðið á tónleikana og er dagskránni vel tekið og af miklu þakklæti.

Á Safnanótt var kvöldstund með bæjarlistamanni í Salnum. Þá bauð bæjarlistamaður Kópavogs, Sigtryggur Baldursson, og Jón Ólafsson til tónleika þar sem farið var yfir litríkan feril Sigtryggs.

Í nóvember bauð nýr bæjarlistamaður, Stefán Hilmarsson tónlistarmaður, eldri borgurum í Kópavogi á tónleika í Salnum sem bar heitið Söngvar að hausti – Stefán Hilmarsson syngur fyrir fólkið. Voru þeir vel sóttir og almenn ánægja tónleikagesta með framlag bæjarlistamannsins.

Menning á miðvikudögum

7/2

Grieg og Kreisler

Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Richard Simm píanóleikari flytja rómantíska tónlist eftir Edvard Grieg og Fritz Kreisler.

7/3

Frá Gardel til Monk

Franski bandaneonleikarinn Olivier Manoury leikur verk eftir Carlos Gardel, Anibal Troilo, Astor Piazzolla, Leonard Bernstein, Thelonious Monk og sjálfan sig.

4/4

Súkkulaðikökuóperan

Súkkulaðikökuópera eftir Lee Hoiby: Sjónvarpskokkurinn frægi, Julia Child, kennir áhorfendum að baka franska súkkulaðiköku. Guja Sandholt fer með hlutverk Frú Child og Matthildur Anna Gísladóttir leikur með á píanó í gómsætustu óperu tónlistarsögunnar!

9/5

Vorsól(ó)

Steinunn Vala Pálsdóttir flautuleikari flytur einleiksverkin Cassandra's Dream Song eftir Brian Ferneyhough og Solo nr. 19 eftir Karlheinz Stockhausen.

5/9

...dúr á daggarnótt

Hanna Dóra Sturludóttir mezzósópran og Snorri Sigfús Birgisson píanóleikari flytja sönglög eftir íslensk og erlend tónskáld.

MENNINGARGRUPPUNIR Í KÓPAVOGI

21/11

Lúxus myrkur

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari flytur 5. sellósvítu Johannesar Sebastians Bachs.

12/12

Gömul og ný íslensk jólalög

Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran flytur gömul og ný íslensk jólalög ásamt Guðrúnu Dalíu Salómondóttur píanóleikara.

Samstarf við LHÍ

13 útskriftartónleikar frá LHÍ voru haldnir í Salnum vorið 2018. Var þetta annað árið af þremur í samningi milli Lista- og menningarráðs Kópavogs, Salarins og Listaháskóla Íslands. Samkvæmt samningnum styrkir Lista- og menningarráð LHÍ um leigu í Salnum fyrir útskriftartónleikana og stuðlar þannig að því að framtíðartónlistarmenn kynnist Salnum og tónleikahaldi.

Samstarf við Tónlistarskóla Kópavogs

Salurinn hefur frá upphafi verið heimili Tónlistarskóla Kópavogs. TK hefur fasta æfingatíma í Salnum alla mánudaga frá kl. 15 auk þess sem nemendur skólans fá reynslu af því að koma fram á tónleikum. Eins hafa framhaldsprófstónleikar TK farið fram í Salnum. Árið 2018 voru 38 nemendatónleikar á vegum TK í salnum og þar af einir framhaldsprófstónleikar.

Tónlistarskóli Kópavogs hélt jafnframt tvö masterclass-námskeið í Salnum, annars vegar með Halldóri Haraldssyni og hins vegar Eddu Erlendsdóttur.

Nýting TK á Salnum miðast við að eiga sér stað þá daga og kvöld sem minna er um að vera í Salnum og er víkjandi fyrir starfsemi Salarins.

Skólahljómsveit Kópavogs hélt fjóra tónfundi í Salnum.

Stofnanir sviðsins Salurinn

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Almennir tónleikar

Á árinu fóru 74 viðburðir í sölu á miðasöluvef Salarins. Tónleikar með hljóðkerfi voru 38 talsins, 35 tónleikar án hljóðkerfis og einn viðburður annar en tónleikar.

Af fingrum fram með Jóni Ólafssyni hélt áfram inn í tíunda veturinn í Salnum. Gestir hans á árinu voru Jóhanna Vígdís Arnardóttir, Bragi Valdimar Skúlason, Andrea Gylfadóttir, Þórhallur Sigurðsson, Selma Björnsdóttir, Jón Jónsson, Kristján Kristjánsson og Emilíana Torrini.

Ný röð tónleika undir stjórn Sunnu Gunnlaugsdóttur, Jazz í Salnum, hóf göngu sína á haustmánuðum. Boðið var upp á þrenna tónleika þar sem framúrskarandi erlendir jazzpíanistar komu fram. Tónleikagestir fengu að hlýða á Marc Copland frá New York, Jacky Terrasson frá Frakklandi og Ítalina Alessandro Lanzoni og Giovanni Guidi.

Auk Tíbrárraðarinnar, Af fingrum fram og Jazz í Salnum var fjöldi stakra tónleika í Salnum, svo sem Söngvakeppnin Vox Domini, Við eigum samleið með Sigríði Beinteinsdóttur, Guðrúnu Gunnarsdóttur og Jogvan Hansen. Jóhanna Guðrún heiðraði Evu Cassidy á tvennum tónleikum, Kristína Bærendsen flutti Kántríperlur, Margrét Eir, Regína Ósk og Guðrún Gunnarsdóttur fluttu lög Lindu Ronstadt, Dolly Parton og Emmylou Harris, Rokkkór Íslands, Útgáfutónleikar Hildar Völu, Söngtónleikar með Kristni Sigmundssyni og Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur, Dean Martin og Frank Sinatra heiðurstónleikar, Kristín Stefánsdóttir flutti lög Burt Bacharach, Hrund Ósk flutti Callas perlur og Strauss rómantik, Strákarnir sungu Michael Bublé, Óskín mín – styrktartónleikar fyrir Einstök börn, Stefán Hilmarsson og Guðrún Gunnarsdóttir fögnuðu 50 ára afmæli Eyjaplötunnar vinsælu, danski hópurinn KOTTOS hélt tónleika, Hana nú! Ljúf stund með lögum Vilhjálms Vilhjálmssonar voru fluttir í tvígang, fernir Jólatónleikar Sætabrauðsdrengjanna, fimm Heima um jólin með Friðriki Ómari Hjörleifssyni og Jólaboð þriggja systra o.fl. Auk þessa voru jólatónleikar Rásar 1 í Salnum í desember.

Ráðstefnur og fundir

Á árinu voru fjölbreyttir viðburðir í Salnum aðrir en tónleikar. Má meðal annars nefna ráðstefnu Landbúnaðarháskóla Íslands, Icelandic startup kynningar, ráðstefnu Ferðamálastofu um tækni í ferðaþjónustu, málþing Öryrkjabandalagsins, Afmæli Allegro Suzuki tónlistarskólans, málþing Landspítalans um klíniska kennslu auk þess sem Verðlaun ljóðasamkeppni Jóns úr Vör voru afhent, undankeppni Nótunnar haldin, Söngvakeppni félagsmiðstöðva í Kópavogi, Upplestrarkeppni grunnskólanna, Páskaskemmtun Waldorfskóla, fermingar Siðmenntar, Kópurinn, afhending viðurkenningar úr sjóði Halldórs Hansens, umhverfisviðurkenning Kópavogs, kynningarfundur stefnumótunarvinnu Kópavogs, Stuttmyndahátíð Félagsmiðstöðva Kópavogs, jólagleði stjórnsýslusviðs og margt fleira.

Mynddreifikerfi og ljósabúnaður endurnýjaður

Salurinn fékk fjárveitingu fyrir endurnýjun á tæknibúnaði í fjárhagsáætlun 2018. Ráðist var í að endurnýja ljósabúnað og mynddreifikerfi sumarið 2018.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Tónleikar og viðburðir sem fóru í sölu 2018

11/1

Af fingrum fram – Hansa – Jón Ólafsson og gestir

20/1

Sálin meðal strengjanna – Tíbrá tónleikaröð – Víólan

28/1

Vox Domini 2018 – Söngvakeppni Vox Domini

1/2

Af fingrum fram – Bragi Valdimar Skúlason – Jón Ólafsson og gestir

3/2

Af fingrum fram – Bragi Valdimar Skúlason AUKATÓNLEIKAR – Jón Ólafsson og gestir

9/2

Við eigum samleið 2 – Lögin sem allir elska

10/2

Jóhanna Guðrún heiðrar Evu Cassidy – AUKATÓNLEIKAR

10/2

Jóhanna Guðrún heiðrar Evu Cassidy

11/2

On This Island – Tíbrá tónleikaröð – 20. aldar sönglög

22/2

Af fingrum fram – Andrea Gylfadóttir – Jón Ólafsson og gestir

24/2

Kristína – Kántríperlur

1/3

Trio – Guðrún Gunnars, Margrét Eir, Regína Ósk – LINDA RONSTADT, DOLLY PARTON, EMMYLOU HARRIS

2/3

Rokkkór Íslands órafmagnaður – Kröftugir rokktonleikar í órafmagnaðri stemmningu

3/3

Vorkoma – Tíbrá tónleikaröð – Ljóðatónleikar

9/3

Hildur Vala – útgáfutónleikar – sérstakir gestir Svavar Knútur, Hljómsveitin Eva og Dagur Hjartarson

10/3

Það kom söngfugl að sunnan – Kristinn Sigmundsson bassi og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari

11/3

Stríðsárasveifla með Hexagon – Tíbrá tónleikaröð – Tónlist Glenn Miller band

16/3

Draumskógur – Tíbrá tónleikaröð – dægurlög í nýjum búningi

17/3

Tónskólinn Do Re Mi – Þematónleikar: Hefðin hundsuð

25/3

Ópera fyrir tvo – Tíbrá tónleikaröð – Gissur Páll og Dísella

8/4

Sólin glitrar – Tíbrá tónleikaröð – Gullfallegir dúettar og sönglög

11/4

Karлакór Rangæinga – Vortónleikar 2018

13/4

Dean Martin & Frank Sinatra Heiðurstónleikar – Jógvan Hansen

15/4

Strauss og Beethoven – Tíbrá tónleikaröð – Kaffitónleikar

20/4

Kristín Stefánsdóttir syngur bestu lög Burt Bacharach, ásamt einvalaliði tónlistarmanna

26/4

Callas-perlur og Strauss-rómantik – Hrund Ósk og Kristinn Örn

Salurinn

Stofnanir sviðsins

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

27/4
Strákarnir syngja Michael
Bublé

3/5
15 ára afmælistónleikar
Karlakórs Kópavogs

4/5
Eyjaplatan vinsæla 50 ára! –
Stefán Hilmarsson og
Guðrún Gunnarsdóttir

5/5
15 ára afmælistónleikar
Karlakórs Kópavogs

12/5
Pétur Úlfarsson –
Kveðjutónleikar – tenór og
fiðla

13/5
Ingó Geirdal – Galdrar –
Töfrasýning

25/5
Legends – Vocal Project

27/5
Vorgaldur – Spectrum

8/8
Opnunartónleikar
Tónlistarhátíðar unga fólksins
2018

31/8
Óskin mín – Styrktartónleikar
fyrir Einstök börn

13/9
Af fingrum fram í 10 ár –
Laddi – Jón Ólafs og gestir

20/9
Tíbrá tónleikaröð – Í rökkurró
– Helena Eyjólfsdóttir með
strengjum

24/5
KOTTOS – með kraft og
tilfinningu

28/9
Guitarama 2018 – Martin
Taylor, Ulf Wakenius og Björn
Thoroddsen

30/9
Tíbrá tónleikaröð – Íslenskir
strengir – Íslenskir strengir,
Joseph Ognibene og
Þorsteinn Freyr Sigurðsson

4/10
Af fingrum fram í 10 ár –
Selma Björnsdóttir – Jón
Ólafs og gestir

5/10
Við eigum samleið – Lögin
sem allir elska

7/10
Jón Ásgeirsson 90 ára –
Heiðurstónleikar

12/10
Brautryðjendur 3 –
Einsöngsperlur og
óperusmellir

13/10
The Ultimate Guitar
Experience of the Year – The
Carvin Jones Band

14/10
Jazz í Salnum – Marc
Copland – jazzpíanisti frá
New York

17/10
Tíbrá tónleikaröð – Hvíslar
mér hlynur – Jón Ásgeirsson
níræður

19/10
Kristín Stefánsdóttir syngur
bestu lög Burt Bacharach

21/10
Hana nú! – Ljúf stund með
lögum Vilhjálms –
Aukatónleikar

21/10
Hana nú! – Ljúf stund með
lögum Vilhjálms

24/10
Guðrún Gunnars –
Útgáfutónleikar

25/10
Af fingrum fram í 10 ár – Jón
Jónsson – Jón Ólafs og
gestir

1/11
Tíbrá tónleikaröð – Tvær
konur, tvö píanó – Sunna
Gunnlaugsdóttir og Julia
Hülsmann

2/11
Danslagakeppnin á Króknum
60 ára – 60 ára afmælishátíð
skagfirsku danslaganna

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

8/11
Söngvar að hausti – Stefán
Hilmarsson syngur fyrir fólkið

15/11
Af fingrum fram í 10 ár – KK
– Jón Ólafs og gestir

16/11
Jazz í Salnum – Jacky
Terrasson

17/11
Death by Verdi – Hrund Ósk
og Hrönn Þráinsdóttir

22/11
Tíbrá tónleikaröð – Ástin og
dauðinn – Andri Björn
Róbertsson og Edwige
Herchenroder

27/11
Af fingrum fram í 10 ár –
Emilíana Torrini –
Aukatónleikar – Jón Ólafs og
gestir

28/11
Af fingrum fram í 10 ár –
Emilíana Torrini – Jón Ólafs
og gestir – Aukatónleikar

29/11
Af fingrum fram í 10 ár –
Emilíana Torrini – Jón Ólafs
og gestir

30/11
Heima um jólin 2018 – Friðrik
Ómar og gestir

1/12
Heima um jólin 2018 – Friðrik
Ómar og gestir

7/12
Heima um jólin 2018 – Friðrik
Ómar og gestir

8/12
Heima um jólin 2018 – Friðrik
Ómar og gestir

8/12
Heima um jólin 2018 – Friðrik
Ómar og gestir

9/12
Sætabrauðsdrengirnir –
jólatónleikar – Gleðilegir
jólatónleikar

10/12
Sætabrauðsdrengirnir –
jólatónleikar – Gleðilegir
jólatónleikar

11/12
Sætabrauðsdrengirnir –
jólatónleikar – Gleðilegir
jólatónleikar

12/12
Sætabrauðsdrengirnir –
jólatónleikar – Gleðilegir
jólatónleikar

15/12
Þrjár systur – Aukatónleikar
– Jólaboð

15/12
Þrjár systur – Jólaboð

16/12
Jazz í Salnum – Alessandro
Lanzoni og Giovanni Guidi

Stofnanir sviðsins Salurinn

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Starfsáætlun 2019-2020

Helstu verkefni árána 2019 og 2020 eru að halda áfram að bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá fyrir alla aldurshópa auk þess að róa á ný mið með að ná til þeirra hópa samfélagsins sem alla jafna sækja ekki tónleika eða eiga ördukt með það. Eins verður leitast við að bjóða upp á tónleika yfir sumartímann og efla samstarf við tónlistarmenn. Norrænt samstarf verður eflt og um leið boðið upp á fjölbreyttara tónlistarlandslag í Salnum. Hljóðkerfi og búnaður Salarins verður endurnýjaður, sem og framhúsbúnaður, auk þess sem áfram verður leitast við að bjóða góða og persónulega þjónustu við samstarfsaðila Salarins.

Tíbráttónleikaröð Salarins og Sumarjazz í Salnum

Tónleikaröðin Tíbrá hefur verið hryggjarstykkið í starfi Salarins nánast frá upphafi og stefnt er að því að festa röðina enn frekar í sessi á 20. starfsári Salarins 2019. Röðin mun bjóða góðan afslátt í forsölu, boðið verður upp á tónleikakynningar fyrir valda tónleika til að gefa tónleikagestum innsýn í heim tónlistarinnar og leitast verður við að ná til þjóðfélagshópa sem öllu jöfnu sækja ekki tónleika. Eins verður stefnt að því að kynna röðina fyrir ferðapjónustunni.

Skoðað verður með möguleikann á því að streyma tónleikunum til hjúkrunarheimila og þeirra sem eiga ekki heimangengt. Yrði þetta unnið í samvinnu við velferðarsvið Kópavogs og upplýsingatæknideild Kópavogsbæjar.

Sumarið 2019 verður Sumarjazzi í Salnum hrint af stað þegar boðið verður upp á samtals sex hamingjustundartónleika í forsöl Salarins í júní og ágúst. Tónleikarnir eru styrktir af Lista- og menningarráði Kópavogs og því verður hægt að bjóða frían aðgang að tónleikunum. Eru þeir liður í 20 ára afmælisdagskrá Salarins. Leitast verður við að finna leið til þess að slíkir tónleikar verði hluti af árlegri dagskrá Salarins á sumri hverju.

Salurinn er fyrir alla

Mikilvægur þáttur í fræðslu og barnastarfi Salarins er Menning fyrir alla, þar sem öllum 1.–7. bekkjum í grunnskólum Kópavogs er boðið á tónleika í Salnum. Einnig er leikskólabörnum boðið á tónleika á Barnamenningarhátíð. Áframhald verður á þessu starfi 2019 og 2020.

Skólaheimsóknirnar ásamt Fjölskyldustundum á laugardögum og Menningu á miðvikudögum einu sinni í mánuði eru mikilvægur þáttur í að kynna Salinn fyrir öllum og að allir geti notið tónlistar óháð efnahag. Fjölskyldustundir og Menning á miðvikudögum hafa verið nokkuð vel sóttir viðburðir en þó er rými fyrir fleiri gesti. Átak verður gert í samvinnu við hin Menningarhúsin til að ná sérstaklega til fjölskyldna af erlendum uppruna og að ná til þjóðfélagshópa sem ekki eru að sækja þessa viðburði eins og er.

Unnið verður að nýju verkefni í tengslum við Fjölskyldustundir á laugardögum þar sem allar stefnur tónlistar verða teknar fyrir af góðum hópi tónlistarmanna og gerðar aðgengilegar fyrir hin ýmsu aldurstig og fjölskyldur þeirra. Eins verður litið til þess að bjóða tónleika fyrir allra yngstu börnin og foreldra þeirra á sérstökum foreldramorgnum.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Nýsköpun

Undirbúningur að tónverkasjóði Salarins hefur staðið yfir undanfarið ár, verður hrint í framkvæmd árið 2019 og afrakstur hans fluttur árið 2020. Lista- og menningarráð Kópavogs veitti fjármagn í tónverkasjóðinn árið 2017 sem verður nýtt í verkefnið. Hugmyndin með sjóðnum er að stuðla að frumsköpun í tónverkagerð með því að fá tónskáld til þess að semja verk sem eru síðar frumflutt í Salnum.

Þróaðar verður áfram hugmyndir að því hvernig Salurinn getur nýst ungu tónlistarfólki, hvort heldur í tónsköpun eða við að koma tónlist sinni á framfæri. Stefnt er að því að rammi að slíku verkefni liggi fyrir í byrjun árs 2020.

PULS verkefni Norræna menningarsjóðsins

Salurinn er hluti af samstarfsneti Norræna menningarsjóðsins, PULS, árið 2019 og 2020. Salurinn hlýtur því styrk til tveggja ára til þess að bjóða norrænum tónlistarmönnum til landsins og kynna tónlist þeirra fyrir Íslendingum. Salurinn gengur um leið inn í tengslanet norrænna tónleikahaldara sem funda árlega og efla þannig samstarf milli Norðurlandanna.

Í janúar 2019 verður þremur rapp og hipp hopp tónlistarmönnum boðið að koma fram á Rapphelgi í Salnum ásamt íslenskum tónlistarmönnum. Rapphelgin er unnin í tengslum við ljóðadaga í Kópavogi og sjónum beint að tungumáli tónlistarinnar. Eins verður boðið upp á rappsmiðju fyrir börn á fjölskyldustund í aðdraganda helgarinnar.

Stofnanir sviðsins Salurinn

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Bættur aðbúnaður

Eitt af markmiðum Salarins er að bjóða upp á tónleikahald við bestu aðstæður þar sem allur aðbúnaður er til fyrirmyndar fyrir tónlistarmenn, starfsfólk og tónleikagesti. Eins og gefur að skilja er töluvert af búnaði Salarins komið til ára sinna. Á fjárhagsáætlun 2019 er gert ráð fyrir endurnýjun á hljóðkerfi og búnaði Salarins. Stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið á sumarmánuðum 2019. Einnig verður vinnuaðstaða móttökuritarara og miðasölu endurnýjuð, sem og framhúsbúnaður.

Áætlun um endurnýjun á ljósum í sal og forsöl Salarins verður unnin fyrir fjárhagsáætlun 2020, sem og góðum myndavélum til að geta streymt tónleikum og tekið þá upp.

Gott og náíð samstarf

Starfsmenn Salarins leitast við að veita samstarfsfólki Salarins, hvort heldur um er að ræða tónlistarmenn, tónleikahaldara, ráðstefnuhaldara eða tónleikagesti, góða og persónulega þjónustu.

Áfram verður unnið að farsælu samstarfi við Menningarhúsin í Kópavogi og við tónlistarmenn sem vilja koma hugmyndum sínum í framkvæmd og þurfa til þess stuðning og ramma sem Salurinn getur boðið upp á.

Tíbrá

Klassík á nýju ári

9/1
Fiðluleikarinn
Rannveig Marta Sarc og
píanóleikarinn Jane Ade
Sutarjo.

**Spænskur ljóðaleikur og
Ástarljóðavalsar**

3/2
Fjölur Ólafsson, Hanna Dóra
Sturludóttir, Hrafnhildur
Árnadóttir, Hrönn Þráinsdóttir,
Matthildur Anna Gísladóttir og
Þorsteinn Freyr Sigurðsson.

Harpa í tvívídd

3/3
Elísabet Waage og Katie
Buckley

Los Mambolitos

17/3
Alexandra Kjeld, Daníel
Helgason, Kristofer Rodrigues
Svönuson, Sigrún Kristbjörg
Jónsdóttir ásamt Hauki
Gröndal og Matthíasi
Hemstock.

Píanótrío með Trío Nordica

14/4
Tríoíð skipa Auður
Hafsteinsdóttir, Bryndís Halla
Gylfadóttir og Mona Kontra.

Fjölskyldustundir

Rappsmíðja með Sesari A
12/1

Söngstund með Regínu Ósk
9/2

**Gagnvirk tónlistarsmíðja
með meðlimum Sláturs**
9/3

Menning á miðvikudögum

Hljóðari heimur
30/1
Sólveig Thoroddsen söng og
lék á barokkhörpu

**Jóhannes horfir í íslenskan
spemil**
27/2

Flytjendur
Hallveig Rúnarsdóttir, sópran
og Hrönn Þráinsdóttir, píanó.

Söngur fiðlunnar

203
Flytjendur:
Sif Tulinius, fiðla, og Sólveig
Anna Jónsdóttir, píanó.

Tuttugustu aldar klassík

10/4
Tinna Þorsteinsdóttir, píanó.

**Langspilsspuni, söngvar og
sokkabuxur**

8/5
Flytjandi Eyjólfur Eyjólfsson

Jazz í Salnum

John Scofield

17/2
Flytjandi: John Scofield, gítar.

Rita Marcotulli

8/3
Rita Marcotulli, píanó.

Sumarjazz

Guitar Islancio

6/6
Guitar Islancio

Trío Andrésar Þórs

13/6
Andrés Þór Gunnlaugsson,
gítar,
Þorgrímur Jónsson,
kontrabassi
og Scott McLemore, trommur.

**Sigga Eyrún, Þórdís og Karl
Olgeirsson**

20/6
Sigga Eyrún, söngur,
Þórdís Gerður, selló og
Karl Olgeirsson, píanó

Trío Ómars Einarssonar

15/8
Ómar Einarsson, gítar,
Jón Rafsson, bassi og
Erik Qvick, trommur.

Mikael Máni og Marína Ósk

22/8
Mikael Máni Ásmundsson,
píanó og
Marína Ósk Þórólfsdóttir,
söngur.

Hot Eskimos

29/8
Karl Olgeirsson, píanó,
Jón Rafnsson, bassi og
Kristinn Snær Agnarsson,
trommur.

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI


Stofnanir sviðsins Salurinn

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019




Lykiltölur	Rauntölur 2016	Rauntölur 2017	Rauntölur 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Gestafjöldi	26.228	26.550	28.767	29.200	31.700
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	2.845	1.900	2.980	1.000	2.900
Fjöldi viðburða	264	270	284	271	299
Tíbrá	5	16	13	10	10
Almennir tónleikar	44	60	55	57	60
Fyrirtækjatónleikar (Tónl. án miðasölu)	16	4	14	15	16
Ráðstefnur og fundir	26	29	19	20	30
Sameiginleg dagskrá menningarhúsanna					
Menning á miðvikudögum	4	5	7	7	8
Fjölskyldustundir	4	9	8	8	8
Menning fyrir alla	15	7	11	4	11
Annað		1	6	4	4
Útskriftartónleikar	13	14	14	8	8
Tónlistarskóli Kópavogs					
Nemendatónleikar TK	45	43	37	40	40
Æfingar TK	35	22	28	30	30
Upptökur	15	4	7	8	9
Æfingar	28	56	65	60	65

Tekjur Áætlun 2019



- A 64% Almennir tónleikar
- B 17% Ráðstefnur og fundir
- C 14% Veitingasala
- D 3% Styrkir


Gjöld Áætlun 2019



- A 56% Laun og lt. gjöld
- B 3% Auglýsingakostnaður
- C 40% Annar rekstarkostnaður

MENNINGARHÚSIN Í KÓPAVOGI

Fjárhagsáætlun 2019



- A 11% Útvarpsauglýsingar
- B 6% Samfélagsmiðlar
- C 33% Blaðaauglýsingar, netmiðlar
- D 16% Auglýsingaskjái
- E 17% Bæklingar og veggspjöld
- F 16% Hönnun

Salurinn

Stofnanir sviðsins

ÁRSSKÝRSLA 2018 OG STARFSÁÆTLUN 2019

Fjármál 2019 Frumvarp 2019 (i þús.kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	36.256
----------------	--------

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	47.517
--------------------------	--------

Auglýsingakostnaður	2.831
---------------------	-------

Annar rekstrarkostnaður	33.914
-------------------------	--------

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða	-48.006
--------------------	---------

Starfsmannafjöldi 2018

Heildarfjöldi starfsmanna	7
---------------------------	---

Fjöldi stöðugilda	3,0
-------------------	-----

menningarhusin.kopavogur.is

bokasafn.kopavogur.is

gerdarsafn.kopavogur.is

heradsskjalasafn.kopavogur.is

natkop.kopavogur.is

salurinn.kopavogur.is